

Stjórnartíðindi

2004 - B-deild - B33-36

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Minniháttar galli á bls. 655.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 33-36

Nr. 231-267

2004

Efnisyfirlit B 33–36 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
231	4. mars	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020, iðnaðarsvæði á Reykjanesi	653
232	4. mars	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, iðnaðarsvæði á Reykjanesi	653-654
233	8. mars	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi á Akranesi	655
234	8. mars	Reglugerð um humarveiðar	655-658
235	11. mars	Auglýsing um bann við innflutningi frá Kanada vegna hænsnapestar (Avian Influenza)	658
236	12. mars	Reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 705/2003 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti	659
237	5. mars	Reglur um fjárhagsaðstoð hjá Rangárfingi ytra	660-669
238	2. jan.	Reglur Félagsþjónustu Kópavogs um fjárhagsaðstoð	669-677
239	25. feb.	Reglur um meistaranám við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands	677-680
240	25. feb.	Reglur um diplománám á meistarastigi við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands	681-684
241	1. mars	Reglugerð um val, geymslu og meðferð lyfja á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum	684-688
242	27. feb.	Samþykkt um hundahald á Blönduósi	688-690
243	4. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 470/1991, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til sendimanna erlendra ríkja, með síðari breytingum	690
244	5. mars	Reglugerð um heimildir fyrirtækja sem tengjast fjármála-sviði og dótturfélaga lánastofnana með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, til að stunda fjármálastarfsemi hér á landi	691-692
245	2. mars	Auglýsing um deiliskipulag í sveitarfélaginu Helgafellssveit	692
246	2. mars	Auglýsing um verklagsreglur Orkuráðs við meðferð láns- og styrkumsókna úr Orkusjóði	693-695
247	1. mars	Auglýsing um deiliskipulög í Sveitarfélaginu Árborg	695
248	20. jan.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Grýtubakkahreppi	696
249	5. mars	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar á Reyðarfirði í Fjarðabyggð	696
250	8. mars	Auglýsing staðfestingar á breytingu á skipulagsskrá fyrir Hjálparstarf kirkjunnar nr. 327 12. janúar 1999	697
251	9. mars	Auglýsing um deiliskipulag á Grenivík vegna Lækjarvalla....	698
252	4. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 327/2003, um endurgreiðslu almenns og sérstaks vörugjalds af bensíni til sendimanna erlendra ríkja	698
253	25. feb.	Reglur um breytingu á reglum nr. 952/2002, um framhaldsnám við heimspekideild Háskóla Íslands	699
254	4. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 264/1971 um raforkuvirki, með áorðnum breytingum	699-700

STJÓRNARTÍÐINDI B 33 – 2004

4. mars 2004

653

Nr. 231

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020, iðnaðarsvæði á Reykjanesi.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. mars 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020 frá 17. desember 2002.

Breytingin felst í minnkun á iðnaðarsvæði á Reykjanesi.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 4. mars 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

4. mars 2004

Nr. 232

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, iðnaðarsvæði á Reykjanesi.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. mars 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 frá 28. mars 1996.

Breytingin felst í minnkun á iðnaðarsvæði á Reykjanesi.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 4. mars 2004.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 34 – 2004

8. mars 2004

655

Nr. 233

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Breiðarsvæðis, lóð HB.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 25. nóvember 2003, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Breiðarsvæðis, lóð HB, Akranesi.

Breytingin nær til svæðis merkt HB hf. í deiliskipulagi Breiðarsvæðis og er tilgangurinn að afmarka lóðirnar á reitnum. Sett er kvöð um umferð á einstakar lóðir til að tryggja aðgengi og austurmörk svæðisins eru samræmd gagnvart aðliggjandi hafnarskipulagi.

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaganna nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 8. mars 2004.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, skipulagsfulltrúi Akraness.

8. mars 2004

Nr. 234

REGLUGERÐ

um humarveiðar.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða með humarvörpu.

Humarveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eru aðeins heimilar fiskiskipum sem eru 300 brl. og minni enda séu þau búin 740 kílówatta aðalvél eða minni.

Heimild til veiða er bundin því skilyrði að fiskiskip hafi aflamark í humri.

2. gr.

Aðeins er fiskiskipum, sbr. 1. gr. heimilt að stunda humarveiðar á tímabilinu 15. mars til 30. september á eftirgreindum svæðum:

Svæði 1: Lónsdýpi

1. 64° 13'00 N – 14° 22'00 V
2. 63° 56'00 N – 13° 58'00 V
3. 63° 52'00 N – 14° 12'00 V
4. 64° 12'00 N – 14° 46'00 V
5. 64° 15'00 N – 14° 37'00 V

Svæði 2: Hornafjarðardýpi

1. 63° 59'00 N – 14° 55'00 V
2. 63° 40'00 N – 14° 36'00 V
3. 63° 38'00 N – 14° 52'00 V
4. 64° 02'00 N – 15° 27'00 V
5. 64° 04'00 N – 15° 19'00 V

Svæði 3: Breiðamerkurdýpi

1. 64° 02'00 N – 16° 04'00 V
2. 63° 50'00 N – 15° 40'00 V
3. 63° 33'00 N – 15° 27'00 V
4. 63° 29'00 N – 15° 42'00 V
5. 63° 54'00 N – 16° 21'00 V
6. 63° 56'00 N – 16° 17'00 V

Svæði 4: Meðallandsbugur

1. 63° 46'00 N – 16° 45'00 V
2. 63° 21'00 N – 16° 42'00 V
3. 63° 17'00 N – 16° 56'00 V
4. 63° 16'00 N – 17° 09'00 V
5. 63° 30'00 N – 17° 30'00 V
6. 63° 31'00 N – 17° 46'00 V
7. 63° 39'00 N – 17° 40'00 V
8. 63° 44'00 N – 17° 17'00 V

Svæði 5: Eyjasvæði

1. 63° 28'00 N – 19° 50'00 V
2. 63° 23'00 N – 19° 38'00 V
3. 63° 19'00 N – 19° 43'00 V
4. 63° 09'00 N – 20° 21'00 V
5. 63° 08'00 N – 21° 00'00 V
6. 63° 14'00 N – 21° 37'00 V
7. 63° 12'00 N – 21° 54'00 V
8. 63° 34'00 N – 21° 58'00 V
9. 63° 33'00 N – 21° 41'00 V
10. 63° 26'00 N – 20° 47'00 V

11. 63° 21'00 N – 20° 49'00 V
12. 63° 17'00 N – 20° 36'00 V
13. 63° 20'00 N – 20° 17'00 V
14. 63° 24'00 N – 20° 13'00 V
15. 63° 28'00 N – 20° 00'00 V

Svæði 6: Grindavíkursvæði

1. 63° 47'00 N – 21° 42'00 V
2. 63° 42'00 N – 21° 30'00 V
3. 63° 36'00 N – 21° 58'00 V
4. 63° 37'00 N – 22° 19'00 V
5. 63° 25'00 N – 22° 28'00 V
6. 63° 29'00 N – 22° 48'00 V
7. 63° 31'00 N – 23° 08'00 V
8. 63° 24'00 N – 23° 20'00 V
9. 63° 22'00 N – 23° 37'00 V
10. 63° 20'00 N – 23° 41'00 V
11. 63° 22'00 N – 23° 58'00 V
12. 63° 34'00 N – 23° 35'00 V
13. 63° 34'00 N – 23° 26'00 V
14. 63° 40'00 N – 23° 16'00 V
15. 63° 47'00 N – 22° 47'00 V
16. 63° 45'00 N – 22° 36'00 V
17. 63° 45'00 N – 22° 14'00 V

Svæði 7: Eldeyjarsvæði

1. 64° 04'00 N – 22° 58'00 V
2. 63° 56'00 N – 22° 59'00 V
3. 63° 50'00 N – 22° 49'00 V
4. 63° 45'00 N – 23° 01'00 V
5. 63° 43'00 N – 23° 15'00 V
6. 63° 37'00 N – 23° 31'00 V
7. 63° 27'00 N – 23° 55'00 V
8. 63° 29'00 N – 24° 00'00 V
9. 64° 09'00 N – 23° 35'00 V

Svæði 8: Jökuldýpi

1. 64° 37'00 N – 23° 11'00 V
2. 64° 25'00 N – 22° 54'00 V
3. 64° 18'00 N – 23° 19'00 V
4. 64° 22'00 N – 23° 32'00 V
5. 64° 33'00 N – 23° 58'00 V
6. 64° 39'00 N – 23° 36'00 V

3. gr.

Slitinn humar 6–10 g að þyngd og óslitinn 20–33 g að þyngd, telst ekki með til aflamarks, enda fari hlutfall þess stærðarflokks ekki yfir 10% af humarafla skipsins í veiðiferð.

Löggiltur vigtarmaður staðfesti á vigtarnótu magn og hlutfall slitins og óslitins humars í ofangreindum stærðarflokki í afla hverrar veiðiferðar. Liggi slík staðfesting ekki fyrir telst humarinn að fullu metinn til aflamarks.

Þegar umreikna skal slitinn humar yfir í óslitinn skal margfalda vegið magn humarhala með 3,25. Þegar umreikna skal óslitinn humar yfir í slitinn skal deila í vegið magn óslitins humars með 3,25.

4. gr.

Lágmarksmöskvastærð í netþaki humarvörpu skal vera 135 mm en 80 mm í öðrum hlutum vörpunnar. Auk þess er skylt að hafa tvö ferhyrnd netstykki á legg úr a.m.k. 200 mm riðli á efra byrði belgs vörpunnar. Fremra netstykkið skal vera a.m.k. 4 m að lengd og skal því komið fyrir fremst á efra byrði vörpunnar fyrir aftan netþak. Afturhorn netstykkisins skal festa ekki fjær hliðarleisum en nemur 20 möskvum. Aftara netstykkið skal vera a.m.k. 2 m að lengd og skal það staðsett u.þ.b. 2 m aftan við aftari rönd fremra netstykkisins. Afturhorn netstykkisins skal festa ekki fjær hliðarleisum en nemur 20 möskvum. Netstykki þessi skulu fest þannig að hver leggur stykkisins sé festur á móti 5 upptökum efra byrðisins.

Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum eða umbúnaði af nokkru tagi til þess að koma í veg fyrir rennsli afla aftur í poka eða net eða annað til þéttingar poka að aftan. Þó er heimilt að festa undir pokann net, allt að 9 m að lengd, með 135 mm möskvastærð til þess að koma í veg fyrir slit.

5. gr.

Á humarveiðum skal óheimilt að hafa önnur veiðarfæri en humarvörpur um borð í veiðiskipinu. Óheimilt er að stunda botnfiskveiðar með humarvörpu.

6. gr.

Skylt er að hirða allan humar og fiskafla, sem fiskiskip fær í humarvörpu og reiknast fiskafli til botnfiskaflamarks skipsins. Skal botnfiski haldið aðgreindum eftir tegundum og hann veginn á löndunarstað skv. ákvæðum reglugerðar nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla.

Óheimilt er að frysta humar um borð í veiðiskipi.

7. gr.

Heimilt er hverju skipi að flytja allt að 20% af aflamarki sínu í humri frá yfirstandandi fiskveiðifári til þess næsta. Varðandi framsal aflamarks vísast til 12. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

8. gr.

Skipstjórum er skylt að halda afladagbækur, sem Fiskistofa leggur til, sbr. reglugerð nr. 303/1999, um afladagbækur.

9. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Fiskistofa skal svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fyrir brot gegn reglugerð þessari, sbr. lög nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar til þess að öðlast gildi 15. mars 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 278, 26. mars 2002, um humarveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. mars 2004.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Kanada vegna hæsnapestar (Avian Influenza).

1. gr.

Með vísan til þess að upp hefur komið hæsnapest í Kanada, en hæsnapest er skæður fuglasjúkdómur sem dreifst getur með milliríkjaviðskiptum, er sett bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Kanada.

2. gr.

1. gr. á þó ekki við um afurðir fugla sem slátrað var fyrir 17. febrúar 2004.

3. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 6. apríl 2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. mars 2004.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 35 – 2004

12. mars 2004

659

Nr. 236

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 705/2003 um úthlutun
á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á rauðkáli og hvítkáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
0704.9001	Hvítkál	22.03.04-30.06.04	ótilgr.	0	0
0704.9002	Rauðkál	15.03.04-30.06.04	ótilgr.	0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 12. mars 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

REGLUR

um fjárhagsaðstoð hjá Rangárpingi ytra.

I. KAFLI

Almenn atriði.

1. gr.

Inntak fjárhagsaðstoðar.

Skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, sbr. og III. kafla reglna þessara.

Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, m.a. vegna heimilisstofnunar, náms eða óvæntra áfalla, sbr. IV. kafla reglna þessara.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, sbr. og 17. og 18. gr. þessara reglna.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, svo og skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um námsstyrki.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsmálanefndar, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.¹

2. gr.

Framfærsluskylda.

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Fólk sem er í skráðri sambúð í þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

3. gr.

Lækkun grunnfjárhæðar.²

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa er félagsmálanefnd heimilt að greiða lægri fjárhæð eða allt að helming viðmiðunartölu grunnfjárhæðar til framfærslu sem tilgreind er í III. kafla reglna þessara þann mánuð sem hann hafnar vinnu svo og mánuðinn þar á eftir.

¹ Við mat á fjárbörf umsækjanda getur umfangsmikil þekking á félagslegum réttindum hjá starfsmönnum félagsmálanefndar reynst nauðsynleg. Í 18. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er kveðið á um að félagsmálanefndir skuli leitast við að hafa á að skipa menntuðu fólki í félagsráðgjöf eða á hliðstæðu sviði til að annast félagslega ráðgjöf.

² Heimild til að skerða grunnfjárhæðina hjá þeim sem hafnar vinnu eða hefur sagt starfi sínu lausu byggir á því að umsækjandi hafi ekki sýnt fram á, á sannfærandi hátt, að hann hafi leitast við að framfæra sjálfan sig, sbr. 2. gr. Hjá þeim sem er atvinnulaus en framvísar hvorki skráningarskírteini né dagpeningavottorði byggir heimildin á því að hann hafi ekki kannað að fullu rétt sinn til annarra greiðslna, sbr. 4. mgr. 1. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sveitarfélögin setji sér lágmarksfjárhæð vegna þessara tilvika.

Sama á við atvinnulausan umsækjanda sem ekki framvísar skráningarskírteini eða dagpeningavottorði frá svæðisvinnumiðlun án viðhlítandi skýringa.

4. gr.

Réttur fylgir lögheimili.³

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Þurfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þess. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn, sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Skyndiaðstoð hjá Rangárþingi ytra skal ekki vera hærri en sem nemur helmingi grunnfjárhæðar.

5. gr.

Form fjárhagsaðstoðar.

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð er einungis veitt sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna, sbr. 25. og 26. gr. þessara reglna, sbr. og 22. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Lán eru vaxtalaus.⁴

6. gr.

Tímabil samþykkis hverju sinni.

Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjá mánuði. Þegar umsækjandi fær jafnframt bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og ljóst er að aðstæður hans muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð í sex mánuði í senn. Aðstæður þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en sex mánuði skulu kannaðar sérstaklega, félagsleg ráðgjöf veitt í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og máli vísað til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna ef við á.

Í undantekningartilvikum er heimilt að veita fjárhagsaðstoð vikulega vegna sérstakra aðstæðna.

7. gr.

Fjárhagsaðstoð aftur í tímann.

Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því umsókn er lögð fram, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.⁵

³ Lögheimili manns er sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu, sbr. 1. mgr. 1. gr. lögheimilislaga, nr. 21/1990. Telji starfsmaður dvöl umsækjanda í sveitarfélaginu, sem skráður er þar með lögheimili, ekki ígildi fastrar búsetu, sbr. ákvæði lögheimilislaga, skal tekin ákvörðun um hvort málið verði sent *manntalsskrifstofu sveitarfélagsins* til nánari athugunar.

⁴ Lagt er til að lánin séu vaxtalaus. Er það gert til að einfalda frágang mála og í ljósi þess að þeir sem fá lán hjá félagsþjónustunni eru íðulega lágtekjufólk.

⁵ Vakin er athygli á þjónustu Ráðgjafarstofu heimilanna sem þjónar öllu landinu. Félagsmálanefnd eða starfsmenn hennar geta ákveðið að beina umsækjanda til stofunnar samhliða því að taka málið til umfjöllunar og afgreiðslu. Ákvörðun um að beina umsækjanda til stofunnar má ekki að tefja mat á fjárþörf umsækjanda og getur reynst nauðsynlegt að veita aðstoð án tafar. Niðurstaða Ráðgjafarstofunnar yrði síðan höfð til hliðsjónar við ákvörðun um framhaldsaðstoð og leiðbeiningar.

II. KAFLI

Umsókn um fjárhagsaðstoð.

8. gr.

Umsókn og fylgigögn.

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá félagsþjónustunni í lögheimilissveitarfélagi umsækjanda. Í neyðartilfellum er heimilt að leggja umsókn fram í dvalarsveitarfélagi, sbr. 4. gr.

Umsókn skal undirrituð á sérstök umsóknareyðublöð, þar sem fram komi upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri og nákvæmar upplýsingar um tekjur og eignir. Umsókn skal fylgja staðfest skattframtal vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum, atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarféлага eða öðrum aðilum.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa skráningarskráteini frá vinnumiðlun er staðfestir atvinnuleysi hans. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa dagpeningavottorði. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði. Hafi hann ekki skráð sig hjá vinnumiðlun, án viðhlítandi skýringa, hefur það áhrif á fjárhæð, sbr. 3. gr. þessara reglna.

9. gr.

Upplýsingar um tekjur og fjárhag umsækjanda.

Félagsmálanefnd getur, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, m.a. hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum og atvinnuleysistryggingasjóði. Skal það gert í samráði við umsækjanda. Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka stöðvast afgreiðsla umsóknar hans.

Skylt er að veita félagsmálanefnd eða starfsmönnum hennar upplýsingar úr skattframtölum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar. Sama gildir um upplýsingar úr skattframtölum lögskylds framfæranda, enda hafi umsækjandi veitt félagsmálanefnd og/eða starfsmönnum umboð til að afla þessara upplýsinga, sbr. 24. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

III. KAFLI

Réttur til fjárhagsaðstoðar.**Mat á fjárbörf og útreikningur fjárhagsaðstoðar.**

10. gr.

Mat á fjárbörf.

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárbörf til framfærslu, sbr. 11. gr., lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur, sbr. 12. gr.

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar.

11. gr.

*Grunnfjárhæð.**Framfærsla barna ekki talin með.*

Fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri getur numið allt að 77.083 kr.⁶ á mánuði, hér eftir nefnd *grunnfjárhæð*. Við ákvörðun *grunnfjárhæðar* eru greiðslur almannatrygginga

⁶ Fjárhæðir eftirtalinna bótaflokka almannatrygginga janúar 2003: Örorkulífeyrir (20.630 kr.), tekjutrygging örorkulífeyrisþega (39.493 kr.) og óskert heimilissuppbót (16.960 kr.), samtals 77.083 kr.

á hverjum tíma hafðar til hliðsjónar, sem nema samanlagðri mánaðargreiðslu örorkulífeyris, tekjutryggingar örorkulífeyrisþega og heimilisuppbótar.

Fjárhagsaðstoð til hjóna og fólks í skráðri sambúð getur numið allt að 123.333 kr. á mánuði (77.083 kr. x 1,6). Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur skal tekið tillit til skerðingarinnar að fullu við mat á fjárþörf⁷.

12. gr.

Tekjur umsækjanda.

Framfærsla barna ekki talin með.

Allar tekjur umsækjanda og maka ef við á, í þeim mánuði er sótt er um og mánuðinum á undan, eru taldar með við mat á fjárþörf. Með tekjum er hér átt við allar tekjur og greiðslur til umsækjanda og maka,⁸ þ.e. atvinnutekjur, allar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins nema umönnunarbætur, greiðslur úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarféлага, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s.frv. og koma þær til frádráttar. Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Greiðslur vegna barna teljast ekki til tekna enda ekki reiknað með framfærslukostnaði vegna þeirra við mat á fjárþörf. Barnabætur skal þó kanna sérstaklega, sbr. 2. mgr. 11. gr. þessara reglna.

Húsaleigu- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnaðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsaleigubóta, en einnig er gert ráð fyrir honum í *grunnfjárhæð*.

13. gr.

Greiðslur meðlags.

Þegar tekjur umsækjanda eru við eða lægri en *grunnfjárhæðin* skal taka tillit til meðlagsgreiðslna með barni eða börnum sem umsækjandi hefur greitt með reglulega fram að þeim tíma að hann fær fjárhagsaðstoð. Hækkar fjárhagsaðstoðin sem nemur einu meðlagi eins og það er á hverjum tíma með hverju barni. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi staðið í skilum með meðlag a.m.k. undanfarna þrjú mánuði. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir.

Sérákvæði.

14. gr.

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hafa lægri tekjur en sem nemur *grunnfjárhæð*, eiga tímabundið rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að þeir hafi stöðvað atvinnurekstur og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, sbr. og 4. mgr. 1. gr. reglna þessara.⁹

⁷ Þar sem barnabætur eru greiddar eftir á geta komið upp tilvik þar sem foreldri fær ekki barnabætur vegna tekna frá fyrra ári. Er talið eðlilegt við mat á fjárþörf að taka tillit til þessa.

⁸ Hér er átt við tekjur í skilningi laga um tekju- og eignarskatt, nr. 75/1981.

⁹ Í þeim tilgangi að gefa fólki svigrúm gætu sveitarfélögin ákveðið að fella inn í þessa grein ákvæði um að gera ekki kröfu um að atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar hafi stöðvað rekstur fyrsta mánuðinn sem sótt er um aðstoð. Í þeim tilvikum yrði umsækjanda skylt að leggja fram skattframtal og leitast yrði við að afla rekstrar- og efnahagsreiknings, uppfærðs til næstu mánaðamóta fyrir umsóknardag, sé um bókhaldsskyldan rekstur að ræða.

Sé umsækjandi sjálfstætt starfandi í hlutastarfi með tekjur undir *grunnfjárhæð* skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá vinnumiðlun og leiti að fullu starfi.

15. gr.

Mat á tekjum bænda.

Stundi umsækjandi búrekstur skal mat á tekjum byggt á skattframtali síðasta árs vegna umsókna, sem berast fyrir 1. júlí, en með umsóknum sem berast síðar skal einnig fylgja rekstrar- og efnahagsyfirlit uppfært til 30. júní sl. Þá liggi einnig fyrir greiðslumark búsins, breytingar á bústofni, yfirlit yfir eignir og skuldir aðrar en þær er tengjast viðkomandi rekstri, auk tekna utan bús undanfarna tvo mánuði. Fjárförf skal miða við grunnfjárförf, sbr. 10. gr.

16. gr.

Námsmenn.

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna geta að öðru jöfnu ekki sótt um fjárhagsaðstoð. Sama á við um maka eða sambylismann námsmanns, enda sé gert ráð fyrir framfærslu maka við útreikning námslána.

IV. KAFLI

Heimildir vegna sérstakra aðstæðna.

17. gr.

Aðstoð til tekjulágra foreldra vegna barna á þeirra framfæri.¹⁰

Heimilt er að veita foreldrum, sem hafa haft tekjur undanfarna fjóra mánuði sem eru við eða lægri en *grunnfjárhæðin*, sérstaka fjárhagsaðstoð. Um er að ræða aðstoð til að greiða fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, lengdan skóladag, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómsundastarfi. Hámark aðstoðar með hverju barni eru 10.000 kr. á mánuði.

Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Hér er átt við foreldra sem hafa haft tekjur á eða undir *grunnfjárhæð* undanfarna 12 mánuði eða lengur. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað, skólagjöld og ferðakostnað til og frá skóla.

18. gr.

Námskostnaður barna í skóla fjarri heimabyggð.

Heimilt er að taka sérstakt tillit til námskostnaðar barna tekjulágra foreldra sem ekki geta sótt framhaldsskóla í heimabyggð. Við mat á fjárförf skal taka mið af aðstæðum fjölskyldu, m.a. fjárhag hennar og fjarlægð skóla frá heimili. Skilyrði fyrir aðstoð vegna náms barna fjarri heimabyggð er að sótt hafi verið um námsstyrk samkvæmt lögum um námstyrki sem samþykkt voru á Alþingi 14. mars 2003¹¹ og fjárförf síðan metin að teknu tilliti til námsstyrksins.

19. gr.

Námsstyrkir.

Námsstyrki er heimilt að veita í eftirfarandi tilvikum og aðstoðin miðast við *grunnfjárhæð* ásamt skólagjöldum og bókakostnaði:

¹⁰ Átt er við aðstoð til heimila þar sem börnin búa hjá foreldrum eða foreldri sínu.

¹¹ Þessi lög tóku gildi 1. júlí 2003 og fjalla um námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum. Styrkimir eru eftirfarandi, sbr. 3. gr.: Dvalarstyrkur, sem samanstendur af ferðastyrk, fæðisstyrk og húsnæðisstyrk, skólaakstursstyrkur og sérstakir styrkir. Námsstyrkjanefnd auglýsir eftir umsóknum um styrki fyrir vor- og haustönn og úthlutar styrkjum. Menntamálaráðherra setur reglugerð um ákvæði laganna þar sem mælt er fyrir um frest til að skila umsóknum o.fl.

- a) til einstaklinga 18-24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla vegna fjárhagslegra og/eða félagslegra erfiðleika,
- b) til einstæðra foreldra 18-24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og hafa haft atvinnutekjur undir einni milljón kr. undanfarna tólf mánuði,
- c) til einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir eða þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur og hafa ekki lokið grunnnámi sem gefur rétt á námsláni.

Starfsmaður skal meta námsframvindu í hverju tilviki miðað við aðstæður hvers og eins. Nemandi skal leggja fram yfirlit yfir skólasókn mánaðarlega og einkunnir í annarlok. Miðað skal við að námið leiði til þess að nemandi geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Lána-sjóði íslenskra námsmanna.

Ákvarðanir um námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn og er heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu.

20. gr.

Styrkur vegna húsbúnaðar.

Fjárhagsaðstoð til kaupa á húsbúnaði er heimil í eftirfarandi tilvikum:

- a) til einstaklings, sem hefur lægri tekjur en sem nema *grunnfjárhæð*, er eignalaus og er að stofna heimili eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun,
- b) til ungs fólks á aldrinum 18-24 ára, sem er eignalaust, með tekjur við eða undir *grunnfjárhæð*, hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn,
- c) til ungra foreldra á aldrinum 18-24 ára, sem eru eignalausir, hafa átt í miklum félagslegum erfiðleikum og eru að stofna heimili í fyrsta sinn.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru að hámarki 100.000 kr. nema þegar einstaklingur er að flytjast á sambýli, þá eru mörkin 40.000 kr.

Húsbúnaðarstyrkir greiðast einu sinni.

21. gr.

Greiðsla sérfræðiaðstoðar.

I. Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga til einstaklinga sem hafa tekjur við eða undir *grunnfjárhæð* og fullnægja a.m.k. einu eftirfarandi skilyrða:

- a) hafa átt við langvarandi atvinnuleysi¹² að stríða eða verið tekjulausir undanfarna sex mánuði eða lengur,
- b) eru lífeyrisþegar¹³,
- c) hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu til lengri tíma.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru að hámarki 50.000 kr. á ári.

Kostnaðaráætlun tannlæknis skal fylgja með umsókn.

II. Heimilt er að veita einstaklingum í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá félagsráðgjöfum, geðlæknum og sálfræðingum, sem liður í umfangsmeiri aðstoð:

- a) einstaklingum á aldrinum 18–24 ára, sem alist hafa upp við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika,
- b) einstaklingum sem hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða,

¹² Með langvarandi atvinnuleysi er átt við atvinnuleysi sem varað hefur í sex mánuði eða lengur.

¹³ Athygli er vakin á rétti til eftirfarandi greiðslna vegna tannlækninga, skv. 4. lið 2. mgr. 37. gr. laga um almannatrygginga, nr. 117/1993: Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta fullrar tekjutryggingar, 75% kostnaðar, en 50% kostnaðar sé tekjutrygging skert, þó er ekki greitt fyrir gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótæga í allt að 100% eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

- c) einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru að hámarki 55.000 kr. á ári.

22. gr.

Útfararstyrkir.

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið getur ekki staðið undir útför hins látna. Viðmiðunarmörk eru að hámarki 160.000 kr.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk: Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna, launaseðlar og greiðslufirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum, staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks, tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

Heimilt er að veita tekjulágu foreldri eða foreldrum fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar barns.

Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar.

23. gr.

Öryggishnappur.

Heimilt er að veita lífeyrisþegum fjárhagsaðstoð vegna öryggishnapps. Skilyrði er að umsækjendur hafi einungis tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins eða tekjur nái ekki *grunnfjárhæð* og þeir þurfi samkvæmt læknisvottorði öryggishnapp til að geta búið heima.

Styrkurinn nemi að hámarki hlut umsækjanda í stofnkostnaði sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir ekki.¹⁴

24. gr.

Áfallaáðstoð.

Heimilt er að veita tekjulágum einstaklingum eða fjölskyldum fjárhagsaðstoð í eftirfarandi tilvikum:

- a) vegna skyndilegs missis búslóðar eða annars eignamissis sem orðið hefur vegna bruna, skriðufalla, snjóflóða eða annarra hamfara. Aðstoðin kemur einungis til álita þegar tjónþoli hefur ekki haft heimilistryggingu eða aðra tryggingu sem bætir tjónið,
- b) þegar rýma þarf íbúð af heilbrigðisástæðum er heimilt að veita aðstoð til kaupa á búslóð.

Hámark aðstoðar eru 100.000 kr.

¹⁴ Mikilvægt er að réttur til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins hafi verið kannaður til hlítar.

25. gr.

Styrkur eða lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu.

Heimilt er að veita þeim sem hafa haft tekjur við eða undir *grunnfjárhæð* í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan lán eða styrk til fyrirframgreiðslu húsaleigu. Þinglýstur húsaleigusamningur skal liggja fyrir eða önnur staðfesting um að samningur eigi við rök að styðjast.¹⁵ Miða skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum markaði. Hámark láns er 300.000 kr.

26. gr.

Aðstoð vegna sérstakra fjárhagserfiðleika.

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki lán eða styrk vegna sérstakra fjárhagserfiðleika, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a) staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánafyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana,
- b) fyrir liggja yfirlit starfsmanns félagsþjónustunnar eða Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna um fjárhagsstöðu umsækjanda,
- c) fyrir liggja á hvern hátt lán eða styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra.

Styrkur kemur einungis til álita hafi umsækjandi haft tekjur á eða undir *grunnfjárhæð* undanfarandi sex mánuði eða lengur.

Lán skal ekki veitt ef ljóst er að umsækjandi muni ekki geta staðið undir afborgunum af því.

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð vegna greiðsluerfiðleika og til kaupa á nauðsynjum, svo sem gleraugum, fatnaði, heymartækjum og öðrum hjálpartækjum sem Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í að greiða.

27. gr.

Um fjárhagsaðstoð sem veitt er í formi láns.

Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð í formi láns er að umsækjandi notfæri sér greiðsluþjónustu banka eða sparisjóða, enda liggja fyrir mat á endurgreiðslugetu umsækjanda.¹⁶

Ef veita á fjárhagsaðstoð sem lán og fyrir liggur að umsækjandi er þegar með eldra lán hjá félagsþjónustunni skal gera eldra lánið upp eða sameina það nýrri lánveitingu áður en nýtt lán er veitt.

V. KAFLI

Málsmeðferð**sbr. ákvæði stjórnisýslulaga, nr. 37/1993, og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.**

28. gr.

Könnun á aðstæðum.

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef félagsmálanefnd berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

¹⁵ Þinglýstur samningur getur e.t.v. ekki legið fyrir fyrr en fyrirframgreiðsla hefur verið greidd.

¹⁶ Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna, sem er til húsa að Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, veitir heimilum um allt land ráðgjöf og metur fjárhag og endurgreiðslugetu einstaklinga og fjölskyldna. Það gera greiðsluþjónustur bankanna einnig.

Félagsmálanefnd skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

29. gr.

Samvinna við umsækjanda.

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti talsmann hans ef við á.

30. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum.

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn og fulltrúar í félagsmálanefnd kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

31. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda.

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið félagsþjónustunnar, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

32. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar.

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

33. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar.

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur félagsþjónustan endurkrafið viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

34. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum.

Félagsmálastjóra er heimilt að afgreiða fjárhagsaðstoð skv. almennum ákvæðum reglnanna. Skál hann kynna umsækjanda niðurstöður tryggilega. Afgreiðslum félagsmálastjóra má skjóta til félagsmálanefndar. Öll heimildarákvæði og vafaatriði ber að leggja fyrir félagsmálanefnd. Kjósi aðilar að koma fram undir kennitölu frekar en nafni skal það virt. Umsækjandi hefur að öðru jöfnu fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til félagsmálanefndar frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálanefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun félagsmálanefndar skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

35. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.¹⁷ Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.

36. gr.

Hámarksfjárhæðir í IV. kafla um heimildir skulu taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá og með nóvember 2003.

Reglur þessar¹⁸ voru samþykktar í félagsmálanefnd Rangárþings ytra og staðfestar af hreppsnefnd Rangárþings ytra þann 3. nóvember 2003, til reynslu til ársloka 2004 í samræmi við 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálanefnd ákveður fyrir árslok 2004 hvort tilefni er til endurskoðunar á reglum þessum, annars gilda þær þar til annað verður ákveðið.

Hellu, 5. mars 2004.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra.

¹⁷ Úrskurðarnefnd félagsþjónustu hefur aðsetur í félagsmálaráðuneyti, Hafnarhúsi v/Tryggvagötu.

¹⁸ Hér er átt við þær reglur um fjárhagsaðstoð sem sveitarstjórn eða sveitarstjórnir hafa samþykkt að félagsmálanefnd noti við ákvörðun á fjárhagsaðstoð.

REGLUR

Félagsþjónustu Kópavogs um fjárhagsaðstoð.

I. KAFLI

Markmið, skilgreiningar og ábyrgð.

1. gr.

Hverjum manni er skylt að framfæra sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára.

Markmið fjárhagsaðstoðar Félagsþjónustu Kópavogs er að tryggja að íbúar bæjarins geti séð fyrir sér og sínum með því að veita þeim þá fjárhagslegu aðstoð sem nauðsyn krefur. Jafnframt miðar þjónustan að því að styrkja íbúa til sjálfshjálpar og koma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr málum sínum sjálf.

2. gr.

Fjárhagsaðstoð er veitt einstaklingum og fjölskyldum sem eiga lögheimili í Kópavogi samkvæmt þessum reglum og í eftirfarandi tilvikum:

- A) Þegar einstaklingar hafa ónógar tekjur sér til framfærslu og geta ekki séð sér og sínum farborða, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- B) Vegna sérstakra aðstæðna sbr. IV. kafla reglna þessara eða sérstakrar ákvörðunar félagsmálaráðs.

Telji starfsmaður dvöl umsækjanda í sveitarfélaginu, sem skráður er þar með lögheimili, ekki ígildi fastrar búsetu, sbr. ákvæði lögheimilislaga nr. 21/1990, skal tekin ákvörðun um hvort málið verði sent manntalsskrifstofu bæjarins til nánari athugunar.

3. gr.

Þeim er sækir um aðstoð samkvæmt reglum þessum er skylt að leita sér atvinnu og taka þeirri atvinnu er býðst nema veikindi, örorka, aldur eða aðrar gildar vottfestar ástæður hamli því.

4. gr.

Fjárhagsaðstoð er ýmist í formi styrkja eða lána, en lán eru að jafnaði án vaxta. Fjárhagsaðstoð skal veitt sem lán ef umsækjandi óskar þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt er að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna.

Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð í formi láns er að umsækjandi notfæri sér greiðsluþjónustu banka eða sparisjóða enda liggja fyrir mat á endurgreiðslugetu umsækjanda.

Ef veita á fjárhagsaðstoð sem lán og fyrir liggur að umsækjandi er þegar með eldra lán hjá Félagsþjónustunni skal gera eldra lánið upp eða sameina það nýrri lánveitingu áður en nýtt lán er veitt.

5. gr.

Félagsmálaráð fer með stjórn Félagsþjónustunnar í umboði sveitarstjórnar.

Félagsþjónustan sér um framkvæmd fjárhagsaðstoðar undir stjórn félagsmálaráðs.

Starfsmönnum Félagsþjónustunnar er heimilt að afgreiða einstakar umsóknir um fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum þessum.

Ákvörðun um synjun fjárhagsaðstoðar verður skotið til félagsmálaráðs og ákvörðunum félagsmálaráðs til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, sbr. 14. og 15. gr. reglna þessara.

6. gr.

Reglur um fjárhagsaðstoð samkvæmt III. og IV. kafla reglna þessara eru viðmiðunarreglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar Félagsþjónustunnar. Þeim er ætlað að vera starfsmönnum hennar til verksparnaðar og til að tryggja samræmi í framkvæmd aðstoðar.

II. KAFLI

Umsóknir og málsmeðferð.

7. gr.

Umsókn og fylgigögn.

Við mat á beiðnum um fjárhagsaðstoð skulu ætíð liggja fyrir eftirtalin gögn:

1. Umsókn undirrituð af umsækjanda eða talsmanni hans, þar sem fram koma upplýsingar um fjölskyldustærð, atvinnu og lögheimili.
2. Skattframtal umsækjanda og maka hans og launaseðlar síðustu þriggja mánaða.
3. Upplýsingar um bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum, atvinnuleysistryggingum eða öðrum aðilum. Einnig upplýsingar um lánamöguleika þegar slíkt á við.
4. Í þeim tilvikum sem umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa skráningarskírteini og dagpeningavottorði frá vinnumiðlun er staðfestir atvinnuleysi og atvinnuleit umsækjanda, en læknisvottorði ef um veikindi er að ræða. Hafi umsækjandi ekki skráð sig hjá vinnumiðlun, án gildra skýringa, missir hann hlutfallslega rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil.

5. Í þeim tilvikum að umsækjandi er erlendur ríkisborgari, ber honum að framvísa skírteini um dvalarleyfi. Erlendur ríkisborgari með dvalarleyfi, á þeim forsendum að skyldur aðili ábyrgist framfærslu hans, á að jafnaði ekki rétt á fjárhagsaðstoð.

Víkja má frá framangreindum kröfum um framlagningu gagna sé um rökstutt neyðartilvik að ræða.

Beri umsókn og fylgigögn hennar ekki með sér nauðsynlegar upplýsingar um framan­greind atriði skal starfsmaður tilkynna umsækjanda um hvaða gögn skorti og hvaða afleiðingar slíkt getur haft. Jafnframt skal leiðbeina umsækjanda hvert hann skuli leita til að afla viðkomandi gagna eða til að fá nánari upplýsingar um réttarstöðu sína, sbr. 10. gr. þessara reglna.

Starfsmaður skal gera umsækjanda grein fyrir forsendum og markmiðum fjárhagsaðstoðar vegna hverrar umsóknar.

8. gr.

Rannsóknarskylda.

Starfsmaður skal, ef þörf krefur, afla frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, svo sem hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrisjóðum og Atvinnuleysistryggingasjóði. Einnig skal afla upplýsinga um önnur atriði, t.d. félagslegar aðstæður, eftir því sem umsókn gefur tilefni til.

9. gr.

Upplýsingaskylda.

Skylt er að veita félagsmálaráði hverjar þær upplýsingar úr skattskýrslum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar eða hafa fengið hana. Sama gildir um upplýsingar úr skattskýrslum lögskylds framfæranda.

Atvinnurekendum er skylt að láta félagsmálaráði í té upplýsingar um laun þess sem fjárhagsaðstoðar leitar og framfæranda hans.

10. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda.

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður veita umsækjanda almennar upplýsingar um rétt sem hann kann að eiga annars staðar, t.d. hjá Tryggingastofnun, atvinnuleysistryggingum eða stéttarfélögum. Leiðbeina skal umsækjanda um hvert hann skuli leita til að fá nánari upplýsingar um réttarstöðu sína og ákvarðanir þar um eða eftir atvikum framsenda erindið til viðkomandi stofnunar og tilkynna umsækjanda um þá ákvörðun.

Starfsmaður skal hafa samvinnu við aðra opinbera aðila á sviði félagsþjónustu um skipu­lag þjónustu og málefni einstakra skjólstæðinga Félagsþjónustunnar.

11. gr.

Samþykkt aðstoð og tímamörk.

Réttur til fjárhagsaðstoðar skapast í þeim mánuði sem sótt er um aðstoð.

Ekki er skylt að veita fjárhagsaðstoð lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn er lögð fram. Rökstuddar ástæður verða að réttlæta slíka aðstoð og verður skilyrðum fjárhagsaðstoðar að vera fullnægt allt það tímabil sem sótt er um.

Fjárhagsaðstoð skal að öllu jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjá mánuði. Að þeim tíma liðunum skal mál umsækjanda skoðað sérstaklega með tilliti til þarfa hans fyrir frekari fjárhagsaðstoð og annars konar ráðgjöf. Í slíkum tilvikum skal gerð áætlun um frekari meðferð málsins og ef við á, vísa því til Ráðgjafarstofu heimilanna.

Í þeim tilvikum þegar umsækjandi fær jafnframt bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og ljóst er að aðstæður hans muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð í sex mánuði í senn.

12. gr.

Rökstuðningur synjunar.

Sé umsókn hafnað fær umsækjandi skriflegar upplýsingar þar sem forsendur synjunar eru rökstuddar ásamt tilvitnunum í viðeigandi greinar fjárhagsaðstoðarreglna. Umsækjanda skal leiðbeint um málskotsheimildir um leið og honum er tilkynnt um slíka ákvörðun.

13. gr.

Rangar/villandi upplýsingar.

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi umsækjanda er endurkræf.

Hafi umsækjanda verið greidd hærri fjárhagsaðstoð en vera bar samkvæmt reglum þessum getur Félagsþjónustan endurkafið viðkomandi eftir almennum reglum kröfuréttar.

Liggi fyrir að ofgreiðslu megi rekja til rangra eða villandi upplýsinga fjárhagsaðstoðarþega er heimilt að draga upphæðina frá fjárhagsaðstoð sem umsækjandi kynni að öðlast rétt til síðar. Þó verður að gæta þess að ekki verði gengið lengra en svo við skuldajöfnuð að fjárhagsaðstoðarþegi geti áfram séð fyrir sér og sínum, sbr. 12. gr. laga nr. 40/1991.

14. gr.

Málskot til félagsmálaráðs.

Synjun um fjárhagsaðstoð má skjóta til félagsmálaráðs Kópavogs, Fannborg 4. Skal það gert skriflega og eigi síðar en fjórum vikum eftir að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

15. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar.

Ákvörðun félagsmálaráðs má skjóta til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun. Málskot frestar að jafnaði ekki framkvæmd hinnar kærðu ákvörðunar.

III. KAFLI

Réttur til fjárhagsaðstoðar.

16. gr.

Upphæð fjárhagsaðstoðar.

Framfærslugrunnur tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds og miðast við grunnfjárhæð kr. 80.373. Framfærslugrunnur vegna einstaklinga 18 ára og eldri er 1.0 en vegna hjóna og fólks í sambúð 1.6. Upphæð fjárhagsaðstoðar er óháð því hvort barn/börn búi á heimilinu. Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar tekur mið af neyslúvísitölu og skal breytt 1. janúar ár hvert, í samræmi við hana.

Umsækjanda sem býr hjá foreldri skal reiknast $\frac{1}{2}$ grunnupphæð á mánuði að frádregnum hans eigin tekjum. Aðstoð við námsmenn fer eftir ákvæðum 23. og 24. gr.

Hafni umsækjandi vinnu skal fjárhagsaðstoð að jafnaði miðast við hálfu grunnupphæð hvort heldur til einstaklings eða hjóna/sambýlisfólks þann mánuð sem umsækjandi hafnar vinnu og mánuðinn þar á eftir.

Geti umsækjandi ekki framvísað skráningarskrírteini eða dagpeningavottorði frá vinnu-miðlun án viðunandi skýringa skal fjárhagsaðstoð lækka hlutfallslega fyrir umrætt tímabil.

Umsækjandi sem er í neyslu áfengis eða annarra vímuefna á rétt á hálfri grunnaðstoð á mánuði, að öðrum skilyrðum uppfylltum og skal hún greidd vikulega.

Umsækjandi sem er í vímuefnaeðferð á aðeins rétt á vasapeningum. Vasapeningar taka mið af skilgreiningu Tryggingastofnunar ríkisins hverju sinni.

Heimilt er að greiða dvalarkostnað fólks sem býr á áfangaheimili, í neyðarathvarfi eða á meðferðarheimili.

17. gr.

Tekjur umsækjanda/maka.

Allar tekjur einstaklings/maka í þeim mánuði sem sótt er um og mánuðinum á undan koma til frádráttar við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar.

Með tekjum er átt við allar tekjur einstaklings/maka sem ekki eru sérstaklega til framfærslu barna. Til tekna teljast:

- Atvinnutekjur, allar skattskyldar tekjur TR, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s.frv.
- Mæðra- og feðralaun.
- Framlag til menntunar eða starfsþjálfunar samkvæmt 62. gr. barnalaga nr. 76/2003 sem ungmenni 18-20 ára kunna að fá.
- Eigi umsækjandi rétt á atvinnuleysisbótum skal reikna atvinnuleysisbætur honum til tekna hvort sem hann hefur stimplað sig eða ekki, nema framvísað sé læknisvottorði.

Greiðslur vegna barna og húsaleigubætur/vaxtabætur reiknast ekki til tekna.

18. gr.

Eignir umsækjanda/maka.

Eigi umsækjandi maki hans eða sambýlingur eignir umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi eða fjölskylda hans býr í eða hafi hann nýlega selt eignir sínar skal umsækjanda að jafnaði vísað á lánaþyrirgreiðslu banka og sparissjóða þó að tekjur viðkomandi séu undir viðmiðunarmörkum.

19. gr.

Meðlagsgreiðslur umsækjanda.

Þegar umsækjandi er undir eða á viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar er heimilt að taka tillit til meðlagsgreiðslna sem umsækjandi hefur greitt reglulega, a.m.k. undanfarandi 4 mánuði, fram að þeim tíma að hann fær fjárhagsaðstoð. Hér er átt við áfallandi meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir.

Slíkar greiðslur skulu greiddar til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

20. gr.

Aðstoð vegna einstaklinga yngri en átján ára.

Einstaklingur yngri en 18 ára á að jafnaði ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

Hafi einstaklingur yngri en 18 ára forsjá barns skal viðkomandi þó reiknuð fjárhagsaðstoð til framfærslu að fullu, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Einnig er heimilt að veita meðlagsskyldum unglingi yngri en 18 ára aðstoð til greiðslu meðlags að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Heimilt er að veita foreldri 16-17 ára námsmanns sem býr í foreldrahúsum lán eða styrk vegna námsins hafi foreldri/maki haft tekjur undir viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar undanfarna 12 mánuði. Skal þessi aðstoð miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld námsmannsins.

21. gr.

Kostnaður vegna húsnæðis.

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar er gert ráð fyrir að kostnaði umsækjanda vegna húsnæðis verði mætt með greiðslum húsaleigu- eða vaxtabóta.

22. gr.

Atvinnurekendur/sjálfstætt starfandi einstaklingar, hlutastörf.

Atvinnurekandi og sjálfstætt starfandi einstaklingur á kost á fjárhagsaðstoð hafi hann hætt rekstri og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga nr. 12/1997 um atvinnuleysisstryggingar.

Sé umsækjandi í hlutastarfi með tekjur undir viðmiðunarmörkum stofnunarinnar skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá vinnumiðlun og óski eftir fullu starfi.

23. gr.

Námsmenn.

Einstaklingur er stundar nám sem lánshæft er hjá L.Í.N. nýtur ekki fjárhagsaðstoðar. Aðrir námsmenn eiga ekki kost á fjárhagsaðstoð til framfærslu nema fullnægt sé skilyrðum 24. gr. reglna þessara um námsstyrki/lán vegna náms.

IV. KAFLI

Heimildir vegna sérstakra aðstæðna.

24. gr.

Námsaðstoð.

Í samræmi við það markmið laga um félagsþjónustu sveitarfélaga að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og styrkja hann til sjálfshjálpar er Félagsþjónustunni heimilt að veita þeim aðstoð til náms, sem eiga við erfiðar félagslegar aðstæður að etja. Heimild þessari verður aðeins beitt í tengslum við umsókn viðkomandi um fjárhagsaðstoð og að umsækjandi sé með tekjur undir viðmiðunarmörkum samkvæmt reglum þessum, jafnframt að líklegt þyki að nám geti haft jákvæð áhrif á möguleika hans til sjálfshjálpar.

Við ákvörðun um beitingu heimildar til að veita fjárhagsaðstoð vegna náms ber að taka mið af því fjármagni sem ætlað er til slíkrar aðstoðar í fjárhagsáætlun hverju sinni.

Að uppfylltum skilyrðum samkvæmt 1. og 2. mgr. er heimilt að veita lán eða styrk vegna náms til fólks á aldrinum 18-25 ára hafi viðkomandi:

- Ekki lokið grunnskóla eða framhaldsskóla vegna félagslegra erfiðleika.
- Verið atvinnulaus eða þegið fjárhagsaðstoð í minnst sex mánuði og ekki lokið grunnnámi sem gefur rétt á námsláni.

Aðstoð vegna náms skal miðast við grunnupphæð ásamt bókakostnaði og skólagjöldum. Tekjur umsækjanda koma til frádráttar, sbr. 17. gr. reglna þessara.

Miða skal að því að námið leiði til starfs eða þess að viðkomandi geti síðar hafið lánshæft nám. Ákvarðanir samkvæmt þessu ákvæði skulu teknar fyrir hverja önn. Forsenda námsaðstoðar er að námsmaður sýni fram á eðlilega skólasókn og námsframvindu skv. reglum viðkomandi skóla. Að öðrum kosti fellur fjárhagsaðstoð niður.

25. gr.

Húsbúnaðarstyrkur/lán.

Húsbúnaðarstyrkur/lán má veita í eftirfarandi tilvikum:

1. Eignalausum einstaklingi sem er undir viðmiðunarmörkum og sem er að hefja búskap eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun. Hámarksupphæð er kr. 100.000.

2. Einstaklingi sem er að flytja á sambýli. Hámarksupphæð er kr. 80.000.
3. Eignalausum einstaklingi sem er að hefja búskap í fyrsta sinn og á við mikla félagslega erfiðleika að etja og er með tekjur undir viðmiðunarmörkum. Hámarksupphæð er kr. 100.000.

Húsbúnaðarstyrkur greiðist aðeins í eitt skipti.

26. gr.

Greiðsla sérfræðiaðstoðar.

A. Lán/styrkur til greiðslu tannlækninga.

Heimilt er að veita umsækjanda sem hefur tekjur á eða undir viðmiðunarmörkum lán eða styrk til nauðsynlegra tannlækninga. Við ákvörðun um beitingu þessarar heimildar skal viðkomandi uppfylla a.m.k. annað tveggja eftirfarandi skilyrða:

- a. Hafa átt við atvinnuleysi að stríða í a.m.k. 6 mánuði.
- b. Hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu í a.m.k. 6 mánuði.

Hámark aðstoðar skal vera kr. 55.000 á ári. Með umsókn skal fylgja kostnaðaráætlun tannlæknis.

B. Lán/styrkur til greiðslu viðtala hjá sérfræðingum.

Heimilt er að veita umsækjanda sem á við verulega erfiðleika að etja lán eða styrk til greiðslu viðtala hjá sálfræðingum, geðlæknum og félagsráðgjöfum með framhaldsmenntun í meðferð og þá í eftirfarandi tilvikum:

- a. Þegar einstaklingur hefur átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða.
- b. Þegar einstaklingur eða fjölskylda hefur orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi.

Meðferð skal að jafnaði vera hluti af umfangsmeiri félagslegri aðstoð. Hámark aðstoðar er kr. 55.000 á ári.

27. gr.

Útfararstyrkir/lán.

Heimilt er að veita lán eða styrk vegna útfarar þegar sannreynt hefur verið að dánarbú getur ekki kostað útför hins látna.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk:

Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna, launaseðlar og greiðslufirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum.

Staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks.

Tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr. og sbr. 28. gr. sömu laga.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán vegna útfarar þegar eignir dánarbús hrökkva ekki til og eignir eftirlifandi maka eru ekki umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í, sbr. 18. gr.

Miðað skal við meðalkostnað útfarar. Hámark aðstoðar er þó kr. 160.000.

28. gr.

Öryggishnappur.

Lífeyrisþegi sem eingöngu hefur tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins eða er með tekjur undir viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar og þarf skv. læknisvottorði öryggishnapp til að

geta búið heima, getur fengið styrk til að greiða þann hlut í stofnkostnaði sem ekki greiðist af Tryggingastofnun ríkisins.

29. gr.

Áfallaðstoð.

Einstaklingur sem er undir viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar og verður fyrir skyndilegum eignamissi vegna bruna, veikinda eða annarra áfalla á kost á láni eða styrk, allt að kr. 130.000. Sama gildir ef rýma þarf húsnæði umsækjanda af heilbrigðisástæðum.

Hafi umsækjandi tryggingu sem líklegt er að bæti tjónið skal aðstoð veitt með láni sem endurgreiðist þegar tryggingafélag hefur innt bótagreiðslu af hendi.

30. gr.

Lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu.

Gerir leigusali kröfu um fyrirframgreiðslu húsaleigu er heimilt er að veita umsækjanda, sem hefur tekjur undir viðmiðunarmörkum um fjárhagsaðstoð og er með gildan húsaleigusamning, lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu. Hámarkslán er kr. 90.000 fyrir einstakling, hjón eða sambúðarfólk, en kr. 130.000 fyrir barnafjölskyldur.

Gildi húsaleigusamnings skal kannaður í samráði við umsækjanda.

Að jafnaði skulu húsaleigubætur viðkomandi greiddast til Félagsþjónustunnar þar til lánið er að fullu greitt.

Sömu reglur gilda um félagslegt leiguhúsnæði.

31. gr.

Lán/styrkur vegna sérstakra erfiðleika.

Heimilt er að veita einstaklingi, hjónum eða sambúðarfólki lán eða styrk vegna sérstakra fjárhagserfiðleika, allt að kr. 50.000 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a. Að fyrir liggja yfirlit starfsmanns Félagsþjónustunnar eða Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna um fjárhagsstöðu umsækjanda.
- b. Að fyrir liggja á hvern hátt lán eða styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra.
- c. Að umsækjandi hafi ekki fengið fyrirgreiðslu skv. þessari grein undanfarna 12 mánuði.

Styrkur kemur einungis til álita hafi umsækjandi haft tekjur á eða undir viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar undanfandi sex mánuði.

Lán/styrkur samkvæmt þessari grein er ætlað að koma til móts við greiðsluerfiðleika vegna kaupa á gleraugum, fatnaði, heyrnartækjum og öðrum hjálpartækjum sem Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í að greiða. Að auki er um að ræða aðstoð til að greiða m.a. fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, lengdan skólalag, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómsundastarfi.

32. gr.

Jólstyrkur.

Jólstyrkur nemur 25% af grunnaðstoð og er að jafnaði einungis veittur þeim sem eiga við sérstaka félagslega erfiðleika að etja og hafa verið undir eða á viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar undanfarna 6 mánuði. Sækja þarf sérstaklega um jólstyrk.

V. kafli
Gildistími.

33. gr.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar 6 mánuðum frá gildistöku.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 voru samþykktar í bæjarráði 30. desember 2003.

Kópavogi, 2. janúar 2004.

F.h. félagsmálaráðs Kópavogsbæjar,
Aðalsteinn Vigfússon félagsmálastjóri.

REGLUR

um meistaranám við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

1. gr.

Almennt.

Hjúkrunarfræðideild veitir menntun til meistaraþráðu á þeim sviðum þar sem aðstaða og sérþekking er fyrir hendi. Náminu er ætlað að efla fræðilega þekkingu í hjúkrunarfræði, þjálfu hjúkrunarfræðinga í vísindalegum vinnubrögðum og auka færni þeirra í rannsóknar- og þróunarstörfum.

2. gr.

Rannsóknanámsnefnd.

Rannsóknanámsnefnd hjúkrunarfræðideildar fer með málefni meistaranámsins í umboði deildarráðs hjúkrunarfræðideildar. Hlutverk nefndarinnar er að skipuleggja nám til meistaraþráðu í samvinnu við kennara deildarinnar, fjalla um umsóknir, samþykkja breytingar á námsáætlun (sbr. 3. gr.), skipa í meistaranámsnefndir (sbr. 11. gr.), tilnefna prófdómara fyrir meistaraþróf (sbr. 12. gr.) og sjá um meistaraþróf.

3. gr.

Umsóknarfrestur.

Umsóknarfrestur er til 15. mars fyrir innritun á haustmisseri. Deildarstjórn er heimilt að leyfa innritun á vormisseri. Umsóknarfrestur fyrir hana er til 15. september.

4. gr.

Meðferð umsókna.

Umsóknum skal skilað til skrifstofu hjúkrunarfræðideildar. Rannsóknanámsnefnd afgreiðir umsóknirnar og tilkynnir deildarráði um niðurstöðurnar. Afgreiðslu umsókna sem berast fyrir 15. mars (vegna innritunar á haustmisseri) skal að jafnaði vera lokið og þeim svarað fyrir 25. apríl. Afgreiðslu umsókna sem berast fyrir 15. september (vegna innritunar á vormisseri) skal að jafnaði vera lokið og þeim svarað fyrir 15. október.

Í boði eru nokkrar námsleiðir og hægt er að velja um 15 eininga lokaverkefni eða 30 eininga lokaverkefni. Umsóknum um meistaranám skulu fylgja námsmarkmið og þeir sem velja 30 eininga lokaverkefni skulu skila inn lýsingu rannsóknarverkefnis (sbr. umsóknar-eyðublað) og samningi við leiðbeinanda.

Ferli umsókna er sem hér segir:

- a) Stúdent velur sér námsleið og setur sér námsmarkmið um á hvaða fræðasviði hann hyggst sérhæfa sig. Nemar með 30 eininga lokaverkefni finna sér leiðbeinanda og gera samning við hann.
- b) Stúdent sækir um inngöngu í meistaranám á sérstöku eyðublaði sem fæst á skrifstofu hjúkrunarfræðideildar og er eyðublaðinu skilað þangað.
- c) Greint skal frá því hvort umsækjandi hyggst sækja um fjárstuðning í tengslum við námið (t.d. til Rannsóknánámssjóðs). Liggi fyrir drög að umsókn til sjóða skulu þau fylgja umsókn um meistaranám.
- d) Hjúkrunarfræðideild synjar nemanda ef umsókn uppfyllir ekki gæðakröfur eða samþykkir umsóknina og tilkynnir umsækjanda niðurstöðuna bréfllega um leið og hún liggur fyrir.
- e) Afgreiðsla í hjúkrunarfræðideild er tilkynnt til nemendaskrár um leið og hún liggur fyrir.
- f) Stúdent sem rannsóknánámsnefnd hefur samþykkt í meistaranám skal snúa sér til nemendaskrár og ganga frá skráningu sinni í námið. Þeir sem hyggjast hefja meistaranám á haustmisseri skulu ganga frá skráningu eigi síðar en 31. júlí, en þeir sem ráðgera að hefja nám sitt á vormisseri skulu skrá sig eigi síðar en 30. október.

5. gr.

Inntökuskilyrði.

Til að innritast í meistaranám við hjúkrunarfræðideild þarf stúdent að hafa lokið B.S.-prófi í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands eða öðru samsvarandi prófi. Miðað er við að nemandi hafi að lágmarki fyrstu einkunn (7,25) í aðaleinkunn úr B.S.-prófi eða samsvarandi námi. Jafnframt þarf nemandi að búa yfir góðri enskukunnáttu. Umsækjandi þarf að hafa a.m.k. tveggja ára starfsreynslu í hjúkrun. Heimilt er að víkja frá reglunni um lágmarkseinkunn hafi umsækjandi t.d. sýnt fram á námshæfni og/eða hæfni í sjálfstæðum rannsóknum.

Við inntöku er tekið mið af:

- a) einkunnum,
- b) starfsreynslu,
- c) greinargerð þar sem umsækjandi gerir grein fyrir markmiðum sínum með náminu, með sérstakri áherslu á fyrirhugað rannsóknarverkefni,
- d) einstaklingsviðtölum og
- e) ummælum vinnuveitanda.

6. gr.

Einingafjöldi og tímalengd náms.

Meistaranám í hjúkrunarfræði er 60 einingar. Miðað er við að í eðlilegri námsframvindu sé lengd meistaranáms tvö ár og að jafnaði taki námið ekki lengri tíma en fjögur ár. Við brautskráningu skal sýnt að stúdent hafi verið skráður og greitt skráningargjald allan náms-tímamann. Nemandi getur fengið 10 einingar metnar að hámarki úr sambærilegu námi á meist-arastigi, sem hann hefur stundað utan hjúkrunarfræðideildar en tengist þó rannsóknasviði hans. Slík námskeið skulu metin til eininga hverju sinni.

7. gr.

Samsetning náms.

Námið felur í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og stór hluti þess er fólgin í vinnu nemanda að eigin rannsóknarverkefni, rannsóknarskýrslu og tímaritsgrein. Stærð rannsóknarverkefnis er ákveðin í námsáætlun og skal vera minnst 15 einingar en mest 45 ein-

ingar. Aðrar einingar fást með þátttöku í námskeiðum, semínörum og lesnámskeiðum. Stúdent í meistaranámi má að hámarki taka 5 einingar í lesnámskeiðum hjá kennara undir umsjón umsjónarkennara. Lesnámskeiðið skal vera á rannsóknasviði sem tengist rannsóknarverkefni stúdents en er ekki hluti af aðalverkefni. Námið felst í lestri tímaritsgreina og annarra heimilda sem valdar eru í samráði við kennara og umræðum um þær við kennara. Lesnámskeiði lýkur með ritgerð.

8. gr.

Námskeið í grunnnámi sem hluti af meistaranámi.

Miðað er við að ekki fleiri en 10 einingar komi úr námskeiðum í grunnnámi. Að jafnaði skulu gerðar meiri kröfur til nemenda í meistaranámi sem taka námskeið í grunnnámi sem hluta af námi sínu. Miðað er við að lágmarkseinkunn úr námskeiðum í grunnnámi sé 6.

9. gr.

Umsjónarkennari og leiðbeinandi.

Meistaraneми skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi fastra kennara í viðkomandi grein, sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem náminu tengist. Umsjónarkennari, ásamt stúdent, leggur fram námsáætlun sem hjúkrunarfræðideild samþykkir.

Leiðbeinandi leiðbeinir stúdent í rannsóknarverkefni. Umsjónarkennari og leiðbeinandi eru að jafnaði sami maðurinn. Nemanda er heimilt að hafa utanaðkomandi leiðbeinanda sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru í þessum reglum. Séu umsjónarkennari og leiðbeinandi ekki sami maðurinn hefur umsjónarkennari umsjón með náminu en leiðbeinandi sér um að leiðbeina stúdent í rannsóknarverkefni.

10. gr.

Kröfur til umsjónarkennara, leiðbeinanda og annarra sem leggja mat á námið og rannsóknarverkefnið.

Umsjónarkennari skal ávallt vera fastur kennari (lektor, dósent eða prófessor) í viðkomandi grein. Ef leiðbeinandi meistaranema er ekki fastur kennari er nauðsynlegt að hann hafi sjálfur a.m.k. lokið meistaraþrófi. Gæta þarf þess að verkefni nemandans sé á sérsviði leiðbeinandans.

11. gr.

Meistaránámsnefndir.

Meistaránámsnefnd skal skipuð þremur sérfróðum mönnum og er einn þeirra umsjónarkennarinn. Í þeim tilvikum þar sem umsjónarkennari er ekki leiðbeinandi skal sá síðarnefndi einnig sitja í meistaranámsnefnd. Rannsóknanámsnefnd skipar meistaranámsnefndina. Hlutverk hennar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun og tryggja fagleg gæði rannsóknarvinnunnar í samræmi við reglur deildarinnar.

12. gr.

Prófdómarar.

Rannsóknanámsnefnd tilnefnir prófdómara sem prófa meistaranema og leggja mat á rannsóknarverkefni hans ásamt meistaranámsnefnd. Prófdómarar skulu ekki vera tengdir rannsóknarverkefninu. Rektor skipar prófdómara.

13. gr.

Námsmat, skil og frágangur meistaritgerða.

Um leið og ritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram til mats rannsóknanámsnefndar staðfest námsferilsyfirlit stúdents. Í meistaritgerð skal vera ítarlegur inngangur þar sem fram kemur staða rannsókna á fræðasviðinu, sú aðferðafræði sem beitt var, niðurstöður og ítarlegar umræður. Í lok ritgerðarinnar skal vera heimildaskrá samkvæmt almennum reglum vísindatímarita. Í ritgerð skal getið stofnunar sem rannsóknin var unnin við og tekið fram hverjir leiðbeinendur voru. Koma skal skýrt fram að verkefnið var unnið við Háskóla Íslands og geta skal þeirra sjóða sem styrktu verkefnið. Meistararitgerð skal skilað í fimm eintökum til skrifstofu hjúkrunarfræðideildar eigi síðar en sex vikum fyrir áætlaðan prófdag.

Meistaraneimar sem velja 30 eininga lokaverkefni flytja fyrirlestur um rannsóknarverkefnið (20-40 mín.) og hafa prófdómarar síðan samtals u.þ.b. klukkustund til að prófa nemandann. Prófdómarar ásamt umsjónarkennara, sem skipaður er af rannsóknanámsnefnd, meta frammistöðu nemanda og gefa honum einkunn (0-10). Auk 30 eininga meistaraþrófsritgerðar skal að jafnaði liggja fyrir handrit að tímaritsgrein sem send hefur verið til birtingar í erlendu ritrýndu tímariti. Hjúkrunarfræðideild tekur ekki þátt í kostnaði vegna meistaritgerða.

Meistaraneimar sem velja 15 eininga lokaverkefni leggja lokaverkefni sitt fyrir einn prófdómara sem rannsóknanámsnefnd tilnefnir sbr. 12. gr., og leggur hann mat á verkefnið ásamt kennara.

14. gr.

Lærdómstitlar.

Að loknu meistaranámi hlýtur stúdent lærdómstitilinn *Magister Scientiarum* (M.S.)

15. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í hjúkrunarfræðideild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands um meistaranám, nr. 17/2002.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla hjúkrunarfræðideildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

Háskóla Íslands, 25. febrúar 2004.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

REGLUR

um diplomanám á meistarastigi við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

1. gr.

Markmið diplománáms á meistarastigi.

Hjúkrunarfræðideild veitir menntun til diplománáms á meistarastigi á þeim sviðum þar sem aðstaða og sérþekking er fyrir hendi.

Markmið diplománámsins er að gefa hjúkrunarfræðingum á Íslandi kost á að auka þekkingu sína og færni á ýmsum fræða- og starfssviðum hjúkrunar.

2. gr.

Umsóknarfrestur.

Umsóknarfrestur er að jafnaði til 15. mars fyrir innritun á haustmisseri. Deildarstjórn er heimilt að leyfa einnig innritun á öðrum tímum að undangenginni auglýsingu.

3. gr.

Meðferð umsókna.

Umsóknum skal skilað til skrifstofu hjúkrunarfræðideildar á þar til gerðum eyðublöðum. Rannsóknanámsnefnd afgreiðir umsóknirnar og tilkynnir deildarráði um niðurstöðurnar. Afgreiðslu umsókna sem berast fyrir 15. mars (vegna innritunar á haustmisseri) skal að jafnaði vera lokið og þeim svarað fyrir 25. apríl. Afgreiðslu umsókna sem berast á öðrum tíma skal að jafnaði svarað innan 40 daga frá því að auglýstum umsóknarfresti lýkur.

Ferli umsókna er sem hér segir:

- a) Stúdent sækir um inngöngu í diplomanám á sérstöku eyðublaði sem fæst á heimasíðu hjúkrunarfræðideildar og á skrifstofu deildarinnar og er eyðublaðinu skilað þangað undirrituðu.
- b) Rannsóknanámsnefnd samþykkir umsóknina eða synjar og tilkynnir deildarráði um niðurstöðu. Deildarráð tilkynnir umsækjanda síðan bréflega um niðurstöðu rannsóknanámsnefndar.
- c) Hjúkrunarfræðideild er heimilt, með samþykki háskólaráðs, að takmarka þann fjölda sem tekinn er inn í námið og fara þar m.a. eftir gæðum umsókna og tilgreindum auglýstum skilyrðum um forgang að námi.
- d) Afgreiðsla umsóknar í hjúkrunarfræðideild er tilkynnt til nemendaskrár um leið og hún liggur fyrir.
- e) Stúdent sem rannsóknanámsnefnd hefur samþykkt í diplomanám skal snúa sér til nemendaskrár og ganga frá skráningu sinni í námið eigi síðar en 31. maí.
- f) Hjúkrunarfræðideild er heimilt að fella niður áður auglýst diplomanám náist ekki lágmarksþátttaka til að tryggja fjármögnun þess.

4. gr.

Inntökuskilyrði.

Til að innritast í diplomanám við hjúkrunarfræðideild þarf stúdent að hafa lokið B.S.-prófi í hjúkrunarfræði eða öðru samsvarandi prófi og vera handhafi hjúkrunarleyfis á Íslandi. Miðað er við að nemandi hafi að lágmarki 6,5 í aðaleinkunn úr B.S.-prófi eða samsvarandi námi. Jafnframt þarf nemandi að búa yfir góðri enskukunnáttu. Heimilt er að gera forkröfu um að umsækjandi hafi allt að tveggja ára starfsreynslu í hjúkrun. Hjúkrunarfræðideild er heimilt að víkja frá reglunni um B.S.-próf hafi umsækjandi aflað sér sérstakra starfsréttinda eða lokið ákveðnu formlegu námi á því sviði, sem tilgreint er í auglýsingu um viðkomandi

diplomanám. Við inntöku er tekið mið af: a) einkunnum, b) starfsreynslu, c) einstaklingsviðtölum og d) ummælum vinnuveitenda.

5. gr.

Einingafjöldi og tímalengd náms.

Diplomanám í hjúkrunarfræði er 20 einingar en diplomanám með starfsþjálfun er 30 einingar. Lengd diplomanáms er að jafnaði eitt til tvö ár að viðbættri starfsþjálfun en náminu í heild skal vera lokið innan þriggja ára. Námshraði nemenda skal vera í samræmi við auglýsta námskrá og framboð námskeiða.

6. gr.

Samsetning náms.

Námskrá skal að jafnaði skipulögð þannig að hægt sé að taka námið sem hluta af formlegu meistaranámi eða sem afmarkað nám sem lýkur með diplomaviðurkenningu. Námskrá skal á hverjum tíma vinna í náinni samvinnu við fagdeildir Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, sérfræðinga og/eða stofnanir á viðkomandi sérsviði. Lögð er áhersla á að allt diplomanám geti orðið áfangi í námi til meistaraþrófs.

Hjúkrunarfræðingur sem lokið hefur diplomanámi að viðbættri starfsþjálfun (30e) á að standast alþjóðlegar viðmiðanir til starfsréttinda á því sérsviði.

Að öðru leyti miðar samsetning námsins að því að nemandi hafi að því loknu öðlast góða starfsleikni, fagþekkingu og tileinkað sér fagleg viðhorf á tilteknu starfs-/fræðasviði hjúkrunar. Ennfremur miðast samsetning námsins við að nemandi:

- hafi kynnt sér helstu hugmyndastefnur, rannsóknir, aðferðir og kenningar á sérsviði sínu og geti tengt þær þekkingu, eigin reynslu og starfi,
- geti veitt fjölbreyttar og flóknar hjúkrunarmedferðir byggðar á nákvæmri þarfagreiningu og metið árangur þeirra,
- geti haft umsjón með almennum þróunarverkefnum á sínu sérsviði í samvinnu við sérfræðinga í hjúkrun,
- geti metið fagleg gæði almennra verkefna á sérsviði sínu,
- geti nýtt sér rannsóknaniðurstöður með markvissum og gagnrýnum hætti við gagnöflun og úrlausn faglegra mála,
- geti beitt sér fyrir umbótum og nýjungum á sérsviðinu.

A. Bóklegt nám (20e)

Í námskrá diplomanáms skal skipuleggja bókleg námskeið til 20 eininga. Almennu skulu slík námskeið vera á meistarastigi þannig að hægt sé að meta þau sem hluta af formlegu meistaranámi.

B. Klínísk starfsþjálfun í diplomanámi á sérsviði (10e)

Hjúkrunarfræðideild getur ákveðið að bjóða upp á sérhæfða starfsþjálfun í 30 eininga diplomanámi. Starfsþjálfunin telur þá 10 einingar á sérsviðinu og nær til klínískra vinnubragða og vinnuferla. Starfsþjálfunin fer fram í námsráðningu á vettvangi sérsviðsins skv. viðmiðum (handbók). Tillögur að samsetningu og framkvæmd slíkrar starfsþjálfunar verði hverju sinni unnar af umsjónarráði viðkomandi diplomanáms í samvinnu við rannsóknanámsnefnd, viðkomandi fagdeildir Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, erlendar fagdeildir ef við á og fulltrúa þeirra stofnana sem starfsþjálfunin á að fara fram við. Hjúkrunarfræðideild veitir sérstakt prófskírteini, diploma, til staðfestingar því að viðkomandi hafi staðist tilskildar kröfur.

7. gr.

Námskeið í diplomanámi sem hluti af meistaranámi.

Nemendur geta fengið allt að 20 einingar metnar úr diplomanámi inn í nám til meistaraþrófs og jafnframt tekið námið samhliða formlegu meistaranámi. Einingar úr klínískri starfsþjálfun eru ekki metnar inn í nám til meistaraþrófs. Miðað er við að lágmarkseinkunn í einstökum námskeiðum í diplomanámi sé 6,0 og að meðaleinkunn úr diplomanámi sé 7,25 til að það sé metið inn í meistaranám.

8. gr.

Umsjónarráð diplomanáms.

Þegar deildin hefur samþykkt diplomanám á ákveðnu sérsviði skipar deildarráð sérstakt umsjónarráð diplomanámsins sem í eru forstöðumaður eða forstöðumenn viðkomandi fræðasviðs eða fræðasviða, ásamt tveimur öðrum sérfræðingum á sviðinu eða sviðunum.

9. gr.

Kröfur til umsjónarkennara námskeiða og kennara í diplomanámi á meistarastigi.

Umsjónarkennari skal að jafnaði vera fastráðinn kennari (lektor, dósent eða prófessor) í viðkomandi grein. Ef umsjónarkennari er ekki fastráðinn kennari eða sérfræðingur við deildina skal hann a.m.k. hafa lokið meistaraþrófi, vera sérfræðingur á sérsviði námsins eða tengdu sviði og auk þess hafa starfað við það um árabil og stundað rannsóknir því tengdar. Umsjónarráð hvers diplomanáms tilnefnir umsjónarkennara hvers námskeiðs í námskránni, yfirfer námskeiðalýsingu og mælir með henni við rannsóknanámsnefnd til staðfestingar. Rannsóknanámsnefnd getur óskað eftir umsögn og samráði við fleiri umsjónarráð en eitt um tiltekið námskeið. Kennarar í námskeiðum skulu að jafnaði hafa lokið meistaraþrófi.

10. gr.

Prófdómarar.

Prófdómarar eru skipaðir samkvæmt almennum reglum þar um og ætíð skal skipa prófdómara fyrir nemendur sem ljúka diplomanámi til 30 eininga á sérsviði. Rektor skipar prófdómara eftir tilnefningu frá viðkomandi umsjónarráði.

11. gr.

Námsmat.

Námskeið í diplomanámi skulu vera á meistarastigi og standast kröfur þar um. Diplománámi lýkur með veitingu prófskírteinis, sem staðfestir að nemandi hafi lokið diplomanámi á viðkomandi sviði og reiknast meðaleinkunn nemandans vera vegið meðaltal eininga úr þeim námskeiðum sem nám hans samanstendur af. Lágmarkseinkunn í námskeiðum í diplomanámi skal vera 6,0.

Sérstakt mat á námsárangri nemandans fer fram þegar um diplomanám til 30 eininga á sérsviði er að ræða.

12. gr.

Tengsl við aðra háskóla.

Hægt er að skipuleggja hluta diplomanámsins (5-10 einingar) í samvinnu við erlendan háskóla og/eða heilbrigðisstofnun.

13. gr.

Prófskírteini, diploma.

Er nemandi hefur staðist námskröfur sem tilgreindar eru í námskrá fyrir diplomanám (m.a. staðist próf að lokinni sérhæfðri starfsþjálfun, sé kveðið á um það) telst hann hafa lokið diplomanámi á sérsviði. Veitt er sérstakt prófskírteini, *diploma*, þessu til staðfestingar.

14. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundum í hjúkrunarfræðideild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 164/2003, um diplomanám á meistarastigi við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla hjúkrunarfræðideildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

Háskóla Íslands, 25. febrúar 2004.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUGERÐ**um val, geymslu og meðferð lyfja á sjúkrahúsum
og öðrum heilbrigðisstofnunum.**

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um val, geymslu og meðferð lyfja á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum.

2. gr.

Skilgreiningar.

Með sjúkrahúsi í reglugerð þessari er átt við hverja þá stofnun, sem starfrækt er skv. IV. kafla laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 með síðari breytingum.

Með heilbrigðisstofnunum í reglugerð þessari er átt við stofnanir sem ætlaðar eru sjúku fólki til vistunar og/eða innlagnar vegna lyfjameðferðar, einnig heilsugæslustöðvar og aðgerðarstofur lækna.

Með sjúkrahússapóteki er átt við apótek sem starfrækt er á eða í tengslum við sjúkrahús sbr. 1. mgr. 37. gr. eða 1. mgr. 38. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum. Lyfjafræðingur starfar þar í fullu starfi eða hlutastarfi allt eftir umfangi starfseminnar.

Með lyfjabúri er átt við herbergi, þar sem eingöngu eru geymdar birgðir lyfja, sem ætluð eru til nota á sjúkrahúsi eða heilbrigðisstofnun, þar sem ekki er starfrækt sjúkrahússapótek, en lyfjafræðingur hefur faglegt eftirlit með starfseminni í samræmi við ákvæði 38. gr. lyfjalaga. Það sem segir um sjúkrahússapótek í þessari reglugerð á einnig við um lyfjabúr.

Með deild er átt við göngu-, legu-, skurð-, rannsóknar- eða svæfingadeild. Yfirlæknir ber ábyrgð á vali og notkun lyfja á deild.

Lyfjageymsla er læst hirsla (t.d. skápur, vagn, kælir, taska), sem tilgreindir aðilar hafa einir aðgang að.

Um lyfjabúnað á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum, sem ekki eru deildaskiptar, fer eftir sömu reglum og um eina deild væri að ræða.

Um skilgreiningar lyfja fer skv. ákvæðum lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum.

3. gr.

Sjúkrahússapótek.

Hlutverk sjúkrahússapóteks er að hafa umsjón með og bera ábyrgð á öflun og varðveislu lyfja, dreifingu og eftirliti með notkun þeirra á einstökum deildum, sbr. ákvæði XIV. kafla lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum. Hlutverk sjúkrahússapóteks er jafnframt að stuðla að skynsamlegri notkun lyfja með þátttöku í starfi lyfjanefndar sjúkrahússins, gerð lyfjalista, klínískra leiðbeininga, faglegri upplýsingamiðlun og hagkvæmum innkaupum á lyfjum.

Lyf vegna klínískra rannsókna, sem fram fara á sjúkrahúsi, skulu vera í vörslu og umsjá sjúkrahússapóteks og skal sjúkrahússapótek setja reglur um meðferð þessara lyfja.

Í sjúkrahússapóteki og á sjúkrahúsum fer um framleiðslu lyfja samkvæmt ákvæðum lyfjalaga og gildandi reglugerða um framleiðslu lyfja.

Stjórnendur sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana bera ábyrgð á, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé hlítt og að val, öflun, varsla, blöndun og skömmtun lyfja geti farið fram á hagkvæman og öruggan hátt.

Aðföng, varðveisla og afhending lyfja, sem ætluð eru til nota á sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum skulu vera í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Í sjúkrahússapóteki skal halda skrá, þar sem fram koma aðföng og afhending eftirritunarskyldra lyfja. Skal færslum þannig háttað, að séð verði um hvaða lyf er að ræða, hversu mikið er afgreitt og á hvaða deild, hvenær og af hverjum. Þetta gildir hvort sem lyf eru pöntuð rafrænt eða ekki.

Um hver mánaðamót skal gera upp birgðir eftirritunarskyldra lyfja og senda Lyfjastofnun skýrslu um birgðir, ásamt frumriti afgreiddra pöntunarseðla. Ef um rafrænar pantanir er að ræða skal senda Lyfjastofnun afrit þeirra. Komi fram misræmi í birgðum eftirritunarskyldra lyfja skal skýringa leitað og hvarf lyfjanna þegar í stað tilkynnt yfirlækni, forstöðumanni stofnunarinnar og Lyfjastofnun.

4. gr.

Um aðbúnað sjúkrahússapóteks.

Húsnæði, tæki og áhöld sjúkrahússapóteks skulu vera við hæfi til öruggar og réttar geymslu, framleiðslu og dreifingar lyfja. Gæðahandbók er hluti af búnaði sjúkrahússapóteks. Tryggja skal starfsmönnum aðgang að viðurkenndum handbókum og upplýsingabönkum um lyf.

Um húsnæði sjúkrahússapóteka, búnað og annað er lýtur að framleiðslu, blöndun og varðveislu lyfja m.t.t. öryggis við meðferð þeirra og geymslu, er að öðru leyti vísað til ákvæða lyfjalaga og reglugerða um starfsemi lyfjabúða eftir því sem við á.

5. gr.

Starfsfólk.

Yfirlyfjafræðingur (lyfjafræðingur) sjúkrahússapóteks skal vinna að því, í samvinnu við lyfjanefnd sjúkrahússins, að koma á gæðastýringu (gæðahandbók) um pantanir og afgreiðslu

lyfja á deildir, sem og geymslu þeirra og umgengni um lyfjageymslur. Í gæðahandbók skal einnig fjallað um val á lyfjum, innköllun lyfja og meðferð lyfja sem skilað er í rofnum pakningum frá deildum og eyðingu lyfja. Þar skal einnig, þar sem það á við, fjallað um meðferð lyfja sem sjúklingar koma með á sjúkrahús eða útskrifast með.

Auk yfirlyfjafræðings skulu aðrir starfsmenn sjúkrahússapóteks að öllu jöfnu vera lyfjafræðingar eða lyfjataeknar, en lyfjataeknar og ófaglærðir starfsmenn starfa á ábyrgð lyfjafræðings. Yfirlyfjafræðingur (lyfjafræðingur) ber ábyrgð á reglulegri þjálfun starfsmanna apóteksins.

6. gr.

Lyfjabúr.

Á sjúkrahúsum og öðrum stofnunum, sem reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða öðrum sérlögum og starfrækt er lyfjabúr, sbr. 2. gr., en ekki hafa lyfjafræðing í þjónustu sinni, skal forstöðumaður stofnunarinnar semja við utanaðkomandi lyfsölu-leyfishafa eða sjúkrahússapótek um lyfjafræðilega þjónustu, sbr. 2. mgr. 38. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, svo sem umsjón með öflun og varðveislu lyfja og eftirlit með notkun þeirra í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

7. gr.

Um lyfjageymslur á deildum.

Í búnaði hvernar deildar skal vera læst lyfjageymsla þ. á m. kæli.

Hjúkrunardeildarstjóri eða ljósmóðir, sem fer með deildarstjórn, ber ábyrgð á gæslu lyfja á deildinni. Slíkur ábyrgðarmaður lyfjageymslu skal í daglegu starfi sjá um að vinna við hana fylgi reglugerð þessari svo og þeim reglum, er settar kunna að verða, sbr. ákvæði 5. gr. um gæðahandbók.

Lyfjageymsla, þ.m.t. kæli, skal jafnan vera læst. Lykill skal vera í vörslu ábyrgðarmanns eða staðgengils hans. Í lyfjageymslu skal vera sérstakt læst hólfi fyrir eftirritunarskyld lyf. Í lyfjageymslu má einungis geyma lyf og lyfjavörur, áhöld, sem notuð eru við skömmtun lyfja, svo og skoðunarbók lyfjageymslu, sbr. 12. gr.

Á deildum skal vera aðstaða þar sem lyfjaskömmtun, sbr. 11. gr., getur farið fram í næði.

8. gr.

Pantanir lyfja.

Pöntun lyfja á deild skal vera dagsett og undirrituð af þeim sem pantar. Heimilt er að nota rafrænt pöntunarkerfi. Áður en slíkt kerfi er tekið í notkun skal liggja fyrir staðfesting Lyfjastofnunar á því að vél- og hugbúnaður fullnægi kröfum hennar.

Eftirritunarskyld lyf skal panta á deild með sérstökum pöntunarseðlum sem samþykktir eru af Lyfjastofnun. Pöntunarseðlarnir skulu vera í tvíriti og skal afriti haldið eftir á deildinni. Ekki má nota þessa pöntunarseðla fyrir aðrar lyfjapantanir. Þessar pantanir skulu undirritaðar af þeim sem pantar, ásamt lækni. Séu eftirritunarskyld lyf pöntuð rafrænt skal það gert í sérstakri pöntun.

9. gr.

Eftirlit með eftirritunarskyldum lyfjum á deildum.

Til að fylgjast með notkun eftirritunarskyldra lyfja á deildum skal færa notkunarskýrslur.

Færsla notkunarskýrslna skal vera undir eftirliti lyfjafræðings, sem starfar í sjúkrahússapóteki, en í lyfjabúri lyfjafræðings stofnunarinnar eða þess sem samið hefur verið við, sbr. ákvæði 38. gr. lyfjalaga. Skýrslur þessar skulu geymdar í þrjú ár, en eftir það skal þeim fargað með tryggilegum hætti.

10. gr.

Um blöndun lyfja.

Blöndun lyfja skal að jafnaði fara fram í sjúkrahússapóteki/lyfjabúri sé þess nokkur kostur. Um blöndun lyfja á deildum skal setja nánari reglur í samráði við sjúkrahússapótekið eða þar sem lyfjabúr er starfrækt í samstarfi við þann lyfjafraeðing sem þar starfar sbr. ákvæði 38. gr. lyfjalaga.

11. gr.

Lyfjaskömmtum á deildum.

Lyf má aðeins gefa sjúklingi samkvæmt skriflegum fyrirmælum læknis eða fyrirmælum gefnum samkvæmt viðurkenndum reglum viðkomandi stofnunar.

Hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir má taka lyf úr lyfjageymslu og skammta sjúklingi en aðrir ekki. Í undantekningatilvikum getur yfirlæknir heimilað öðrum starfsmanni slíkan aðgang að lyfjageymslu.

Þeir, sem stunda nám í hjúkrunar- eða ljósmóðurfræðum, mega skammta lyf á ábyrgð og undir umsjá hjúkrunarfræðings eða ljósmóður til að fullnægja þeirri þjálfun, sem námið krefst.

Allar lyfjagjafir skal skrá þannig að rekja megi lyfjagjöf til hlutaðeigandi sjúklings, þess læknis sem gaf fyrirmæli um lyfjagjöf og þeirra, sem tóku til lyfið og afhentu það sjúklingi. Þessar upplýsingar skal varðveita sem hluta af sjúkraskrá viðkomandi sjúklings.

Við afhendingu lyfja til innlagðs sjúklings, t.d. vegna helgarleyfis skal eftirfarandi atriða gætt: Lyfin skulu afhent í hentugum umbúðum og þau merkt nafni sjúklings, heiti, styrkleika og magni lyfs, greinilegri notkunarfyrisögn, dagsetningu og áritun þess, sem afgreiðir. Sama máli gegnir um lyf sem afhent eru sjúklingi, sem koma á til rannsóknar s.s. röntgenskoðunar. Verði því viðkomið skal afhending lyfja samkvæmt framangreindu fara fram í sjúkrahússapóteki/lyfjabúri.

12. gr.

Eftirlit.

Yfirlyfjafraeðingur/lyfjafraeðingur, sbr. 37. eða 38. gr. lyfjalaga, skal hafa eftirlit með varðveislunni lyfja á deildum sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana. Forstöðumaður stofnunar skal tilkynna Lyfjastofnun hver fer með þetta eftirlit. Eftirlit skal fara fram reglulega og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Skoðun lyfjageymslu skal staðfest í sérstaka skoðunarbók með dagsetningu og undirskrift þess lyfjafraeðings, sem ber ábyrgð á eftirlitinu. Í bókina skulu skráðar allar athugasemdir sem hann kann að hafa sett fram. Allar meiri háttar athugasemdir skulu tilkynntar yfirlækni og forstöðumanni stofnunarinnar án tafar.

13. gr.

Eftirlit Lyfjastofnunar.

Lyfjastofnun hefur eftirlit með að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt, sbr. 45. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum.

14. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt 46. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð nr. 113/1974 um geymslu og meðferð lyfja í sjúkrahúsum og öðrum stofnunum, sem hafa lyf undir höndum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. mars 2004.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

SAMÞYKKT

um hundahald á Blönduósi.

1. gr.

Hundahald í lögsagnarumdæmi Blönduóssbæjar sæti þeim takmörkunum, sem kveðið er á um í samþykkt þessari.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, búsettum í Blönduóssbæ, leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings og er óheimilt að framsetja það.
- b. Sækja skal um leyfi á bæjarskrifstofu á þar til gerðu eyðublaði sem gefur út umbeðið leyfi enda sé ákvæðum samþykktar þessarar fullnægt.
- c. Hundahald er með öllu óheimilt í íbúðum sem eru í eigu Blönduóssbæjar. Um leyfi fyrir hundahald í fjöleignarhúsum fer skv. lögum nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi sem ekki er í eigu Blönduóssbæjar skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða raðhús eða parhús skal samþykki beggja aðliggjandi íbúða (íbúðar) fylgja umsókn. Í fjölbýlishúsi, þar sem séringangur fylgir íbúðum, þarf samþykki allra íbúðareigenda. Skriflegt samþykki íbúðareigenda gildir þar til bæjarstjóra berst skrifleg afturköllun frá einhverjum húsráðenda. Við afturköllun samþykkis eða synjun nýrra íbúðareigenda skal gefa hundaeiganda hæfilegan frest til að finna hundinum annan samastað. Sækja skal um leyfi fyrir hvölp áður en hann verður 3ja mánaða gamall.
- d. Leyfisgjald vegna hundahalds skal greiða til bæjarsjóðs og setur bæjarstjórn gjaldskrá að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Bæjarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd samþykktar þessarar. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. maí. Hafi gjaldið eigi verið greitt á eindaga fellur leyfið úr gildi.
- e. Skylt er leyfishafa að hafa hundinn ábyrgðartryggðan og getur bæjarstjórn ákveðið að gera heildarsamning við tryggingarfélag, eitt eða fleiri. Skal tryggingin ná til alls þess

- tjóns, sem dýrið kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við greiðslu leyfis og greiðslu árlegs leyfisgjalds.
- f. Hundar skulu færðir árlega til hreinsunar í samræmi við ákvæði reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002. Framvísa skal vottorði um hreinsun við greiðslu árlegs leyfisgjalds.
 - g. Uppfylli hundar ofangreind skilyrði fær leyfishafi afhenta merкта plötu. Hundurinn skal ávallt bera ól með plötunni um hálsinn sem sýnir skráningarnúmer hundsins. Hundaeiganda ber að tilkynna bæjarskrifstofu Blönduóssbæjar um aðseturskipti. Einnig skal hann tilkynna ef hundurinn drepst eða er fluttur úr lögsagnarumdæminu.
 - h. Leyfishafi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, né raski ró manna. Hundar skulu ávallt vera í taumi utanhúss, sbr. þó i-lið 2. gr. Leyfishafa er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.
 - i. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða nokkurn þann stað þar sem matvæli eru höfð um hönd eða aðra þá staði sem tilgreindir eru í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti sem staðir sem ekki má hleypa hundum inn á. Óheimilt er að vera með hunda í almenningsgördum bæjarins, svo sem í Hrótey, Fagrahvammi, íþróttasvæðum, kirkjugarðinum og á tjaldstæðum.
 - j. Heimilt er að sleppa hundum lausum um eftirtalin svæði:
Skúlahorn
Svæði milli Draugagils og Þjóðvegur.
Að og ónýtt svæði fjarri íbúðabyggð.
 - k. Hundar úr öðrum lögsagnarumdæmum mega ekki án leyfis bæjarstjóra eða fulltrúa hans, dvelja lengur en eina viku á Blönduósi. Ef brotin eru skilyrði þessarar greinar varðar það refsingu samkvæmt 6. gr. samþykktar þessarar.
 - l. Bændum á lögbýlum er heimilt að hafa þarfahunda án gjalds og einnig er heimilt að skrá viðurkennda björgunarhunda sem og hunda sem blindir eða sjónskertir þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, án gjalds. Hundar á lögbýlum mega ganga frjálsir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti eru þessir hundar háðir ákvæðum þessarar samþykktar.

3. gr.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda, getur bæjarstjórn afturkallað leyfið. Einnig getur bæjarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf.

4. gr.

Framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í Blönduóssbæ annast starfsmenn þjónustumiðstöðvar í umboði heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra og geta þeir leitað aðstoðar lögreglu- yfirvalda þegar þörf krefur.

5. gr.

Hunda sem ganga lausir utanhúss, skal eftirlitsmaður handsama og færa til geymslu í þjónustumiðstöð. Sama gildir um hættulega og óleyfilega hunda.

Kostnaður við töku, geymslu og fóðrun hunda skal að fullu greiddur af eigendum og setur bæjarstjórn gjaldskrá þar um. Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda ef leyfi er framvísað innan 7 daga frá því hundurinn kom í vörslu eftirlitsmanns, enda verði áfallinn kostnaður greiddur. Sama gildir um hunda sem

handsamaðir eru innan bæjarmarkanna og eru frá öðrum sveitarfélögum, allur kostnaður við töku og vörslu hundsins fellur á eiganda hans. Að öðrum kosti skal hundinum lógað.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með brot út af samþykktinni skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998.

7. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Blönduóssbæjar staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald á Blönduósi nr. 29/1995 með síðari breytingum nr. 48/2002.

Umhverfissráðuneytinu, 27. febrúar 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 470/1991, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til sendimanna erlendra ríkja, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

- a. 4. másl. 1. mgr. orðist svo: Að lokinni endurskoðun reikninga sendir ríkisendurskoðun þá til viðkomandi sendiráðs með áritun um endurgreiðslu en sendir endurgreiðslubeiðni til ríkisféhirðis til afgreiðslu.
- b. 2. mgr. orðist svo: Ekki verður um endurgreiðslu að ræða nema heildarfjárhæð hvers einstaks reiknings nemi a.m.k. 10.000 kr. með virðisaukaskatti. Ríkisendurskoðun skal heimila endurgreiðslu innsendra reikninga vegna fastra mánaðarlegra reikningsviðskipta nái heildarfjárhæð slíkra reikninga a.m.k. 10.000 kr. með virðisaukaskatti.
- c. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðist svo: Reikningar þeir sem endurgreiðslubeiðni er byggð á skulu vera greiddir. Til staðfestingar á greiðslu skal greiðslukvittun fylgja greiddum reikningum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 43. gr. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi frá og með 1. janúar 2004.

Fjármálaráðuneytinu, 4. mars 2004.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Elmar Hallgríms.

REGLUGERÐ

um heimildir fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði og dótturfélaga lánastofnana með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, til að stunda fjármála-starfsemi hér á landi.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fyrirtæki sem tengjast fjármálasviði og dótturfélög lánastofnana, eða sameiginleg dótturfélög tveggja eða fleiri lánastofnana, með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og heimildir þeirra til að stunda fjármála-starfsemi hér á landi. Jafnframt gildir reglugerð þessi um tilkynningaskyldu Fjármálaeftirlitsins vegna innlendra fjármálafyrirtækja sem starfrækja útibú í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Með fyrirtæki tengdu fjármálasviði er átt við fyrirtæki sem ekki er lánastofnun og starfar einkum að öflun eignarhluta eða stundar einhverja þá starfsemi sem um getur í 2.-12. tölul. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Með lánastofnun er átt við fjármálafyrirtæki sem hefur fengið starfsleyfi skv. 1.-4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

2. gr.

Fyrirtæki frá öðru ríki innan hins Evrópska efnahagssvæðis, sem heimilt er samkvæmt samþykktum sínum að stunda þá starfsemi sem tilgreind er í 1. mgr. 20. gr. laga um fjármálafyrirtæki, er heimilt að stofna útibú eða veita þjónustu hér á landi án stofnunar útibús séu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

1. Fyrirtækið skal vera dótturfélag lánastofnunar eða sameiginlegt dótturfélag tveggja eða fleiri lánastofnana skv. 2. mgr. 97. gr. laga um fjármálafyrirtæki.
2. Dótturfélagið skal lúta löggjöf í því ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins sem veitt hefur móðurfélagi eða móðurfélögum skv. 1. tölul. starfsleyfi og skal dótturfélagið jafnframt stunda umrædda starfsemi í því ríki.
3. Móðurfélagið eða móðurfélögin skulu fara með a.m.k. 90% af atkvæðamagni því sem fylgir hlutum í félaginu.
4. Móðurfélagið eða móðurfélögin skulu uppfylla skilyrði Fjármálaeftirlitsins um heilbrigða og trausta stjórnun dótturfélagsins og skulu jafnframt lýsa því yfir með samþykki lögbærra yfirvalda í heimaríki þeirra að þau beri óskipta ábyrgð á skuldbindingum þeim sem dótturfélagið tekur á sig.
5. Dótturfélagið skal heyra undir eftirlit á samstæðugrundvelli sem móðurfélagið eða sérhvert móðurfélaganna lýtur. Þetta á sérstaklega við um eftirlit með útreikningi á eiginfjárhlutfalli, eftirlit með útreikningi á lánum og til einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila og eftirlit með takmörkunum á eignarhlutdeild í öðrum fyrirtækjum.

Með tilkynningu um starfsemi hér á landi skv. 1. mgr. skal fylgja staðfesting lögbærs yfirvalds í heimaríki móðurfélags eða móðurfélaga á því að framangreind skilyrði séu uppfyllt. Jafnframt skulu lögbær yfirvöld í heimaríki móðurfélagsins eða móðurfélaga lýsa því yfir að þau muni hafa fullnægjandi eftirlit með starfsemi fyrirtækisins. Að öðru leyti skal beita ákvæðum V. kafla laga um fjármálafyrirtæki, eftir því sem við á.

Ákvæði 1. og 2. mgr. taka einnig til fyrirtækis sem er í eigu eða undir áhrifum eins eða fleiri dótturfélaga, sbr. ákvæði 97. gr. laga þessara, eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Dótturfélag lánastofnunar, eða sameiginlegt dótturfélag tveggja eða fleiri lánastofnana, með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, er heimilt að stunda umsýslu greiðslukorta skv. 4. tölul. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, enda sé þeim heimilt að stunda starfsemina í heimaríkinu.

Félag skv. 1. mgr. skal tilkynna starfsemi sína til Fjármálaeftirlitsins. Með tilkynningu skal fylgja staðfesting á því að félagið sé í eigu eftirlitsskyldra aðila og sé heimilt að stunda viðkomandi starfsemi í heimaríkinu. Óheimilt er að hefja starfsemi félagsins fyrir en Fjármálaeftirlitið hefur gengið úr skugga um starfsheimildir þess og starfsemi.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að afla upplýsinga um starfsemi félagsins og setja starfsemi þess hér á landi skilyrði. Brjótí félagið gegn skilyrðum samkvæmt þessari gr., eða brjótí að öðru leyti gegn heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum, er Fjármálaeftirlitinu heimilt að banna starfsemi þess hér á landi.

4. gr.

Nú starfrækir fjármálafyrirtæki útbú í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, skv. heimild í 36. gr. laga nr. 161/2002, og skal þá Fjármálaeftirlitinu skylt að tilkynna til lögbærra yfirvalda þess ríkis þar sem fjármálafyrirtækið starfrækir útbú um hverjar þær breytingar sem kunna að verða á áður veittum upplýsingum um bótakerfi sem vernda viðskiptavini útbús hins innlenda fjármálafyrirtækis, sbr. 3. mgr. 36. gr. laga nr. 161/2002.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 35. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og 19. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 5. mars 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í sveitarfélaginu Helgafellssveit.

Hreppsnefnd Helgafellssveitar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir ferðapjónustusvæði með tjald-, hjólhýsa- og smáhýsasvæði í Hólalandi í Helgafellssveit.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Helgafellssveit, 2. mars 2004.

F.h. hreppsnefndar,

Benedikt Benediktsson oddviti.

AUGLÝSING

um verklagsreglur Orkuráðs við meðferð láns- og styrkumsókna úr Orkusjóði.

Verklagsreglur og skilyrði fyrir styrkveitingum úr Orkusjóði.

Styrkveitingar úr Orkusjóði.

1. Í fjárhags- og greiðsluáætlun Orkusjóðs ár hvert skal ákveðið það fjármagn, sem til ráðstöfunar er til styrkveitinga hverju sinni.
2. Styrkveitingar úr Orkusjóði skulu auglýstar árlega í upphafi árs eftir nánari ákvörðun orkuráðs. Auglýst skal í fjölmiðlum og á heimasíðum Orkustofnunar og iðnaðarráðuneytis.
3. Orkuráð getur ákvarðað fyrir hvert ár eða tímabil í senn, að styrkveitingar sjóðsins takmarkist við verkefni innan afmarkaðs hluta þeirra sviða, sem heimilt er að styrkja samkvæmt 2. grein reglugerðar nr. 514/2003.
4. Meginregla við styrkveitingar skal vera, að styrkur úr Orkusjóði nemi að hámarki 50% af áætluðum kostnaði einstakra verkefna.
5. Nú er það mat orkuráðs, að verkefni sé þess eðlis að rétt sé með tilliti til lögbundins hlutverks sjóðsins og nauðsynlegt til að tryggja framgang verkefnis, að vikið sé frá þessari meginreglu og er ráðinu þá heimilt að leggja til hærra styrkhlutfall með sérstökum rökstuðningi við tillögugerð til iðnaðarráðherra.
6. Umsækjendur skulu skila umsóknum til Orkusjóðs á sérstökum umsóknareyðublöðum. Í umsókninni skal koma fram nákvæm skýring á eðli og tilgangi verkefnis, kostnaðaráætlun og fjármögnun þess.
7. Að umsóknarfresti liðnum skulu umsóknir lagðar fyrir orkuráð. Meti orkuráð það svo að umsókn falli utan lögbundins hlutverks Orkusjóðs, sé sjóðnum ofviða vegna fjárhagslegs umfangs eða falli utan ramma auglýsingar um styrkveitingar tilkynnist umsækjanda sú niðurstaða skriflega.
8. Að lokinni yfirferð umsókna skulu þær ásamt fylgigögnum sendar Orkustofnun til umsagnar.
9. Að fengnum umsögnum Orkustofnunar tekur orkuráð umsóknirnar ásamt umsögnum til umfjöllunar og afgreiðslu. Afgreiðslur orkuráðs eru í formi tillagna til iðnaðarráðherra. Með tillögum til iðnaðarráðherra um hvaða umsóknir skuli hljóta styrki skal einnig fylgja listi yfir þær umsóknir sem ekki er lagt til að verði styrktar og af hvaða ástæðu.
10. Skrifleg afgreiðsla iðnaðarráðherra er hin endanlega afgreiðsla umsókna og er hún tilkynnt Orkusjóði og umsækjanda.

Skilyrði fyrir útgreiðslu styrkja Orkusjóðs.

1. Fyrirliggjandi sé staðfesting iðnaðarráðherra á styrkveitingunni.
2. Fyrirliggjandi sé skrifleg staðfesting á að fjármögnun hafi gengið eftir eins og gert var ráð fyrir í umsókn.
3. Fyrirliggjandi sé skrifleg staðfesting um að verk sé hafið.

Útgreiðsla styrkuppþæða.

1. Styrkir Orkusjóðs greiðast í þrennu lagi þ.e. þremur jöfnum greiðslum.
2. Fyrsta greiðsla (1/3) styrkuppþæðarinnar fer fram við upphaf verks.
3. Önnur greiðsla (1/3) er innt af hendi þegar styrkþegi metur það svo, að verk sé hálfnað og sendir greinargerð eða áfangaskýrslu þar um til Orkusjóðs.
4. Heimilt er að leita umsagnar Orkustofnunar á áfangaskýrslu eða greinargerð styrkþega áður en önnur greiðsla styrks er innt af hendi.

5. Þriðja greiðsla (1/3) fer fram þegar styrkþegi hefur skilað lokaskýrslu um verkefnið.
6. Áður en lokagreiðsla er innt af hendi skal lokaskýrsla eða greinargerð yfirfarin af Orkustofnun.
7. Niðurstöður og lokaskýrslur verkefna sem styrkt hafa verið af Orkusjóði skulu öllum aðgengilegar. Skýrslurnar skulu varðveittar á Landsbókasafni og bókasafni Orkustofnunar.

**Útlánakjör Orkusjóðs sbr. 6. gr. reglugerðar um Orkusjóð nr. 514/2003,
skilyrði fyrir lánveitingu úr Orkusjóði og verklagsreglur við afgreiðslu
lánsúmsókna sbr. 3. gr. reglugerðarinnar.**

Jarðhitaleitarlán – lánskjör Orkusjóðs.

1. Láns hæfur kostnaður telst sannanlegur undirbúningskostnaður svo sem ráðgjöf jarðvísindamanna og forkönnun svæðis, aðstöðusköpun á borstað og jarðborun. Við mat á láns hæfum kostnaði skal tekið tillit til þess hvort undirbúningur jarðhitaleitarinnar hafi að einhverju leyti verið styrktur af opinberu fé.
2. Lán Orkusjóðs skulu verðtryggt miðað við neysluverðsvísitölu
3. Lán Orkusjóðs skulu veitt gegn veði í öllum eignum fyrirhugaðrar hitaveitu, bújörð og eða öðrum eignum sem orkuráð metur fullnægjandi.
4. Lánsupphæð nemur að hámarki 60% af láns hæfum kostnaði.
5. Lán eru veitt til allt að 10 ára.
6. Vextir af lánum Orkusjóðs eru 6%

Skilyrði fyrir lánveitingu - verklagsreglur við afgreiðslu lánsúmsókna.

1. Meginreglan er sú, að ekki er veitt lán til framkvæmda eða borana nema lánsúmsókn hafi borist áður en í þær var ráðist og úmsóknin fengið umfjöllun og afgreiðslu samkvæmt reglum þessum.
2. Sé lán samt sem áður veitt vegna sérstakra aðstæðna þá fellur niður möguleiki á niðurfellingu lánsins að hluta til eða öllu leyti skv. 7. grein reglugerðar um Orkusjóð nr. 514/2003.
3. Við undirbúning jarðhitaleitarinnar og eftirfarandi borunar skal umsækjandi leita ráðgjafar viðurkenndra jarðvísindamanna og skulu niðurstöður þeirra fylgja úmsókn. Í úmsögn jarðvísindamanna skv. 1. ml. skal skýrt tekið fram hver sé áætluð afkastageta svæðisins og einstakra borhola eftir því sem við á.
4. Kostnaðaráætlun fyrir væntanlega hitaveitu skal lögð fram með lánsúmsókn. Í kostnaðaráætlun skal tekið fram hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar þ.m.t. um líklegan fjölda tengdra notenda og hvort ætla megi að einhverjir kjósi að standa utan hitaveitunnar.
5. Hagkvæmniútreikningar samkvæmt reiknilíkani Orkusjóðs skulu fylgja úmsókn.
6. Í hagkvæmniútreikningunum er áætlað orkuverð frá hinni fyrirhuguðu veitu borið saman við það verð sem greitt er nú svo og aðra mögulega orkukosti. Skilyrði fyrir lánveitingu er að áætlað verð hinnar nýju veitu komi jákvætt út úr þeim samanburði.
7. Þegar fyrir liggja öll áskilin gögn frá umsækjanda skal leitað umsagnar Orkustofnunar um úmsóknina og þau gögn og útreikninga er henni fylgja.
8. Að fenginni úmsögn Orkustofnunar afgreiðir orkuráð úmsóknina. Höfnun lánsúmsóknar er tilkynnt umsækjanda bréflaga.
9. Tillögu til ráðherra um lánveitingu skulu fylgja afrit þeirra gagna sem fyrir lágu við afgreiðslu orkuráðs.
10. Frágangur láns skjala, þinglýsing og útgreiðsla lánsupphæðarinnar fer ekki fram fyrir en

staðfesting ráðherra liggur fyrir svo og staðfesting á framvindu verksins, sem unnið hefur verið í samræmi við ráðgjöf jarðvísindamanna, sem aflað var og fyrir lá við afgreiðslu lánsúmsóknarinnar.

Ofangreindar reglur eru hér með staðfestar á grundvelli 2. mgr. 3. gr. og 6. gr. reglugerðar nr. 514/2003 um Orkusjóð og taka gildi nú þegar.

Iðnaðarráðuneytinu, 2. mars 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulög í Sveitarfélaginu Árborg.

Lóð í Götuhúsatúni á Stokkseyri, fjarskiptamastur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 11. febrúar 2004 tillögu að deiliskipulagi fyrir lóð undir fjarskiptamastur í Götuhúsatúni á Stokkseyri í Sveitarfélaginu Árborg.

Á lóðinni mun rísa 16 metra fjarskiptamastur og 9 m² tækjahús.

Tillagan var sett fram í mkv. 1:2000 þann 25. nóvember 2003 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 3. desember til 31. desember 2003 og var athugasemdafrestur til 14. janúar 2004.

Engar athugasemdir bárust.

Suðurbyggð, íbúðarhverfi A,B,D og E, á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 11. september 2002 tillögu að deiliskipulagi fyrir Suðurbyggð, íbúðarhverfi A, B, D og E, á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Í Suðurbyggð mun rísa blönduð íbúðarbyggð samtals 348 íbúðir.

Tillagan var sett fram í mkv. 1:1.000/1:10.000 þann 2. maí 2002 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 30. maí til 28. júní 2002 og var athugasemdafrestur til 12. júlí 2002.

Engar athugasemdir bárust.

Uppdrættir og greinargerðir fyrir báðar deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulögin taka þegar gildi.

Selfossi, 1. mars 2004.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Grýtubakkahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:	kr.
Íbúðir á Grenivík	11.250
Sveitaheimili	7.500
Sumarbústaðir á Grenivík	7.500
Sumarbústaðir utan Grenivíkur	3.750

Hreppsnefnd er heimilt að veita 50% afslátt ef tveir eða færri eru á heimili.

Sorphirðugjald fyrirtækja (þ.m.t. sveitabýla):	kr.
Flokkur 1	7.500
Flokkur 2	11.250
Flokkur 3	20.000
Flokkur 4	35.000
Flokkur 5	70.000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni sorps.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps. Staðfest í sveitarstjórn Grýtubakkahrepps 5. janúar 2004 og 19. janúar 2004.

Grenivík, 20. janúar 2004.

Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar á Reyðarfirði í Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 19. febrúar 2004 samþykkt breytingu á deiliskipulagi miðbæjar á Reyðarfirði í Fjarðabyggð. Breytingin nær til reits sem afmarkast af Búðareyri, Hafnargötu, Strandgötu og Búðargötu. Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 5. mars 2004.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar,

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

AUGLÝSING

staðfestingar á breytingu á skipulagsskrá fyrir Hjálparstarf kirkjunnar nr. 327 12. janúar 1999.

Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 12. janúar 1999:

10. gr. hljóði svo:

Yfirstjórn Hjálparstarfs kirkjunnar er í höndum fulltrúaráðs, sem þannig er skipað:

- a) Fimm menn skipaðir af kirkjuráði til tveggja ára, þannig að tvö sæti séu laus þegar ártal stendur á oddatölu og þrjú sæti, þegar ártal stendur á jafnri tölu. Tveir varamenn eru skipaðir með sama hætti og ganga þeir úr fulltrúaráðinu sitt árið hvor, en í fyrsta skipti er annar þeirra skipaður til eins árs.
- b) Hvert prófastsdæmi landsins kys einn mann í fulltrúaráð og annan til vara. Skulu þeir kjörnir á héraðsfundum til tveggja ára í senn.
- c) Mælt er til að hver sókn kjósi einn mann í fulltrúaráð og annan til vara. Skulu þeir kjörnir á aðalsafnaðarfundum til tveggja ára í senn. Í prestaköllum þar sem búa færri en 2000 manns geta sóknir prestakallsins sameinast um einn fulltrúa.
- d) Ekki má endurskipa eða kjósa menn í fulltrúaráð oftar en svo að samfelld seta þeirra í fulltrúaráði verði lengri en sex ár.

14. gr. hljóði svo:

Reikningsárið er frá 1. júlí til 30. júní og skulu reikningar endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og kjörnum skoðunarmönnum, lagðir fram á aðalfundi til umræðna og úrskurðar.

16. gr. hljóði svo:

Héraðskjörnir fulltrúaráðsmenn skulu leggja fram skýrslu á héraðsfundum um starfsemi Hjálparstarfs kirkjunnar, og annast það sem varðar viðkomandi prófastsdæmi sérstaklega. Kjörnir fulltrúar skulu ásamt sóknarprestum, vera tengiliðir safnaða og Hjálparstarfs kirkjunnar. Þeir skulu skipuleggja og stjórna aðgerðum í sínum sóknum eða prestaköllum, eftir því sem þörf krefur.

2. mgr. 18. gr. hljóði svo:

Skipulagsskrá þessi var samþykkt á aðalfundi stofnunarinnar 30. júní 1989. Breytingar voru gerðar á aðalfundi 25. apríl 1992, aðalfundi 31. október 1998 og aðalfundi 25. október 2003.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Hjálparstarf kirkjunnar staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. mars 2004.

F. h. r.
Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Grenivík vegna Lækjarvalla.

Í samræmi við 4. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Grýtubakkahrepps þann 1. september 2003 deiliskipulag fyrir Lækjarvelli á Grenivík. Uppdrættir hafa þegar hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Grenivík, 9. mars 2004.

Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 327/2003, um endurgreiðslu almenns og sérstaks vörugjalds af bensíni til sendimanna erlendra ríkja.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Umsókn um endurgreiðslu skal beina til utanríkisráðuneytisins og fylgi umsókn frumrit af þeim reikningum sem endurgreiðslubeiðni er byggð á. Eftir að utanríkisráðuneytið hefur gengið úr skugga um að í hlut eigi aðilar er undir reglurnar falla sendir það Ríkisendurskoðun endurgreiðslubeiðni ásamt þeim reikningum er umsókn fylgja. Að lokinni endurskoðun reikninga sendir Ríkisendurskoðun þá til viðkomandi sendiráðs með áritun um endurgreiðslu en sendir endurgreiðslubeiðni til ríkisféhirðis til afgreiðslu.

Ekki verður um endurgreiðslu að ræða nema heildarfjárhæð reikninga á því tímabili sem endurgreitt er fyrir nemi a.m.k. 10.000 kr. með virðisaukaskatti. Ríkisendurskoðun skal heimila endurgreiðslu innsendra reikninga vegna fastra mánaðarlegra reikningsviðskipta nái heildarfjárhæð slíkra reikninga a.m.k. 10.000 kr. með virðisaukaskatti.

Reikningar þeir sem endurgreiðslubeiðni er byggð á skulu vera greiddir. Til staðfestingar á greiðslu skal greiðslukvittun fylgja greiddum reikningum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 6. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, sbr. 1. mgr. 27. gr. og 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, og öðlast gildi frá og með 1. janúar 2004.

Fjármálaráðuneytinu, 4. mars 2004.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Elmar Hallgríms.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 952/2002, um framhaldsnám við heimspekideild Háskóla Íslands.

1. gr.

Í stað einingafjöldans „20e“ í 1. másl. 1. mgr. 10. gr. reglnanna kemur: 15e.

2. gr.

Reglur þessar sem hlotið hafa staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 25. febrúar 2004.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

4. mars 2004

Nr. 254

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 264/1971 um raforkuvirki, með áorðnum breytingum.

1. gr.

Við gr. 1.4.1. *Ábyrgðarmaður raforkuvirkja rafveitna* bætist við eftirfarandi:

(3) hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraums-sviði) frá Tækniskóla Íslands eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja, eða

(4) hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi rafiðna (sterkstraums-sviði) frá viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja.

Ef rafveitan framleiðir og/eða dreifir einungis lágspenntri raforku skal ábyrgðarmaður hennar hafa tveggja ára reynslu að loknu námi/sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja.

2. gr.

Eftirfarandi setning í gr. 1.5.2, *Sá sem ábyrgðarmaður gerir að fulltrúa sínum skal a.m.k. uppfylla ákvæði gr. 1.4.7 eða 1.4.9.1*, fellur burtu og í hennar stað kemur eftirfarandi: *Sá sem ábyrgðarmaður gerir að fulltrúa sínum skal a.m.k. uppfylla ákvæði gr. 1.4.7 - 1.4.9, eftir því sem við á.*

3. gr.

Reglugerð þessi um breytingu á reglugerð um raforkuvirki nr. 264 31. desember 1971, með áorðnum breytingum, er sett samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 146/1996 um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 4. mars 2004.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 1041/2003, um meistaranám í upplýsingatækni á heilbrigðisviði við Háskóla Íslands.

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. júlí“ í e-lið 2. mgr. 6. gr. reglnanna kemur: 22. maí.

2. gr.

Reglur þessar sem hlotið hafa staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. sameiginlegra regna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 25. febrúar 2004.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUR

um fjárhagsaðstoð hjá Félagsþjónustu Grindavíkur.

I. KAFLI

Almenn atriði.

1. gr.

Framfærsluskylda.

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Fólk sem er í skráðri sambúð í þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

2. gr.

Inntak fjárhagsaðstoðar.

Fjárhagsaðstoð er veitt til framfærslu einstaklingum og fjölskyldum sem hafa ónógar tekjur og geta ekki séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, sbr. og III. kafla reglna þessara.

Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, sbr. IV. kafla reglna þessara.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, sbr. og 16. gr. þessara reglna.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, svo og skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um námsstyrki.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsþjónustu, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

3. gr.

Form fjárhagsaðstoðar.

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð er veitt sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna, sbr. 25. og 26. gr. þessara reglna, sbr. og 22. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Lán eru vaxtalaus en geta verið bundin launavísitölu.

4. gr.

Lögheimili og búseta.

Umsækjendur um fjárhagsaðstoð skulu eiga lögheimili í Grindavík og hafa þar sannanlega búsetu. Telji starfsmaður dvöl umsækjanda í bæjarfélaginu, sem skráður er þar með lögheimili ekki vera ígildi fastrar búsetu, sbr. ákvæði lögheimilislaga nr. 21/1990, skal tekin ákvörðun um hvort málið verði athugað nánar.

5. gr.

Tímabil samþykkrar aðstoðar.

Réttur til fjárhagsaðstoðar skapast í þeim mánuði sem sótt er um aðstoð og greiðist mánaðarlega. Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjú mánuði. Þegar umsækjandi fær jafnframt bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og ljóst er að aðstæður hans muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð í sex mánuði í senn. Aðstæður þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en sex mánuði skulu kannaðar sérstaklega, félagsleg ráðgjöf veitt í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og máli vísað til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna ef við á.

Í undantekningartilvikum er heimilt að veita fjárhagsaðstoð vikulega vegna sérstakra aðstæðna.

Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn er lögð fram. Rökstuddar ástæður verða að réttlæta aðstoð aftur í tímann og verður skilyrðum fjárhagsaðstoðar að vera fullnægt allt það tímabil sem sótt er um.

II. KAFLI

Umsókn um fjárhagsaðstoð.

6. gr.

Stjórn og framkvæmd.

Félagsmálaráð fer með stjórn félagslegrar þjónustu í umboði bæjarstjórnar Grindavíkur sbr erindisbréf ráðsins.

Starfsmaður/starfsmenn félagsþjónustunnar sjá um framkvæmd fjárhagsaðstoðar undir stjórn félagsmálaráðs.

Starfsmaður/starfsmenn félagsþjónustunnar leggja mat á og afgreiða umsóknir um fjárhagsaðstoð samkvæmt III. kafla í reglum þessum.

Starfsmaður/starfsmenn meta umsóknir samkvæmt IV. kafla og leggja fram á fundum félagsmálaráðs sem tekur ákvörðun um aðstoð.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun starfsmanns/starfsmanna um afgreiðslu fjárhagsaðstoðar til félagsmálaráðs og ákvörðunum félagsmálaráðs til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, sbr. 35. og 36. gr. reglna þessara.

7. gr.

Umsókn og fylgigögn.

Við mat á beiðnum um fjárhagsaðstoð skulu ætíð liggja fyrir eftirtalin gögn:

Umsókn skal undirrituð á sérstök umsóknareyðublöð, þar sem fram komi upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri og nákvæmar upplýsingar um tekjur og eignir.

Umsókn skal fylgja staðfest skattframtal vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarféлага eða öðrum aðilum.

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa skráningarskírteini frá vinnumiðlun er staðfestir atvinnuleysi hans. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa dagpeningavottorði. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði. Hafi hann ekki skráð sig hjá vinnumiðlun, án viðhlítandi skýringa, hefur það áhrif á fjárhæð, sbr. 3. gr. þessara reglna.

8. gr.

Upplýsingar um tekjur og eignir umsækjanda.

Starfsmenn skulu, ef þörf krefur, afla frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, m.a. hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum og Atvinnuleysistryggingasjóði. Skal það gert í samráði við umsækjanda. Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka stöðvast afgreiðsla umsóknar hans.

Skylt er að veita félagsmálaráði og starfsmanni/starfsmönnum félagsþjónustunnar upplýsingar úr skattframtölum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar. Sama gildir um upplýsingar úr skattframtölum lögskylds framfæranda, enda hafi umsækjandi veitt félagsmálaráði og/eða starfsmönnum umboð til að afla þessara upplýsinga, sbr. 24. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

III. KAFLI

Réttur til fjárhagsaðstoðar.

9. gr.

Mat á fjárþörf.

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárþörf til framfærslu, sbr. 11. gr., lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur, sbr. 12. gr.

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar.

10. gr.

Upphæð fjárhagsaðstoðar.

Framfærslugrunnur tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds og miðast við grunnfjárhæð kr. 77.083. Framfærslugrunnur vegna einstaklinga 18 ára og eldri er 1.0 en vegna hjóna og fólks í sambúð 1.6. Upphæð fjárhagsaðstoðar er óháð því hvort barn/börn búi á heimilinu.

Fólki sem býr hjá foreldri/um skal reiknast $\frac{1}{2}$ grunnupphæð á mánuði, eða mismunur á þeirri upphæð og eigin tekjum þeirra. Sama gildir um þá sem hafa búsetu hjá ættingjum, vinum eða vandamönnum og greiða engan húsnæðiskostnað.

Heimilt er að greiða kostnað vegna dvalar fólks á áfangaheimilum, í neyðarathvarfi eða á meðferðarheimili. Greiddur dvalarkostnaður er þá hluti af framfærslu.

Vasapeninga er heimilt að greiða til umsækjanda sem er í meðferð. Vasapeningar taka mið af skilgreiningu Tryggingastofnunar ríkisins hverju sinni.

Aðstoð við námsmenn fer eftir ákvæðum 16. og 17. gr.

Félagsmálaráði er heimilt að endurskoða upphæð grunnfjárhæðar. Hafa skal til hliðsjónar greiðslur almannatrygginga sem nema samanlagðri mánaðargreiðslu örorkulífeyris, tekjutryggingar örorkulífeyrisþega og heimilisuppbótar svo og greiðslufjárhæðir atvinnuleysisbóta.

11. gr.

Lækkun grunnfjárhæðar.

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa skal fjárhagsaðstoð að jafnaði miðast við hálfá grunnupphæð hvort heldur er til einstaklings eða hjóna/sambýlisfólks þann mánuð sem umsækjandi hafnar vinnu og mánuðinn þar á eftir.

Sama á við atvinnulausan umsækjanda sem ekki framvísar skráningarskírteini eða dagpeningavottorði frá svæðisvinnumiðlun án viðunandi skýringa.

12. gr.

Tekjur og eignir umsækjanda.

Allar tekjur umsækjanda og maka ef við á, í þeim mánuði er sótt er um og mánuðinum á undan, eru taldar með við mat á fjárþörf. Með tekjum er hér átt við allar tekjur og greiðslur til umsækjanda og maka, þ.e. atvinnutekjur, allar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins nema greiðslur með börnum, greiðslur úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarféлага, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s.frv. og koma þær til frádráttar. Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Greiðslur vegna barna teljast ekki til tekna enda ekki reiknað með framfærslukostnaði vegna þeirra við mat á fjárþörf.

Húsaleigu- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsaleigubóta, en einnig er gert ráð fyrir húsnæðiskostnaði í framfærslugrunni.

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambýlingur eignir umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi eða fjölskylda hans býr í og eina fjölskyldubifreið eða hafi hann nýlega selt

eignir sínar skal honum að jafnaði vísað á lánafyrirgreiðslu banka og sparisjóða þó að tekjur hans séu undir viðmiðunarmörkum.

13. gr.

Greiðslur meðlags.

Pegar tekjur umsækjanda eru við eða lægri en grunnfjárhæðin skal taka tillit til meðlagsgreiðslna með barni eða börnum sem umsækjandi hefur greitt með reglulega fram að þeim tíma að hann fær fjárhagsaðstoð. Hækkar fjárhagsaðstoðin sem nemur einu meðlagi eins og það er á hverjum tíma með hverju barni. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi staðið í skilum með meðlag a.m.k. undanfarna fjóra mánuði. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir. Slíkar greiðslur skulu greiddar til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

14. gr.

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum.

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hafa lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að þeir hafi stöðvað atvinnurekstur og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysisstryggingar, nr. 12/1997, sbr. og 4. mgr. 1. gr. reglna þessara.

Heimilt er þó að veita aðstoð til sjálfstætt starfandi einyrkja með tekjur undir framfærslugrunni í allt að þrjú mánuði áður en gerð er krafa um að þeir hafi stöðvað atvinnurekstur og leiti réttar síns til atvinnuleysisbóta.

Sé umsækjandi sjálfstætt starfandi í hlutastarfi með tekjur undir framfærslugrunni skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá vinnumiðlun og leiti að fullu starfi.

15. gr.

Námsmenn.

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna geta að öðru jöfnu ekki sótt um fjárhagsaðstoð. Sama á við um maka eða sambýlismann námsmanns, enda sé gert ráð fyrir framfærslu maka við útreikning námslána.

IV. KAFLI

Heimildir vegna sérstakra aðstæðna.

16. gr.

Aðstoð til tekjulágra foreldra vegna barna á þeirra framfæri.

Heimilt er að veita foreldrum, sem hafa haft tekjur undanfarna fjóra mánuði sem eru við eða lægri en grunnfjárhæðin, sérstaka fjárhagsaðstoð. Um er að ræða aðstoð til að greiða fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, lengdan skólalaga, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómsundastarfi. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru 10.000 kr. á mánuði.

Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Hér er átt við foreldra sem hafa haft tekjur á eða undir grunnfjárhæð undanfarna 12 mánuði eða lengur. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað, skólagjöld og ferðakostnað til og frá skóla.

17. gr.

Námsaðstoð.

Heimilt er að styrkja ungt fólk til náms sem á við erfiðar félagslegar aðstæður að etja og styðja það þannig til sjálfshjálpar. Er þá lagt mat á hvort styrkja skuli einstaklinga sem

ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla vegna fjárhagslegra og/eða félagslegra erfiðleika og búa við bágbornar heimilisaðstæður.

Heimild þess nær eingöngu til fólks undir viðmiðunarmörkum samkvæmt reglum þessum.

Við ákvörðun um námsaðstoð skal hafa til hliðsjónar það fjármagn sem ætlað er til aðstoðar í fjárhagsáætlun hverju sinni.

Námsaðstoð er heimilt að veita fólki á aldrinum 18-25 ára að uppfylltum áður töldum skilyrðum þessarar greinar og aðstoðin miðast við grunnfjárhæð ásamt skólagjöldum og bókakostnaði en tekjur koma til frádráttar sbr. 12. gr.

Starfsmaður skal meta námsframvindu í hverju tilviki miðað við aðstæður hvers og eins. Nemandi skal leggja fram yfirlit yfir skólasókn mánaðarlega og einkunnir í annarlok. Miðað skal við að námið leiði til þess að nemandi geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði Íslenskra Námsmanna.

Ákvarðanir um námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn og er heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu.

18. gr.

Styrkur vegna húsbúnaðar.

Fjárhagsaðstoð til kaupa á húsbúnaði er heimil í eftirfarandi tilvikum:

- til einstaklings, sem hefur lægri tekjur en sem nema grunnfjárhæð, er eignalaus og er að stofna heimili eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun,
- til ungs fólks á aldrinum 18-24 ára, sem er eignalaust, með tekjur við eða undir grunnfjárhæð, hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn,
- til einstaklinga sem eru að flytja á sambýli eða í þjónustuíbúðakjarna á vegum Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra, og eru eignalausir, með tekjur við eða undir grunnfjárhæð.

Viðmiðunarmörk aðstoðar samkvæmt a- og b-lið eru 100.000 kr. en c-lið 40.000 kr. Húsbúnaðarstyrkir greiðast einu sinni.

19. gr.

Greiðsla sérfræðiaðstoðar.

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga til einstaklinga sem hafa tekjur við eða undir grunnfjárhæð og fullnægja a.m.k. einu eftirfarandi skilyrða:

- hafa átt við langvarandi atvinnuleysi að stríða, sex mánuði eða lengur, eða verið tekjulausir undanfarna sex mánuði eða lengur,
- hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu til lengri tíma.

Hámark aðstoðar er 55.000 kr. á ári.

Kostnaðaráætlun tannlæknis skal fylgja með umsókn.

20. gr.

Styrkur til að greiða viðtöl hjá sérfræðingum.

Heimilt er að veita einstaklingum í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá félagsráðgjöfum með sérfræðiréttindi, geðlæknum og sálfræðingum, sem lið í umfangsmeiri aðstoð:

- einstaklingum sem alist hafa upp við, eða búið um lengri tíma við, mikla og langvarandi félagslega erfiðleika,

- b) einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi.

Hámark aðstoðar eru 55.000 kr. á ári.

21. gr.

Útfararstyrkir.

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið getur ekki staðið undir útför hins látna.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk: Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna, launaseðlar og greiðslufirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum, staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks, tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar eignir dánarbúsins duga ekki til að greiða fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í, sbr. 9. gr., 3. mgr.

Miða skal við raunkostnað útfarar. Hámark aðstoðar er 160.000 kr.

22. gr.

Öryggishnappur.

Heimilt er að veita lífeyrisþegum fjárhagsaðstoð vegna öryggishnapps. Skilyrði er að umsækjendur hafi einungis tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins eða tekjur nái ekki grunnfjárhæð og þeir þurfi samkvæmt læknisvottorði öryggishnapp til að geta búið heima.

Styrkurinn nemi að hámarki hlut umsækjanda í stofnkostnaði sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir ekki.

23. gr.

Áfallaaðstoð.

Heimilt er að veita tekjulágum einstaklingum og fjölskyldum sem eru við eða undir viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoð vegna skyndilegs missis búslóðar eða annars eignamissis sem orðið hefur vegna bruna, hamfara eða veikinda. Aðstoðin kemur einungis til álita þegar tjónþoli hefur ekki haft heimilstryggingu eða aðra tryggingu sem bætir tjónið. Sama gildir ef umsækjandi hefur þurft að rýma húsnæði af heilbrigðisástæðum. Heimilt er að veita styrk allt að 120.000 kr.

24. gr.

Lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu.

Heimilt er að veita þeim sem hafa haft tekjur við eða undir grunnfjárhæð í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan lán allt að 150.000 kr. til fyrirframgreiðslu húsaleigu.

Þinglýstur húsaleigusamningur skal liggja fyrir eða önnur staðfesting um að samningur eigi við rök að styðjast. Miða skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum markaði.

25. gr.

Aðstoð vegna sérstakra fjárhagserfiðleika.

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki lán eða styrk vegna sérstakra fjárhagserfiðleika, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a) staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánafyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana,
- b) fyrir liggi yfirlit starfsmanns félagsþjónustunnar eða Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna um fjárhagsstöðu umsækjanda,
- c) fyrir liggi á hvern hátt lán eða styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra.

Styrkur kemur einungis til álita hafi umsækjandi haft tekjur á eða undir grunnfjárhæð undanfarandi sex mánuði eða lengur.

Lán skal ekki veitt ef ljóst er að umsækjandi muni ekki geta staðið undir afborgunum af því.

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð vegna greiðsluerfiðleika og til kaupa á nauðsynjum, svo sem gleraugum, fatnaði, heyrnartækjum og öðrum hjálpartækjum sem Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í að greiða.

26. gr.

Um fjárhagsaðstoð sem veitt er í formi láns.

Ef veita á fjárhagsaðstoð sem lán og fyrir liggur að umsækjandi er þegar með eldra lán hjá félagsþjónustunni skal gera eldra lánið upp eða sameina það nýrri lánveitingu áður en nýtt lán er veitt.

27. gr.

Aðstoð vegna jólahalds.

Jólastyrkir nema 25% af grunnaðstoð og eru að öllu jöfnu aðeins veittir þeim sem eiga við sérstaka félagslega erfiðleika að etja og hafa verið undir eða á viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar undanfarna 6 mánuði. Sækja þarf sérstaklega um jólastyrk.

V. KAFLI

Málsmeðferð

sbr. ákvæði stjórnýslulaga, nr. 37/1993, og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

28. gr.

Könnun á aðstæðum.

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist.

Starfsmenn félagsþjónustu eða félagsmálaráð skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

29. gr.

Samvinna við umsækjanda.

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti talsmann hans ef við á.

30. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum.

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn og fulltrúar í félagsmálaráði kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

31. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda.

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður veita umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Starfsmaður skal aðstoða umsækjanda ef þess er þörf að sækja réttindi sín til annarra stofnana og sjóða. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið félagsþjónustunnar, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

32. gr.

Niðurstæða og rökstuðningur synjunar.

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

33. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar.

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur félagsþjónustan endurkafið viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

34. gr.

Kynning á ákvörðun um fjárhagsaðstoð.

Þær ákvarðanir um fjárhagsaðstoð sem starfsmenn félagsþjónustunnar hafa umboð til að taka, sbr. 7. gr., 3. tl., skulu þeir kynna umsækjanda tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að félagsmálaráð fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur að öðru jöfnu fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til félagsmálaráðs frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálaráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun félagsmálaráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

35. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálaráðs til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálaráðs.

Samþykkt í félagsmálaráði Grindavíkur, 11. desember 2003.

F.h. félagsmálaráðs Grindavíkur,

Halldór Ingvason félagsmálastjóri.

Samþykkt í bæjarstjórn, 14. janúar 2004.

F.h. bæjarstjórnar Grindavíkur,

Ólafur Örn Ólafsson bæjarstjóri.

REGLUR

um doktorsnám við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

1. gr.

Rannsóknanámsnefnd.

Við deildina starfar rannsóknanámsnefnd, sem fer með málefni meistara- og doktorsnáms. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um umsóknir um doktorsnám, samþykka námsáætlanir og meiri háttar breytingar á þeim. Nefndin tilnefnir einnig andmælendur fyrir doktorsvörn og sinnir öðrum málum sem kunna að koma upp varðandi doktorsnámið. Forstöðumenn fræðasviða og fastanefndir deildarinnar skulu hafa samráð sín á milli um framboð námskeiða á doktorsstigi.

Stúdent getur skotið ágreiningi við doktorsnefnd til rannsóknanámsnefndar.

2. gr.

Umsóknarfrestur.

Umsóknarfrestur um doktorsnám er til 15. mars vegna náms er hefst á haustmisseri en til 15. september vegna náms er hefst á vormisseri.

3. gr.

Meðferð umsókna.

Ferli umsókna um doktorsnám er sem hér segir:

- a) Stúdent finnur sér leiðbeinanda, í samræmi við ákvæði 7. gr.
- b) Umsækjandi skal greina frá því hvernig hann hyggst fjármagna doktorsnám sitt og hvort hann hyggst sækja um fjárstuðning í tengslum við námið (t.d. til Rannsóknánámssjóðs). Liggi fyrir drög að umsókn til sjóða skulu þau fylgja umsókn.
- c) Stúdent sækir um inngöngu í doktorsnám á sérstöku eyðublaði og skilar til hjúkrunarfræðideildar. Umsókn um doktorsnám skal fylgja ítarleg greinargerð um námsáætlun, rannsóknaverkefnið og rannsóknáætlun, ásamt samþykki tilvonandi leiðbeinanda. Meiri háttar breytingar á námsáætlun eru háðar samþykki rannsóknanámsnefndar sbr. 1. gr. Önnur nauðsynleg fylgigögn með umsókn eru tilgreind á umsóknareyðublaði.
- d) Rannsóknanámsnefnd fjallar um umsóknir og tekur afstöðu til þeirra. Eftir umfjöllun í nefndinni er umsókn afgreidd í deildarráði. Deildin synjar nemanda ef umsókn uppfyllir ekki gæðakröfur. Í bréfi deildar til nemanda skal rökstyðja ákvörðun fyrir synjun. Samþykki umsókna eða synjun skal tilkynna bréflega fyrir 25. apríl vegna innritunar á haustmisseri og fyrir 15. október vegna innritunar á vormisseri.
- e) Samþykki deildarráð umsóknina, tilnefnir rannsóknanámsnefnd umsjónarkennara. Rannsóknanámsnefnd getur gert athugasemdir við námsáætlun og skal þá nemandi í samvinnu við umsjónarkennara vinna að endanlegri námsáætlun.
- f) Skráning til náms fyrir haustmisseri skal fara fram í nemendaskrá í síðasta lagi 31. júlí en 30. október fyrir nám á vormisseri.

4. gr.

Inntökuskilyrði.

M.S.-próf í hjúkrunarfræði eða ljósmóðurfraði eða sambærilegt M.S./M.A.-próf frá viðurkenndum rannsóknaháskóla er skilyrði fyrir inntöku í doktorsnám við hjúkrunarfræðideild.

5. gr.

Einingafjöldi og tímalengd náms.

Doktorsnám er 90 eininga nám að loknu meistaraþrófi, þar af skulu námskeið vera a.m.k. 30 einingar. Námskeið skulu að jafnaði vera á doktorsstigi og lágmarkseinkunn fyrir hvert námskeið í samræmi við kröfur þess rannsóknaháskóla sem námskeiðið er tekið við.

Doktorsnám að loknu meistaraþrófi er 3 ára fullt nám (30 einingar á hverju skólaári) og skal nemandi vera skráður og greiða skráningargjald allan námstímamann eða samkvæmt nánari reglum sem gilda um skráningu í Háskóla Íslands á hverjum tíma. Hámarkstími í doktorsnámi er 5 ár. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að framlengja þann tíma um 1 ár.

6. gr.

Tengsl meistara- og doktorsnáms.

Ekki er heimilt að nota meistaraþrófsritgerð aftur sem uppistöðu í doktorsritgerð.

7. gr.

Umsjónarkennari og leiðbeinandi.

Sérhver doktorsnemi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi fastra kennara (prófessora, dósentana og lektora) sbr. 3. gr., sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem náminu tengist.

Leiðbeinandi annast faglega leiðsögn nemanda í rannsóknum og að jafnaði er hann einnig umsjónarkennari nemandans. Heimilt er að hafa tvo eða fleiri leiðbeinendur og bera þeir þá sameiginlega ábyrgð á að leiðbeina nemandanum. Deild getur heimilað nemanda að hafa leiðbeinanda sem ekki er úr hópi fastra kennara og skal hann þá uppfylla þær kröfur sem tilgreindar eru í 2. mgr. 9. gr.

8. gr.

Kröfur til umsjónarkennara og leiðbeinanda.

Umsjónarkennari skal ávallt vera dósent eða prófessor í viðkomandi grein.

Verkefni nemandans skal vera á sérsviði leiðbeinandans. Leiðbeinandi doktorsnema skal hafa doktorspróf. Hann skal vera viðurkenndur sérfræðingur á viðkomandi sviði og hafa birt ritsmíðar er tengjast verkefni nemandans á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur.

9. gr.

Doktorsnefndir.

Doktorsnefnd skal skipuð þremur til fimm sérfróðum einstaklingum sem rannsóknánámsnefnd tilnefnir og skipar og skal a.m.k. einn þeirra vera utan deildar. Einn þeirra skal vera umsjónarkennari og er hann formaður nefndarinnar. Í þeim tilvikum sem umsjónarkennari er ekki leiðbeinandi skal leiðbeinandi einnig sitja í doktorsnefnd.

Meðlimir doktorsnefndar skulu vera sérfróðir á fræðasviðum er tengjast verkefni doktorsnema og hafa lokið doktorsprófi eða áunnið sér jafngildi þess.

10. gr.

Framvinda náms og námsmat.

Nemandi skilar árlega inn framvinduskýrslu um nám sitt til rannsóknánámsnefndar.

Doktorsnefnd kveður doktorsefni á sinn fund eftir því sem þurfa þykir meðan á náminu stendur og prófar doktorsnemann í almennri fræðilegri þekkingu og rannsóknaraðferðum á viðkomandi sviði. Sérstakt próf skal fara fram þegar rannsóknáætlun liggur fyrir þar sem nemandi ver rannsóknáætlun sína.

Áður en til doktorsvarnar kemur skilar doktorsnefndin rökstuddu álitni til deildar um það hvort gefa skuli doktorsefni kost á að leggja ritgerð fram til doktorsvarnar. Doktorsritgerð skal leggja fram fyrir doktorsnefnd og andmælendur eigi síðar en átta vikum fyrir áætlaða doktorsvörn.

Fyrir doktorsritgerð er ekki gefin einkunn að öðru leyti en því að lagt er mat á hvort nemandi hefur staðist þær kröfur sem gerðar eru.

Varðandi námsmat námskeiða sem eru hluti doktorsnámsins, vísast til 1. mgr. 5. gr.

11. gr.

Andmælendur.

Andmælendur við doktorsvörn skulu vera tveir óháðir aðilar, sem ekki eiga sæti í doktorsnefnd. Rannsóknanámsnefnd tilnefnir andmælendur og óskar eftir skipun þeirra. Að minnsta kosti annar andmælendanna skal vera frá erlendum rannsóknaháskóla. Að öðru leyti skal við val andmælenda og framkvæmd doktorsvarnar farið að reglum í 2. tölulið 69. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands.

12. gr.

Skil og frágangur doktorsritgerðar.

Verk til lokaprófs getur verið hvort sem er í formi heildstæðrar ritgerðar eða safns greina sem hafa birst eða verið sendar til birtingar í ritrýndum alþjóðlegum tímaritum. Með greinasafni skal ávallt fylgja ítarleg samantekt á verkinu og yfirlit yfir þekkingu á þeim fræðasviðum sem verkið tekur til.

Gert er ráð fyrir að doktorsritgerð sé rituð á ensku og henni skal fylgja útdráttur á íslensku og ensku. Koma skal skýrt fram að verkefnið er unnið við Háskóla Íslands, leiðbeinanda getið og þeirra sjóða Háskólans sem styrkt hafa verkefnið. Nemandi skal skila fjórum eintökum af ritgerð til Háskóla Íslands, þar af einu eintaki til Háskólabókasafns.

Varðandi frekari reglur um frágang og skil ritgerða er vísað til leiðbeininga sem finna má á vefsíðu hjúkrunarfræðideildar.

13. gr.

Lærdómstitlar.

Þeir sem ljúka doktorsprófi við hjúkrunarfræðideild hljóta lærdómstitilinn *Philosophiae Doctor* (Ph.D.).

14. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í hjúkrunarfræðideild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla hjúkrunarfræðideildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

Háskóla Íslands, 25. febrúar 2004.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUR

um doktorsnám við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Doktorsnám í félagsvísindadeild.

Í félagsvísindadeild er unnt að stunda nám til doktorsprófs á fræðasviðum þar sem skor og deildarráð meta að nauðsynleg aðstaða og sérþekking sé fyrir hendi. Markmið doktorsnáms er að veita doktorsnemum vísindalega þjálfun og búa þá undir vísindastörf, meðal annars háskólakennslu eða sérfræðingsstörf við vísindalegar rannsóknastofnanir.

2. gr.

Rannsóknanámsnefnd.

Rannsóknanámsnefnd félagsvísindadeildar fer með þau málefni doktorsnáms við deildina sem deildin felur henni. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að huga að almennri stefnumótun í málefnum rannsóknarnáms í félagsvísindadeild, fjalla um umsóknir og sinna öðrum málum sem deildin kann að fela henni. Í rannsóknanámsnefnd eiga sæti fulltrúar skora deildarinnar auk fulltrúa framhaldsnema og skulu þeir valdir til tveggja ára í senn.

3. gr.

Umsóknarfrestur.

Umsóknarfrestur um doktorsnám við félagsvísindadeild er ákveðinn í deildarráði í janúar ár hvert og skal birtur í kennsluskrá og á vefsvæði deildar.

4. gr.

Meðferð umsókna.

Umsóknum um doktorsnám skal skilað til skrifstofu félagsvísindadeildar. Ferli umsóknar er sem hér segir:

- a) Umsókn um doktorsnám skal skilað á sérstöku eyðublaði félagsvísindadeildar. Með umsókn skal fylgja afrit af prófskírteinum, frumdrög að rannsóknaráætlun og önnur fylgiskjöl, sbr. leiðbeiningar sem gefnar eru út af félagsvísindadeild.
- b) Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi fundið leiðbeinanda meðal fastra kennara félagsvísindadeildar og tryggt sér samþykki viðkomandi áður en umsókn er send inn.
- c) Umsókn er send á skrifstofu félagsvísindadeildar sem fer yfir og skráir umsóknir, athugar hvort tilskilin gögn fylgja og gengur eftir því sem á vantar.
- d) Umsókn fer fyrst til afgreiðslu í hlutaðeigandi skor. Skor getur hafnað umsókn ef rannsóknaráætlun þykir ófullnægjandi, ef ekki er tiltækur sérfræðingur á viðkomandi fræðasviði, eða ef ekki er fjárhagslegur grundvöllur til að sinna nemandanum.
- e) Eftir umfjöllun í skor er umsókn send til umsagnar rannsóknanámsnefndar.
- f) Að fenginni umsögn rannsóknanámsnefndar er umsókn afgreidd í deildarráði. Sé umsókn hafnað skal rökstuðningur fylgja afgreiðslu. Afgreiðsla skorar er háð samþykki deildarráðs.
- g) Deildarskrifstofa svarar umsækjanda skriflega eftir að deildarráð hefur afgreitt umsóknina.
- h) Ef umsóknin er samþykkt tilkynnir deildarskrifstofa nemendaskrá um afgreiðsluna.
- i) Umsækjandi sem félagsvísindadeild hefur samþykkt í doktorsnám skal snúa sér til nemendaskrár og ganga frá innritun og skráningu.
- j) Deildarskrifstofa varðveitir umsóknargögn og námsferilsgögn doktorsnema.

5. gr.

Inntökuskilyrði.

Nemandi sem hefur lokið meistaraþrófi eða sambærilegu prófi með fyrstu einkunn frá Háskóla Íslands eða öðrum háskóla getur sótt um aðgang að doktorsnámi. Einnig getur stúdent sem hefur stundað doktorsnám við annan háskóla sótt um aðgang að doktorsnámi við félagsvísindadeild.

Ef stúdent hyggst hefja doktorsnám strax að loknu meistaraþrófi getur hann sótt um það áður en hann lýkur prófi, ef fyrir liggur staðfesting viðkomandi háskóladeildar um að hann muni væntanlega ljúka náminu með fullnægjandi árangri áður en doktorsnám hefst. Doktorsnám getur enginn hafið fyrir en meistaraþrófi er lokið að fullu.

Heimilt er að tilgreina í kennsluskrá önnur inntökuskilyrði en þau sem hér eru nefnd.

Ef skortir á að undirbúningur nemanda samsvari þeim undirbúningi sem framangreind próf eiga að tryggja, má gera frekari námskröfur eftir því sem ástæða þykir til.

6. gr.

Einingafjöldi og tímalengd náms.

Doktorsritgerð við félagsvísindadeild skal metin til 90e. Gera má kröfu um að nemi í doktorsnámi taki þar að auki allt að 30e bóknámshluta, sé talin þörf á að bæta við undirstöðuþekkingu hans í aðferðafræði rannsókna eða á fræðasviði doktorsnámsins. Doktorsnám við félagsvísindadeild er 3ja ára fullt nám. Stundi nemendur námið að hluta má námið taka allt að 5 ár. Ef ekki tekst að ljúka náminu á þeim tíma getur nemandinn sótt um undanþágu frá tímamörkum til skorar. Verði undanþága veitt má setja þau skilyrði að nemandi uppfylli þær kröfur sem þá eru í gildi um doktorsnám þótt hann hafi hafið námið meðan áðrar reglur giltu.

Nemandi skal vera skráður og greiða skráningargjald allan námstímamann.

7. gr.

Tengsl meistara- og doktorsnáms.

Námskeið í grunnnámi (B.A.-námi eða samsvarandi námi) geta ekki verið hluti af bóknaði doktorsnema. Ekki er heimilt að nota meistaraþrófið aftur sem uppistöðu í doktorsritgerð, en í ýmsum tilvikum getur verið æskilegt að halda áfram á sama eða skyldu rannsóknasviði. Doktorsnema er heimilt að sækja námskeið á meistaraþrófi við Háskóla Íslands eða erlendan háskóla og fá þau metin sem hluta af bóknaði sínu, enda hafi þau ekki áður verið metin sem hluti af meistaranámi viðkomandi.

8. gr.

Leiðbeinandi.

Sérhver doktorsnemandi skal frá upphafi náms hafa leiðbeinanda. Leiðbeinandi skal vera fastur kennari (lektor, dósent eða prófessor) í viðkomandi grein. Leiðbeiningu doktorsnema eiga þeir einir að sinna sem lokið hafa doktorsprófi eða jafngildi þess. Gæta þarf þess að verkefni nemandans sé á sérsviði leiðbeinandans. Leiðbeinendur doktorsnema skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði og hafa birt ritmíðar er tengjast verkefni nemandans á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur. Skipan leiðbeinanda er háð samþykki deildarráðs.

Hlutverk leiðbeinanda er að fylgast með vinnu doktorsnemans og veita leiðsögn við doktorsverkefni. Nemandi ráðfærir sig við leiðbeinanda um gerð rannsóknaráætlunar, skipulag námsins, val námskeiða (ef við á) og annað sem tengist náminu. Félagsvísindadeild setur nánari reglur um samstarf og hlutverk leiðbeinanda, doktorsnema og doktorsnefndar. Dokt-

orsnemi er tekinn inn með samþykki leiðbeinanda. Hætti leiðbeinandi stöfum eða komi upp illleysanlegur ágreiningur á milli leiðbeinanda og nemanda, getur deildin ekki skuldbundið sig til þess að útvega annan leiðbeinanda.

9. gr.

Doktorsnefndir.

Þegar umsókn um doktorsnám hefur verið samþykkt skal deildarráð skipa doktorsnefnd að fengnum tillögum frá hlutaðeigandi skor. Doktorsnefnd skal skipuð leiðbeinanda og tveimur til fjórum sérfræðingum á fræðasviðinu og skal a.m.k. einn þeirra ekki vera starfsmaður skorar í fullu starfi. Eftir að doktorsnefnd hefur verið skipuð sendir deildarskrifstofa hverjum nefndarmanni skipunarbréf ásamt upplýsingum um hlutverk og reglur doktorsnefnda sem í gildi eru hverju sinni í félagsvísindadeild.

Hlutverk doktorsnefndar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun, tryggja fagleg gæði rannsóknarvinnunnar í samræmi við reglur deildar og sjá um próf sem nemandinn gengst undir. Doktorsnefnd kveður doktorsefni á sinn fund eftir því sem þurfa þykir meðan á náminu stendur og prófar doktorsnemann í almennri fræðilegri þekkingu og rannsóknaraðferðum á viðkomandi sviði eða metur nám hans á sambærilegan hátt. Slíkt próf skal fara fram um miðbik námsins.

Áður en til doktorsvarnar getur komið skilar doktorsnefndin rökstuddu álitni til deildarforseta um það hvort veita skuli doktorsefni kost á að leggja ritgerð fram til doktorsvarnar.

10. gr.

Tilhögun náms, námsframvinda og námskröfur.

Í lok fyrsta námsárs gerir doktorsnemi, í samráði við leiðbeinanda, nákvæma rannsóknaráætlun, áætlun um námshraða og dvöl erlendis, ef við á. Áætlunin skal lögð fyrir hlutaðeigandi doktorsnefnd. Náminu verður því aðeins fram haldið að doktorsnefndin samþykki áætlunina. Samþykkt áætlun skal send skrifstofu félagsvísindadeildar þar sem hún verður hluti af námsferilsskrá doktorsnemans. Skipti doktorsnemi um rannsóknarefni skal ný áætlun lögð fyrir skor og deildarráð.

Doktorsnemar geta stundað bóknám (námskeið og málstofur) til doktorsprófs við Háskóla Íslands, eða við erlenda háskóla og fengið það metið. Doktorsnemar sem hafa lokið bæði B.A.-námi og meistaranámi við íslenska háskóla skulu taka hluta af doktorsnámi sínu við erlenda háskóla. Félagsvísindadeild setur sérstakar reglur um námskröfur í doktorsnámi.

11. gr.

Kröfur til doktorsritgerða.

Doktorsnemi lýkur rannsóknnum sínum með viðamikilli ritgerð. Til doktorsritgerða eru gerðar kröfur um vísindaleg vinnubrögð og sjálfstætt framlag til þekkingarsköpunar á fræðasviðinu. Meginreglan er sú að doktorsritgerð sé eitt heildstætt verk. Einnig er heimilt að leggja fram fleiri ritgerðir en eina, og verða ritgerðir þá að varða sama meginrannsóknarsvið og mynda heild. Þegar svo stendur á, skal semja sérstaka yfirlitsgrein þar sem dregið er saman efni hinna einstöku ritgerða, settar fram heildarályktanir eða efni þeirra tengt með öðrum fræðilegum hætti. Þegar doktorsritgerð er samsett af greinum skulu þær allar hafa birst á viðurkenndum ritrýndum vettvangi.

Doktorsritgerð má vera á erlendu tungumáli ef skor samþykkir.

Félagsvísindadeild setur nánari reglur um kröfur til doktorsritgerða og frágang þeirra.

12. gr.

Skil og frágangur lokaverkefna.

Þegar doktorsnemi hefur lokið ritgerð sinni skal senda hana í fjórum eintökum til deildarforseta með rökstuddu álitu doktorsnefndar um að henni sé lokið.

Við frágang á doktorsritgerð skal fylgt hefðbundnum vinnubrögðum um frágang slíkra verkefna og meðferð heimilda. Koma skal skýrt fram að verkefnið er unnið við félagsvísindadeild Háskóla Íslands og geta skal þeirra sjóða Háskólans sem styrkt hafa verkefnið. Hverri doktorsritgerð skal fylgja útdráttur á íslensku og ensku. Félagsvísindadeild setur sérstakar reglur um skil og frágang doktorsritgerða.

13. gr.

Mat á námsferli.

Um leið og doktorsritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram námsferilsyfirlit stúdents, sem skrifstofa félagsvísindadeildar og nemendaskrá ganga frá og staðfesta.

14. gr.

Andmælendur.

Andmælendur við doktorsvörn skulu vera tveir óháðir aðilar, sem ekki eiga sæti í doktorsnefnd. Þeir eru valdir af deildarráði að fengnum tillögum frá hlutaðeigandi skor. Einungis þeir sem sjálfir hafa lokið doktorsprófi geta verið andmælendur við doktorsvarnir hjá félagsvísindadeild. Annar andmælendinn skal vera utan deildar og er æskilegt að hann komi frá öðrum háskóla en hinn má vera innan deildar.

15. gr.

Doktorsvörn.

Doktorsefni skal verja ritgerð sína í Háskólanum í heyranda hljóði á þeim degi sem félagsvísindadeild ákveður. Ritgerð skal dæmd og varin samkvæmt reglum félagsvísindadeildar og Háskóla Íslands um doktorspróf. Ekki eru gefnar einkunnir fyrir doktorspróf sbr. ákvæði 61. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000. Félagsvísindadeild setur nánari reglur um framkvæmd doktorsvarna.

16. gr.

Tengsl við aðra háskóla.

Heimilt er að taka hluta doktorsnáms við aðra háskóla. Heimilt er að veita doktorsgráðu sameiginlega með öðrum háskóla.

17. gr.

Fyrningarreglur.

Doktorsnám við félagsvísindadeild er 3ja ára fullt nám eða 5 ára hlutanám, sbr. 6. grein. Hafi nemandi ekki lokið námi þegar 10 ár eru liðin frá upphafi námsins fyrnist það.

18. gr.

Lærdómstitlar.

Doktorspróf við félagsvísindadeild veitir lærdómstitilinn *Philosophiae Doctor* (Ph.D.).

19. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í félagsvísindadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla félagsvísindadeildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

Háskóla Íslands, 25. febrúar 2004.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUR

um meistaranám við verkfræðideild Háskóla Íslands.

1. gr.

Vísindanefnd verkfræðideildar.

Vísindanefnd verkfræðideildar fer með málefni meistaranáms í umboði deildarinnar. Í vísindanefnd situr fulltrúi úr hverri skor skipaður af deildarráði. Nefndin fjallar um umsóknir í meistaranám og skilar deildarráði umsögn um þær. Nefndin skal einnig fjalla um meiri háttar breytingar á námsáætlun eftir upphaf náms og sinna öðrum málum varðandi meistaranám, sem deildarráð kann að fela henni.

2. gr.

Umsóknarfrestur.

Umsóknarfrestur um meistaranám við verkfræðideild er 15. mars, fyrir nám sem hefst á haustmisseri og 15. september, fyrir nám sem hefst á vormisseri.

3. gr.

Inntökuskilyrði.

Til að innritast í nám til meistaraþrófs við verkfræðideild skal stúdent hafa lokið grunnnámi (B.S.-prófi) á því fagsviði sem sótt er um. Til þess að hefja meistaranám við deildina þarf meðaleinkunnina 6,0 að minnsta kosti í fyrrnefndu grunnnámi.

Þeir sem lokið hafa B.S.-gráðu í raunvísindum eða sambærilegu prófi geta einnig sótt um inngöngu í meistaranám og eru þá metnir af vísindanefnd verkfræðideildar. Sérhver skor deildarinnar gerir sérstakar forkröfur til nemanda áður en eiginlegt meistaranám hefst. Sjá kaflann um *forkröfur verkfræðideildar til meistaranáms* í kennsluskrá.

4. gr.

Meðferð umsókna.

Ferli umsókna um meistaranám er eftirfarandi:

- a) Umsækjandi skilar útfylltu umsóknareyðublaði til skrifstofu verkfræðideildar. Á eyðublaðinu kemur fram á hvaða fagsviði hann ætlar að stunda nám, þ.e. bygging-

arverkfræði, umhverfisverkfræði, vélaverkfræði, iðnaðarverkfræði, rafmagns- og tölvuverkfræði, tölvunarfræði, hugbúnaðarverkfræði, umhverfisfræði eða sjávarútvegsfræði. Prófskírteini og upplýsingar um fyrra nám fylgi, nema umsækjandi hafi lokið prófi frá verkfræðideild.

- b) Vísindanefnd fjallar um umsóknina og leggur m.a. mat á hvort fyrra nám umsækjanda uppfylli kröfur deildarinnar. Vísindanefnd getur lagt til við deildarráð að umsókn um meistaranám sé hafnað, sé samþykkt með skilyrðum eða án skilyrða.
- c) Viðkomandi skor fær umsóknina til umfjöllunar. Ef skor mælir með umsókn tilnefnir hún umsjónarkennara í samráði við umsækjanda og með samþykki kennarans. Umsjónarkennari hefur umsjón með námi meistaranemans.
- d) Deildarráð fær umsóknina til samþykktar ásamt tillögu skorar um umsjónarkennara. Deildarskrifstofa sendir umsækjanda bréf um niðurstöðu deildarráðs, afrit er sent til nemendaskrár.
- e) Hafi umsóknin verið samþykkt ber umsækjanda að skrá sig í námið á nemendaskrá Háskólans og greiða skráningargjald. Meistaraneminn verður að vera skráður í Háskólann og greiða skráningargjald allan tímann sem námið stendur.

5. gr.

Námsáætlun.

Fyrir lok fyrsta misseris í meistaranáminu skal meistaraneminn í samráði við umsjónarkennara leggja námsáætlun til skrifstofu deildarinnar.

Viðkomandi skor fær námsáætlunina til samþykktar. Skorarformaður skal fyrir hönd skorar undirrita og dagsetja samþykktu námsáætlun. Skorarformaður sendir námsáætlunina til afgreiðslu í vísindanefnd.

Vísindanefnd tilkynnir skrifstofunni um afgreiðslu erindisins. Deildarskrifstofan sendir meistaranema bréf um afgreiðslu vísindanefndar. Breytingar á samþykktu námsáætlun þurfa að fá samþykki skorar. Deildarskrifstofa skal geyma samþykktu námsáætlun og allar breytingar sem kunna að verða á henni.

6. gr.

Samsetning náms og einingafjöldi.

Nám til meistaraþrófs í verkfræði er 60 einingar hið minnsta. Í tölvunarfræði er nám til meistaraþrófs 45 einingar hið minnsta. Innan hvernar skorar er boðið upp á mismunandi námsleiðir og einnig er hægt að velja á milli náms sem byggist annars vegar á 15 eininga meistaraverkefni og hins vegar á 30 eininga meistaraverkefni. Námskeiðin skulu valin með hliðsjón af meistaraverkefninu og mynda ásamt því eina samstæða heild.

7. gr.

Námskeiðshluti.

Öll námskeið skulu vera á meistarastigi og merkt 08.x2.xx eða 08.x3.xx í verkfræðideild. Nemandi, sem heimilað er að hefja M.S.-nám á öðru fagsviði en B.S.-próf hans er, getur þegar um 15 eininga M.S.-verkefni er að ræða, talið til eininga allt að 3 námskeið á B.S.-stigi enda séu þessi námskeið mjög æskilegur hluti M.S.-námsins.

8. gr.

Viðvera.

Meistaraneminn skal að lágmarki taka helming námseininga á M.S.-stigi við Háskóla Íslands.

9. gr.

Umsjónarkennari og leiðbeinandi.

Sérhver meistaraneми skal hafa umsjónarkennara sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem tengist náminu. Umsjónarkennari skal ávallt vera kennari í föstu starfi við verkfræðideild á viðkomandi fagsviði. Umsjónarkennari er að öllu jöfnu leiðbeinandi stúdentsins í meistaraverkefninu. Heimilt er að hafa utanaðkomandi leiðbeinanda sem skal þá hafa a.m.k meistarapróf.

10. gr.

Meistaraprófsnefnd.

Meistaraprófsnefnd, að undanskildum fulltrúa deildar, skal skipuð af skor áður en vinna við meistaraverkefni hefst. Deildarskrifstofa sér um að skrá meistaraprófsnefndina inn á samþykktu námsáætlun. Meistaraprófsnefnd skal skipuð minnst tveimur sérfróðum mönnum og er annar þeirra umsjónarkennarinn. Heimilt er að skipa fleiri í nefndina ef þurfa þykir. Hlutverk hennar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun og tryggja fagleg gæði rannsóknvinnunnar í samræmi við reglur verkfræðideildar. Auk umsjónarkennara skal a.m.k. einn úr meistaraprófsnefnd vera verkfræðingur eða tölvunarfræðingur með meistarapróf eða hærri prófgráðu, eftir því sem við á.

11. gr.

Fulltrúi deildar í meistaraprófsnefnd.

Þegar sér fyrir endann á vinnu við verkefnið gengst umsjónarkennari fyrir því, í samráði við skor, að skipaður verði fulltrúi deildar í meistaraprófsnefnd. Fulltrúi deildar skal ávallt leggja mat á lokaverkefni meistaraneма ásamt öðrum í nefndinni. Fulltrúi deildar skal hafa meistarapróf hið minnsta og ekki hafa áður komið að leiðbeiningu verkefnisins. Fulltrúinn skal hafa a.m.k. eina viku til að lesa yfir ritgerðina.

12. gr.

Námsmat.

Lágmarkseinkunn er 6,0 fyrir einstök námskeið í meistaránáminu. Meistaránámi lýkur með því, að nemandi leggur fram ritgerð og heldur um hana opinberan fyrirlestur. Fyrirlesturinn skal haldinn ekki síðar en tveimur vikum fyrir brautskráningu. Sjá nánar kaflann *Fyrirkomulag meistarafyrirlestra við verkfræðideild* í kennsluskrá. Um leið og ritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram staðfest yfirlit um námsferil stúdents sem skal borið saman við síðustu samþykktu námsáætlun. Ritgerð, sem stenst kröfur verkfræðideildar að mati meistaraprófsnefndar, skal gefin einkunn eftir gæðum ritgerðar í heilum tölum frá 6,0 til 10,0.

13. gr.

Skil og frágangur ritgerðar.

Í ritgerð komi skýrt fram að verkefnið sé unnið við verkfræðideild Háskóla Íslands. Geta skal meistaraprófsnefndar, rannsóknarstofnunar og þeirra sjóða Háskólans sem hafa styrkt verkefnið. Ritgerðin innihaldi lykilorðalista. Innbundnu og endanlegu eintaki af ritgerð, árituðu af umsjónarkennara, skal skila til skrifstofu verkfræðideildar í síðasta lagi viku fyrir brautskráningu.

14. gr.

Tengsl við aðra háskóla.

Hægt er að taka einstök námskeið við erlenda háskóla. Við erlenda háskóla skal nemandi standast öll námskeið í samræmi við kröfur þess háskóla sem námskeiðið heldur. Sjá enn fremur 8. gr.

15. gr.

Lærdómstitill.

Nemendur geta brautskráðst með M.S.-gráðu á einhverju eftirtalinna fagsviða:

- a) Umhverfis- og byggingarverkfræði (umhverfis- og byggingarverkfræðiskor) með byggingarverkfræði sem viðfangsefni.
- b) Umhverfis- og byggingarverkfræði (umhverfis- og byggingarverkfræðiskor) með umhverfisverkfræði sem viðfangsefni.
- c) Vélaverkfræði (véla- og iðnaðarverkfræðiskor).
- d) Iðnaðarverkfræði (véla- og iðnaðarverkfræðiskor).
- e) Rafmagns- og tölvuverkfræði (rafmagns- og tölvuverkfræðiskor).
- f) Tölvunarfræði (tölvunarfræðiskor).
- g) Hugbúnaðarverkfræði (tölvunarfræðiskor).

Meistarapróf veitir rétt til lærdómstítulsins *Magister Scientiarum* og notkunar skammstöfunarinnar M.S.

16. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í verkfræðideild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 68. gr. sam-eiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla verkfræðideildar í kennsluskra og á heimasíðu deildarinnar.

Háskóla Íslands, 25. febrúar 2004.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

REGLUR

um meistaránám við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Meistaránám í félagsvísindadeild.

Í félagsvísindadeild er unnt að stunda meistaránám á fræðasviðum þar sem skor og deildarráð meta að nauðsynleg aðstaða og sérþekking sé fyrir hendi. Markmið námsins er að veita nemendum fræðilega og hagnýta þjálfun til starfa á fjölbreytilegum vettvangi.

2. gr.

Rannsóknánámsnefnd.

Rannsóknánámsnefnd félagsvísindadeildar fer með þau málefni rannsóknánáms við deildina sem deildin felur henni. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að huga að almennri stefnumótun í málefnum rannsóknarnáms í félagsvísindadeild, fjalla um umsóknir og sinna öðrum málum sem deildin kann að fela henni. Í rannsóknánámsnefnd eiga sæti fulltrúar skora deildarinnar auk fulltrúa framhaldsnema og skulu þeir valdir til tveggja ára í senn.

3. gr.

Umsóknarfrestur.

Umsóknarfrestur um meistaranám við félagsvísindadeild er ákveðinn í deildarráði í janúar ár hvert og skal birtur í kennsluskrá og á heimasíðu deildar.

4. gr.

Meðferð umsókna.

Umsókn til meistaranáms er skilað til skrifstofu félagsvísindadeildar. Ferli umsókna er sem hér segir:

- a) Umsókn um meistaranám skal skilað á sérstöku eyðublaði félagsvísindadeildar. Umsókn skal fylgja afrit af prófskírteinum og önnur fylgiskjöl, sbr. leiðbeiningar sem gefnar eru út af félagsvísindadeild.
- b) Í einstaka tilvikum geta nemendur sótt um einstaklingsbundið nám þar sem samsetning námskeiða fyrir hvern nemanda er ákveðin í samráði við leiðbeinanda. Ef um slíka umsókn er að ræða þarf umsækjandi að tilgreina leiðbeinanda í henni.
- c) Umsókn er send skrifstofu félagsvísindadeildar sem fer yfir og skráir umsóknir, athugar hvort tilskilin gögn fylgja og gengur eftir því sem á vantar.
- d) Umsókn fer til afgreiðslu hjá viðkomandi skor. Komi upp álitamál við afgreiðslu umsókna skal skorin leita álits rannsóknanámsnefndar. Eftir umfjöllun skorar er umsókn afgreidd í deildarráði.
- e) Að lokinni afgreiðslu í deildarráði skal niðurstaðan tilkynnt umsækjanda.
- f) Ef umsókn er samþykkt tilkynnir deildarskrifstofa nemendaskrá um afgreiðsluna.
- g) Umsækjandi sem félagsvísindadeild hefur heimilað innritun skal snúa sér til nemendaskrár og ganga frá innritun og skráningu í námskeið. Deildarskrifstofa varðveitir umsóknargögn og námsferilsgögn meistaranema.

5. gr.

Inntökuskilyrði.

Umsækjendur um meistaranám og hliðstætt nám skulu að jafnaði hafa lokið B.A.-prófi eða sambærilegu prófi. Að jafnaði er einungis þeim veitt innganga sem hlotið hafa fyrstu einkunn á B.A.-prófi. Fyrsta einkunn veitir þó ekki sjálfkrafa aðgang að náminu. Heimilt er að tilgreina í kennsluskrá önnur inntökuskilyrði en þau sem hér eru nefnd.

6. gr.

Einingafjöldi og tímalengd náms.

Meistaranám og hliðstætt nám við félagsvísindadeild er 60e - fjögur misseri - eða tvö ár. Starfstengt meistaranám getur þó verið 45e í samræmi við sérákvæði um félagsvísindadeild í sameiginlegum reglum Háskólans. Heimilt er að meta allt að árs viðbótarnám (30e) að loknu fullgildu háskólaprófi, sem hluta af meistaraþrófi.

Hafi nemandi ekki lokið námi sínu þremur árum eftir að hann hóf námið getur hann sótt um eins árs framlengingu en skorir geta sett nánari reglur um námsframvindu. Hægt er að sækja um hlutanám við deildina og skal þá tekið fram í umsókn hvenær nemandi hyggst ljúka námi. Nemandi skal vera skráður og greiða skráningargjald allan námstímann.

7. gr.

Samsetning námsins.

Meistararitgerð eða hliðstæð verkefni skulu metin til 15-30e. Slík verkefni skulu aldrei nema færri en 15e. Skorir ákveða skyldunámskeið og valnámskeið í hverri grein. Nemandi í meistaranámi má að hámarki taka 5e í lesnámskeiðum.

8. gr.

Námskeið í grunnnámi sem hluti af framhaldsnámi.

Í vissum tilvikum getur nemendum í meistaranámi verið heimilt að taka námskeið í grunnnámi sem hluta af framhaldsnámi. Rökstyðja skal sérstaklega hvers vegna slíka heimild ætti að veita og skal hver skor meta hvort veita skuli slíka heimild. Heimildir til að taka námskeið í grunnnámi geta numið 6e að hámarki hjá hverjum nemanda í meistaranámi.

9. gr.

Umsjónarkennari og leiðbeinandi.

Sérhver framhaldsnemandi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi fastra kennara í viðkomandi grein sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem tengist náminu. Þegar nemandi hefur vinnu við lokaverkefni fær hann leiðbeinanda sem tekur við hlutverki umsjónarkennara. Umsjónarkennari og leiðbeinandi geta verið sami maðurinn. Ef leiðbeinandi er ekki fastráðinn kennari við skor skal þó áfram skipaður umsjónarkennari af hálfu skorar.

10. gr.

Kröfur til umsjónarkennara, leiðbeinenda og annarra sem leggja mat á námið og lokaverkefnið.

Umsjónarkennari skal vera fastur kennari (lektor, dósent eða prófessor) í viðkomandi grein. Leiðbeinendur meistaranema skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði og hafa birt ritsmíðar er tengjast verkefni nemandans á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur. Heimilt er að hafa tvo leiðbeinendur við meistaraverkefni og skal þá annar vera fastur kennari við skor.

11. gr.

Prófdómarar og mat á lokaverkefnum.

Prófdómari skal ávallt leggja mat á lokaverkefni meistaranema. Félagsvísindadeild gefur út viðmið um mat á lokaverkefnum.

Um leið og meistaraverkefni er lagt fram skal jafnframt leggja fram námsferilsyfirlit stúdents, sem skrifstofa félagsvísindadeildar og nemendaskrá ganga frá og staðfesta. Um ein-kunnir gilda ákvæði 61. og 62. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

12. gr.

Skil og frágangur lokaverkefna.

Skilafrestur lokaverkefna til prófdómara er þrisvar á ári. Skiladagar lokaverkefna skulu ákveðnir af deildarráði ár hvert. Fylgt skal hefðbundnum vinnubrögðum um frágang slíkra verkefna og meðferð heimilda. Koma skal skýrt fram að verkefnið er unnið við félagsvísindadeild Háskóla Íslands og geta skal þeirra sjóða Háskólans sem styrkt hafa verkefnið. Lokaverkefnum í meistaranámi og hliðstæðu námi skal skila í fjórum eintökum, í kápu félagsvísindadeildar, og kostar deildin ljósritun eins eintaks. Heimilt er að nota ritgerðir nemenda og vísa á þær til heimildaöflunar. Höfundur getur þó færst undan slíku með rökstuddri skriflegri ósk til deildarskrifstofu þar um. Öllum lokaverkefnum skal fylgja 150-200 orða útdráttur á íslensku og ensku. Útdráttinum skal skilað bæði á tölvutæku formi og pappír og er félagsvísindadeild (eða viðkomandi skor) heimilt að nýta útdráttinn í kynningarefni um nám deildarinnar. Ávallt komi fram nafn ritgerðar, höfundar og leiðbeinanda. Félagsvísindadeild setur nánari reglur um frágang meistaraverkefna.

13. gr.

Tengsl við aðra háskóla.

Heimilt er að taka hluta meistaranáms við aðra háskóla með samþykki viðkomandi skorar.

14. gr.

Lærdómstitlar.

Lærdómstitlar á meistarastigi sem veittir eru að afloknu námi eftir þessum reglum eru *candidatus psychologiae* (cand.psych.), *Magister artium* (M.A.), *Master of Library and Information Sciences* (MLIS), *Master of Public Administration* (MPA) og *Master of Social Work* (MSW).

15. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundum í félagsvísindadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 156/2003, um rannsóknarnám við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla félagsvísindaeildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

Háskóla Íslands, 25. febrúar 2004.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 595, 8. ágúst 2003,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2003/2004.**

1. gr.

Á 5. tl. 3. gr. verða eftirfarandi breytingar:

Í stað: „Innfjarðarrækja samtals 1.450“ komi: Innfjarðarrækja samtals 750.

Í stað: „P.a. Ísafjarðardjúp 700“ komi: Ísafjarðardjúp 0.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. mars 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

SAMPYKKT

um kattahald í Grundarfirði.

1. gr.

Kattahald í Grundarfirði sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

2. gr.

Allir heimiliskettir í Grundarfirði skulu skráðir á skrifstofu bæjarins gegn greiðslu skráningargjalds og þar fá eigendur heimiliskatta afhenta plötu með skráningarnúmeri, heimilisfangi og símanúmer eiganda kattarins, sem alltaf skal vera í ól um háls dýrsins. Árlega skal, ef óskað er eftir, eigandi kattar framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum.

Kattahald í dreifbýli sætir að öllu jöfnu ekki takmörkunum. Þó getur bæjarstjórn, telji heilbrigðisnefnd og héraðsdýralæknir brýna þörf á, takmarkað kattahald í dreifbýli.

3. gr.

Ef sótt er um leyfi til að halda kött í fjölbýlishúsi, skal umsókninni fylgja skriflegt samþykki allra eigenda íbúða í stigaganginum, svo og leigutaka, ef um leiguíbúðir er að ræða. Leigjandi þarf jafnan að framvísa samþykki leigusala síns.

4. gr.

Eigendur katta skulu gæta þess að kettir þeirra valdi ekki tjóni, hættu, óþrifnaði eða raski ró manna. Kattareiganda ber að greiða allt það tjón sem köttur hans veldur, svo og allan kostnað við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, t.d. með því að hengja bjöllu á ketti og eftir atvikum að takmarka útiveru katta.

5. gr.

Ekki má hleypa köttum inn í svæði þau, fyrirtæki og stofnanir, sem um ræðir í fylgiskjali 3 með reglugerð um hollustuhætti og inn á staði þar sem framleiðsla og dreifing matvæla fer fram, né inn í húsnæði vatnsveitna, sbr. reglugerð um neysluvatn og ölkelduvatn.

6. gr.

Leyfisgjald skal greiða árlega til bæjarsjóðs, eftir gjaldskrá sem bæjarstjórn setur, samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu kattarins, og síðan árlega fyrirfram 1. mars ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan eins mánaðar frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.

7. gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna köttinn. Grundarfjarðarbæ er heimilt að handsama ketti. Hafi kattarins ekki verið vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda eða hann aflífaður.

8. gr.

Bæjarstjórn Grundarfjarðar skal gera ráðstafanir til útrýmingar á villiköttum. Slíkar aðgerðir skulu auglýstar á áberandi hátt með a.m.k. einnar viku fyrirvara. Sé fangaðra katta ekki vitjað innan einnar viku, er heimilt að láta aflífa þá.

9. gr.

Með brot út af samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

10. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. mars 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um umgengni og þrífnað utan húss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlands.

1. gr.

Eiganda eða umráðamanni húss, girðinga og annarra mannvirkja er skylt að halda eignum vel við og halda lóðum og lendum hreinum og snyrtilegum.

2. gr.

Óheimilt er að skilja eftir á víðavangi, flytja, dreifa eða geyma lausamuni á þann hátt að valdið geti slysum, mengun eða lýti í umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti, svo sem bíflök, bílhuta, kerrur, vélar, tæki, landbúnaðarplast, byggingaefni, báta, skipsskrokka og annað sambærilegt.

3. gr.

Tæki og hluti sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af. Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki skulu geymd á þar til gerðum stæðum.

4. gr.

Óheimilt er að geyma skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, kerrur, tæki, vinnuvélar, báta eða aðra hluti á almennum bifreiðastæðum, á götum eða á almannafæri.

5. gr.

Þeir sem annast flutninga skulu haga þeim þannig að ekki valdi óþrífnaði og haga skal þvotti og hreinsun á mannvirkjum og tækjum þannig að nágrannar og vegfarendur verði ekki fyrir óþægindum.

6. gr.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að fjarlægja skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, tæki, kerrur, vinnuvélar, báta og aðra lausamuni og drasl á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða eða ábyrgðarbréfi þar sem eiganda/ábyrgðarmanni skal almennt veittur 7 daga frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri eða bregðast við tilmælum. Telji heilbrigðisfulltrúi svo alvarlega hættu stafa af geymslu hlutar eða tækis að aðgerð þoli enga bið er heimilt að fjarlægja slíka hluti eða tæki án viðvörunar. Bíflökum og öðrum verðlausum hlutum er heimilt að farga strax að loknum fresti sem veittur er samkvæmt 1. mgr., enda hafi þá engin andmæli borist. Skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja og aðrir hlutir og verðmæti sem eru fjarlægð að loknum fresti skulu geymd í vörslu viðkomandi sveitarfélags í 45 daga og síðan fargað hafi eigandi ekki vitjað eigna sinna og leyst út gegn greiðslu áfallins kostnaðar (svo sem dráttar- og geymslugjöld). Liggi fyrir skráningarmerki, vélarnúmer eða annað sambærilegt skal eiganda tilkynnt um förgunina með tryggilegum hætti með a.m.k. 15 daga fyrirvara. Þá skal viðkomandi sýslumanni og eftir atvikum bifreiðaskrá og veðhöfum og tryggingarfélagi (sé um þá kunnugt) gert viðvart um förgunina með 15 daga fyrirvara. Áfallinn kostnað vegna töku og geymslu skráningarskyldra ökutækja án skráningarmerkja og annarra hluta er heimilt að innheimta hjá eigendum samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með áorðnum breytingum. Heimilt er að selja nýtilega hluti úr bifreiðum og annað nýtilegt sem er tekið í vörslu og ekki leyst út samkvæmt framansögðu til að mæta kostnaði vegna töku og geymslu.

7. gr.

Hafi rekstraraðili ekki sinnt fyrirmælum innan tiltekins frests, sbr. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar um mengunareftirlit nr. 786/1999 með síðari breytingum, eða ekki fylgt tímasettri áætlun um úrbætur, sbr. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar um mengunareftirlit, getur heilbrigðisnefnd ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits og er hámark þeirra 500.000 á dag. Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabrigða af viðkomandi heilbrigðiseftirliti en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi. Kostnað og dagsektir má innheimta með fjárnámi. Þegar verk það sem eftirlitsaðili lætur vinna er komið til vegna vanhírðu og óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki er kostnaður tryggtur með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki tvö ár eftir að greiðslu er krafist.

8. gr.

Heimilt er að innheimta gjald fyrir útlögðum kostnaði af eftirlitsskyldri starfsemi fyrir eftirlit samkvæmt þessari samþykkt í samræmi við 3. mgr. 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með áorðnum breytingum, sbr. 5. mgr. 21. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Heilbrigðisnefnd skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld samkvæmt 1. mgr. má innheimta með fjárnámi. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjaldþaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar.

9. gr.

Um brot gegn samþykkt þessari og um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög skal farið samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með áorðnum breytingum, sbr. og ákvæði 22. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

10. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórna á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlands; Skeggjastaðahrepps, Fellahrepps, Austur-Héraðs, Borgarfjarðarhrepps, Fjarðabyggðar, Austurbyggðar, Djúpavogshrepps, Hornafjarðar, staðfestist hér með til að gilda á starfssvæðinu samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með áorðnum breytingum, sbr. 3., 4. og 5. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Samþykktin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 8. mars 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

staðfestingar á breytingu á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ottós B. Arnars nr. 33 23. janúar 1973.

Stjórn Minningarsjóðs Ottós B. Arnars hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 23. janúar 1973:

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna þá nemendur í símsmíði í Iðnskólanum í Reykjavík sem skara fram úr í stundvísi, ástundun í námi og þekkingu í rafeindafræði og símafræði.

2. mgr. 3. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta á eins tryggan hátt og unnt er að mati stjórnar sjóðsins, í skuldabréfum ríkissjóðs meðan hægt er eða í traustum verðbréfasjóðum. Höfuðstól sjóðsins eins og hann er nú eða síðar kann að verða vegna gjafa eða ávöxtunar má ekki skerða.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn:

1. Skólameistari Iðnskólans í Reykjavík.
2. Maður tilnefndur af Félagi íslenskra loftskeytamanna.
3. Einn niðji Ottós B. Arnars tilnefndur af þeim.

Stjórnin skiptir með sér verkum eins og henni þykir ástæða til. Um ákvarðanir stjórnar ræður meirihluti hennar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. febrúar 2004.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 967/2003 um úthlutun andvirðis beingreiðslna af 7500 ærgildum á árunum 2003-2004.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

Svæði sem eru háð sauðfjárrækt og með takmarkaða möguleika á annarri tekjuöflun samkvæmt 1. gr. hafa verið skilgreind samkvæmt forsendum í viðaukum I-II og eru eftirfarandi sveitarfélög:

- | | |
|---|--|
| 1. Umdæmi sýslumannsins í Búðardal. | c) Öxarfjarðarhreppur. |
| a) Saurbæjarhreppur. | d) Svalbarðshreppur. |
| b) Dalabyggð. | e) Þórshafnarhreppur. |
| 2. Umdæmi sýslumannsins á Ísafirði. | 7. Umdæmi sýslumannsins á Seyðisfirði. |
| a) Súðavíkurbhreppur. | a) Seyðisfjarðarkaupstaður. |
| 3. Umdæmi sýslumannsins á Patreksfirði. | b) Skeggjastaðahreppur. |
| a) Reykhólahreppur. | c) Vopnafjarðarhreppur. |
| b) Vesturbyggð. | d) Fljótsdalshreppur. |
| 4. Umdæmi sýslumannsins á Hólmavík. | e) Fellahreppur. |
| a) Árneshreppur. | f) Borgarfjarðarhreppur. |
| b) Kaldrananeshreppur. | g) Norður-Hérað. |
| c) Hólmavíkurbhreppur. | h) Austur-Hérað. |
| d) Bæjarhreppur. | 8. Umdæmi sýslumannsins á Eskifirði. |
| e) Broddaneshreppur. | a) Fjarðabyggð. |
| 5. Umdæmi sýslumannsins á Blönduósi. | b) Mjóafjarðarhreppur. |
| a) Húnaþing vestra. | c) Fáskrúðsfjarðarhreppur. |
| b) Áshreppur. | d) Austurbyggð. |
| c) Skagabyggð. | e) Breiðdalshreppur. |
| 6. Umdæmi sýslumannsins á Húsavík. | f) Djúpavogshreppur. |
| a) Tjörneshreppur. | 9. Umdæmi sýslumannsins í Vík. |
| b) Kelduneshreppur. | a) Skaftárhreppur. |

2. gr.

Í stað orðsins sýslur í viðauka I kemur umdæmi sýslumanna.

3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt fjárheimildum í fjárlögum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. mars 2004.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Sigríður Nordmann.

Í samræmi við ofangreindar breytingar breytist viðauki II og orðast svo:

VIÐAUKI II

Stigagjöf einstakra svæða.

Sveitarfélags nr.	Sveitarfélag	Heildarfjöldi	Landbúnaður	Sauðfjárrékt	Landb. % af heild	Sauðfjárr. % af landb.	Sauðfjárrékt % af heild	Stígún 1 hlutfall landb. af heild	Stígún 2 hlutfall sauðfjárr. af landb.	Stígún 3 hlutfall sauðfjárr. af heild	Samtals stíg	Skilyrði uppfyllt
Umdæmi sýslumannsins í Keflavík												
2300	Grindavíkurbær	1.251	4	0	0,3%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
2503	Sandgerðisbær	744	3	0	0,4%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
2504	Sveitarfélagið Garður	649	1	0	0,2%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
2000	Reykjanesbær	5.854	36	0	0,6%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
2506	Vatnsleysustrandarhreppur	422	18	0	4,3%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
		8.920	62	0	0,7%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	Nei
Umdæmi sýslumannsins í Hafnarfirði												
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	10.645	38	2	0,4%	5,3%	0,0%	0	0	0	0	
1300	Garðabær	4.635	18	0	0,4%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
1603	Bessastaðahreppur	910	4	0	0,4%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
		16.190	60	2	0,4%	3,3%	0,0%	0	0	0	0	Nei
Umdæmi sýslumannsins í Kópavogi												
1000	Kópavogsbær	12.993	62	2	0,5%	3,2%	0,0%	0	0	0	0	
		12.993	62	2	0,5%	3,2%	0,0%	0	0	0	0	Nei
Umdæmi sýslumannsins, lögreglustjórans og tollstjórans í Reykjavík												
0000	Reykjavíkurborg	58.092	266	5	0,5%	1,9%	0,0%	0	0	0	0	
1100	Seljaharmaneskaupstaður	2.504	7	1	0,3%	14,3%	0,0%	0	0	0	0	
1604	Mosfellsbær	3.394	69	1	2,0%	1,4%	0,0%	0	0	0	0	
1606	Kjósarhreppur	78	32	6	41,0%	18,8%	7,7%	0,75	0	0	0,75	
		64.068	374	13	0,6%	3,5%	0,0%	0	0	0	0	Nei
Umdæmi sýslumannsins á Akranesi												
3000	Akraneskaupstaður	3.065	12	4	0,4%	33,3%	0,1%	0	1	0	1	
		3.065	12	4	0,4%	33,3%	0,1%	0	1	0	1	Nei
Umdæmi sýslumannsins í Borgarnesi												
3501	Hvalfjarðarstrandarhr.	85	18	5	21,2%	27,8%	5,9%	0	0,5	0	0,5	
3502	Skilmannahreppur	74	8	3	10,8%	37,5%	4,1%	0	1,5	0	1,5	
3503	Innri-Akraneshreppur	74	15	3	20,3%	20,0%	4,1%	0	0	0	0	
3504	Leirá- og Melahreppur	65	16	6	24,6%	37,5%	9,2%	0	1,5	0	1,5	
3506	Skorradalshreppur	30	7	2	23,3%	28,6%	6,7%	0	0,5	0	0,5	
3510	Borgarfjarðarsveit	344	106	27	30,8%	25,5%	7,8%	0,5	0,5	0	1	
3601	Hvítarísiðhreppur	24	14	6	58,3%	42,9%	25,0%	1	2	1	4	
3609	Borgarbyggð	1.373	127	34	9,2%	26,8%	2,5%	0	0,5	0	0,5	
		2.069	311	86	15,0%	27,7%	4,2%	0	0,5	0	0,5	Nei
Umdæmi sýslumannsins í Stykkishólmi												
3701	Kolbeinsstaðahreppur	48	31	10	64,6%	32,3%	20,8%	1,25	1	0	2,25	
3709	Grundarfjarðarbær	524	13	5	2,5%	38,5%	1,0%	0	1,5	0	1,5	
3710	Helgafellssveit	34	11	6	32,4%	54,5%	17,6%	0,5	3	0	3,5	
3711	Stykkishólmsbær	687	5	3	0,7%	60,0%	0,4%	0	3,5	0	3,5	
3713	Eyja- og Miklaholtshr.	62	30	6	48,4%	20,0%	9,7%	0,75	0	0	0,75	
3714	Snæfellsbær	974	25	8	2,6%	32,0%	0,8%	0	1	0	1	
		2.329	115	38	4,9%	33,0%	1,6%	0	1	0	1	Nei
Umdæmi sýslumannsins í Búardal												
3809	Saurbæjarhreppur	42	22	12	52,4%	54,5%	28,6%	1	3	1	5	
3811	Dalabyggð	359	92	74	25,6%	80,4%	20,6%	0	3,5	0	3,5	
		401	114	86	28,4%	75,4%	21,4%	0	3,5	0	3,5	Já
Umdæmi sýslumannsins í Bolungarvík												
4100	Bolungarvíkurkaupstaður	596	7	2	1,2%	28,6%	0,3%	0	0,5	0	0,5	
		596	7	2	1,2%	28,6%	0,3%	0	0,5	0	0,5	Nei
Umdæmi sýslumannsins á Ísafirði												
4200	Ísafjarðarbær	2.423	63	21	2,6%	33,3%	0,9%	0	1	0	1	
4803	Súðavíkurhreppur	125	12	5	9,6%	41,7%	4,0%	0	2	0	2	
		2.548	75	26	2,9%	34,7%	1,0%	0	1	0	1	Nei
Umdæmi sýslumannsins á Patreksfirði												
4502	Reykholahreppur	162	38	22	23,5%	57,9%	13,6%	0	3,5	0	3,5	Já
4604	Tálknafjarðarhreppur	210	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
4607	Vesturbyggð	615	32	8	5,2%	25,0%	1,3%	0	0,5	0	0,5	
		987	70	30	7,1%	42,9%	3,0%	0	2	0	2	Að hluta
Umdæmi sýslumannsins á Hólavík												
4901	Árneshreppur	34	14	14	41,2%	100,0%	41,2%	0,75	3,5	4	8,25	
4902	Kaldraneshreppur	79	6	5	7,6%	83,3%	6,3%	0	3,5	0	3,5	
4904	Hólavíkurhreppur	262	26	25	9,9%	96,2%	9,5%	0	3,5	0	3,5	
4908	Bæjarhreppur	72	25	20	34,7%	80,0%	27,8%	0,5	3,5	1	5	
4909	Broddaneshreppur	44	17	15	38,6%	88,2%	34,1%	0,5	3,5	2	6	
		491	88	79	17,9%	89,8%	16,1%	0	3,5	0	3,5	Já

Sveitarfélags nr.	Sveitarfélag	Heildarföldi	Landbúnaður	Sauðfjárrekt	Landb. % af heild	Sauðfjarr. % af landb.	Sauðfjarrækt % af heild	Stigun 1 hlutfall landb. af heild	Stigun 2 hlutfall sauðfjarr. af landb.	Stigun 3 hlutfall sauðfjarr. af heild	Samtals stig	Skilyroið uppfyllt
Umdæmi sýslumannsins á Blönduósi												
5508	Húnaþing vestra	680	144	83	21,2%	57,6%	12,2%	0	3,5	0	3,5	Já
5601	Áshreppur	35	16	12	45,7%	75,0%	34,3%	0,75	3,5	2	6,25	Já
5602	Sveinsstaðahreppur	48	22	3	45,8%	13,6%	6,3%	0,75	0	0	0,75	
5603	Torfalækjarhreppur	57	17	7	29,8%	41,2%	12,3%	0	2	0	2	
5604	Blönduósber	529	24	6	4,5%	25,0%	1,1%	0	0,5	0	0,5	
5605	Svinavatshreppur	65	29	8	44,6%	27,6%	12,3%	0,75	0,5	0	1,25	
5606	Bólstaðarhlíðahreppur	52	23	8	44,2%	34,8%	15,4%	0,75	1	0	1,75	
5609	Höfðahreppur	312	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
5611	Skagabyggð	56	29	14	51,8%	48,3%	25,0%	1	2,5	1	4,5	Já
		1.834	304	141	16,6%	46,4%	7,7%	0	2,5	0	2,5	Að hluta
Umdæmi sýslumannsins á Siglufirði												
5000	Siglufljóðarkaupstaður	788	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	Nei
		788	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	Nei
Umdæmi sýslumannsins á Sauðárkróki												
5200	Sveitarf. Skagafjörður	2.290	243	89	10,6%	36,6%	3,9%	0	1,5	0	1,5	
5706	Akrahreppur	106	53	9	50,0%	17,0%	8,5%	1	0	0	1	Nei
		2.396	296	98	12,4%	33,1%	4,1%	0	1	0	1	Nei
Umdæmi sýslumannsins á Ólafsfirði												
6200	Ólafsfjarðarþær	528	3	1	0,6%	33,3%	0,2%	0	1	0	1	Nei
		528	3	1	0,6%	33,3%	0,2%	0	1	0	1	Nei
Umdæmi sýslumannsins á Akureyri												
6000	Akureyrarþær	8.304	45	1	0,5%	2,2%	0,0%	0	0	0	0	
6400	Dalvíkurbyggð	986	89	9	9,0%	10,1%	0,9%	0	0	0	0	
6501	Grimseyjarhreppur	55	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
6504	Hrísseyjarhreppur	104	1	0	1,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
6506	Armarneshreppur	103	18	1	17,5%	5,6%	1,0%	0	0	0	0	
6513	Eyjafljóðarsveit	532	167	11	31,4%	6,6%	2,1%	0,5	0	0	0,5	
6514	Hörgarbyggð	228	91	12	39,9%	13,2%	5,3%	0,5	0	0	0,5	
6601	Svalbarðsstrandarhr.	200	29	4	14,5%	13,8%	2,0%	0	0	0	0	
6602	Grýtubakkahreppur	235	36	9	15,3%	25,0%	3,8%	0	0,5	0	0,5	
		10.747	476	47	4,4%	9,9%	0,4%	0	0	0	0	Nei
Umdæmi sýslumannsins á Húsvík												
6100	Húsvíkurbær	1.371	30	5	2,2%	16,7%	0,4%	0	0	0	0	
6612	Pingeyjarsveit	408	160	37	39,2%	23,1%	9,1%	0,5	0	0	0,5	
6607	Skútustaðahreppur	240	30	11	12,5%	36,7%	4,6%	0	1,5	0	1,5	
6609	Aðaldælahreppur	156	43	9	27,6%	20,9%	5,8%	0	0	0	0	
6611	Tjörneshreppur	35	15	7	42,9%	46,7%	20,0%	0,75	2,5	0	3,25	Já
6701	Kelduneshreppur	48	17	11	35,4%	64,7%	22,9%	0,5	3,5	0	4	Já
6702	Óxarfjarðahreppur	204	49	43	24,0%	87,8%	21,1%	0	3,5	0	3,5	Já
6705	Raufarhafnarhreppur	168	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
6706	Svalbarðshreppur	63	24	22	38,1%	91,7%	34,9%	0,5	3,5	2	6	Já
6707	Bórshafnarhreppur	236	9	8	3,8%	88,9%	3,4%	0	3,5	0	3,5	Já
		2.929	377	153	12,9%	40,6%	5,2%	0	2	0	2	Að hluta
Umdæmi sýslumannsins á Seyðisfirði												
7000	Seyðisfjarðarkaupstaður	461	6	2	1,3%	33,3%	0,4%	0	1	0	1	
7501	Skeggjastaðahreppur	89	5	5	5,6%	100,0%	5,6%	0	3,5	0	3,5	
7502	Vopnafjarðahreppur	425	45	22	10,6%	48,9%	5,2%	0	2,5	0	2,5	
7505	Fljótsdalshreppur	41	22	16	53,7%	72,7%	39,0%	1	3,5	3	7,5	
7506	Fellahreppur	255	23	12	9,0%	52,2%	4,7%	0	3	0	3	
7509	Borgarfjarðahreppur	89	12	10	13,5%	83,3%	11,2%	0	3,5	0	3,5	
7512	Norður-Hérað	190	67	54	35,3%	80,6%	28,4%	0,5	3,5	1	5	
7618	Austur-Hérað	1.134	106	24	9,3%	22,6%	2,1%	0	0	0	0	
		2.684	286	145	10,7%	50,7%	5,4%	0	3	0	3	Já
Umdæmi sýslumannsins á Eskifirði												
7300	Fjarðbyggð	1.687	18	7	1,1%	38,9%	0,4%	0	1,5	0	1,5	
7605	Mjóafjarðahreppur	17	2	2	11,8%	100,0%	11,8%	0	3,5	0	3,5	
7610	Fáskrúðsfjarðahreppur	34	12	11	35,3%	91,7%	32,4%	0,5	3,5	2	6	
7619	Austurbyggð	477	6	4	1,3%	66,7%	0,8%	0	3,5	0	3,5	
7613	Breiðdalshreppur	145	24	17	16,6%	70,8%	11,7%	0	3,5	0	3,5	
7617	Djúpavogshreppur	279	32	20	11,5%	62,5%	7,2%	0	3,5	0	3,5	
		2.639	94	61	3,6%	64,9%	2,3%	0	3,5	0	3,5	Já
Umdæmi sýslumannsins á Höfn												
7708	Sveitarf. Hornafjörður	1.285	104	45	8,1%	43,3%	3,5%	0	2	0	2	
		1.285	104	45	8,1%	43,3%	3,5%	0	2	0	2	Að hluta
Umdæmi sýslumannsins í Vík												
8508	Myrdalshreppur	288	46	7	16,0%	15,2%	2,4%	0	0	0	0	
8509	Skaftárhreppur	283	98	50	34,6%	51,0%	17,7%	0,5	3	0	3,5	Já
		571	144	57	25,2%	39,6%	10,0%	0	1,5	0	1,5	Að hluta

Sveitar- félags nr.	Sveitarfélag	Heildar- fjöldi	Land- búnaður	Sauðfjár- rækt	Landb. % af heild	Sauðfjarr. % af landb.	Sauðfjarrækt % af heild	Stigun 1 hlutfall landb. af heild	Stigun 2 hlutfall sauðfjarr. af landb.	Stigun 3 hlutfall sauðfjarr. af heild	Samtals stig	Skilyrði uppfyllt
Umdæmi sýslumannsins á Hvolsvelli												
8610	Ásahreppur	79	40	4	50,6%	10,0%	5,1%	1	0	0	1	
8613	Rangárþing eystra	859	191	18	22,2%	9,4%	0,0%	0	0	0	0	
8614	Rangárþing ytra	767	191	18	24,9%	9,4%	2,3%	0	0	0	0	
		1.705	422	40	24,8%	9,5%	2,3%	0	0	0	0	Nei
Umdæmi sýslumannsins í Vestmannaeyjum												
8000	Vestmannaeyjabær	2.538	2	0	0,1%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
		2.538	2	0	0,1%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	Nei
Umdæmi sýslumannsins á Selfossi												
8200	Sveitarfélagið Árborg	3.215	40	1	1,2%	2,5%	0,0%	0	0	0	0	
8701	Gaulverjabæjarhreppur	73	38	1	52,1%	2,6%	1,4%	1	0	0	1	
8706	Hraungerðishreppur	88	32	1	36,4%	3,1%	1,1%	0,5	0	0	0,5	
8707	Villingahólshreppur	91	33	2	36,3%	6,1%	2,2%	0,5	0	0	0,5	
8720	Skeiða- og Gnúpverjahr.	266	103	7	38,7%	6,8%	2,6%	0,5	0	0	0,5	
8710	Hrunamannahreppur	369	150	9	40,7%	6,0%	2,4%	0,75	0	0	0,75	
8721	Bláskógabyggð	461	121	12	26,2%	9,9%	2,6%	0	0	0	0	
8716	Hveragerðisbær	910	59	0	6,5%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
8717	Sveitarfélagið Ölfus	920	37	5	4,0%	13,5%	0,5%	0	0	0	0	
8719	Grimsmes- og Grafingshr.	202	51	16	25,2%	31,4%	7,9%	0	1	0	1	
		6.595	664	54	10,1%	8,1%	0,8%	0	0	0	0	Nei

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 786/1998, um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum, með áorðnum breytingum.

1. gr.

18. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Krabbameinsvaldandi efni.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 98/2002, um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu á vinnustöðum, gilda um vinnu um borð í skipum eins og unnt er.

2. gr.

19. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Líffræðilegir skaðvaldar.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 764/2001, um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum, gilda um vinnu um borð í skipum eins og unnt er.

3. gr.

21. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þungaðar konur.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglugerðar nr. 931/2000, um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti, gilda um vinnu um borð í skipum eins og unnt er.

4. gr.

Á eftir 22. gr. reglugerðarinnar komi þrjár nýjar greinar og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því. Hinar nýju greinar orðast svo:

23. gr.

Afleysingastörf og önnur tímabundin störf.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglugerðar nr. 433/1997, um ráðstafanir til að bæta öryggi og hollustuhætti starfsmanna í afleysingarstarfi eða tímabundnu starfi, gilda um vinnu um borð í skipum.

24. gr.

Jarðefnanám.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 552/1996, um öryggisráðstafanir við jarðefnanám, gilda um vinnu um borð í skipum.

25. gr.

Jarðefnanám með borunum.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu gilda ákvæði reglna nr. 553/1996, um öryggisráðstafanir við jarðefnanám með borunum.

5. gr.

Níundi liður í upptalningu 27. gr. (áður 24. gr) orðist svo:

nr. 92/85/EBE frá 19. október 1992, um lögleiðingu ráðstafana til að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir starfsmenn sem eru þungaðir, hafa nýlega alið börn eða hafa börn á brjósti (tíunda sértílskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE);

6. gr.

Við 27. gr. (áður 24. gr.) bætist:

nr. 91/383/EBE, frá 25. júní 1991, til viðbótar ráðstöfunum til að bæta öryggi og hollustuhætti starfsmanna í afleysingarstarfi eða tímabundnu starfi;

nr. 92/104/EBE frá 3. desember 1992, um lágmarkskröfur um umbætur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu starfsmanna í jarðefnanámi á yfirborði jarðar eða neðanjarðar (tólfta sértílskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE);

nr. 92/91/EBE frá 3. nóvember 1992, um lágmarkskröfur um umbætur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu starfsmanna í jarðefnanámi með borunum (ellefta sértílskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE).

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 1. gr. og 4. gr. laga nr. 47/2003, um eftirlit með skipum, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 5. mars 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir búfjáreftilit í Vesturbyggð.

1. gr.

Gjald fyrir haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu sem er ein klst., er kr. 4.000.

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. skal vera kr. 4.000 á tímaeiningu.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanna sbr. 1. og 2. gr. skal greiddur af umboðsmanni hlutaðeigandi búfjár. Kostnaður á hvern ekinn kílómetra miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytis. Virðisaukaskattur reiknast á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

4. gr.

Purfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði bæjarsjóðs í hverju úrskurðarmáli.

5. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarsjóðs hvert ár.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. mars 2004.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
255	25. feb.	Reglur um breytingu á reglum nr. 1041/2003, um meistaranám í upplýsingatækni á heilbrigðissviði við Háskóla Íslands	700
256	14. jan.	Reglur um fjárhagsaðstoð hjá Félagsþjónustu Grindavíkur....	700-708
257	25. feb.	Reglur um doktorsnám við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands	709-711
258	25. feb.	Reglur um doktorsnám við félagsvísindadeild Háskóla Íslands	712-716
259	25. feb.	Reglur um meistaranám við verkfræðideild Háskóla Íslands .	716-719
260	25. feb.	Reglur um meistaranám við félagsvísindadeild Háskóla Íslands	719-722
261	9. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 595, 8. ágúst 2003, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2003/2004	722
262	8. mars	Samþykkt um kattahald í Grundarfirði	723-724
263	8. mars	Samþykkt um umgengni og þrifnað utan húss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlands	724-726
264	26. feb.	Auglýsing staðfestingar á breytingu á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ottós B. Arnars nr. 33 23. janúar 1973	726
265	11. mars	Reglur um breytingu á reglum nr. 967/2003 um úthlutun andvirðis beingreiðslna af 7500 ærgildum á árunum 2003-2004	727-730
266	5. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 786/1998, um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum, með áorðnum breytingum	730-731
267	9. mars	Gjaldskrá fyrir búfjárefntilrit í Vesturbyggð	732

